KJARTAN BRIEM
*Byrjaði í bílskúrnum*
heilsa heimili
allt



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN
*hefur ekki skorað mark í 323 mínútur fyrir íslenska landsliðið*
20 síðna Sport í miðju blaðsins




DISTICA
– markviss dreifing –
Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími 412 7500, www.distica.is

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
27. mars 2007 — 85. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Af innrás og útrás



Viðar Eggertsson, formaður Leiklistarsambands Íslands, horfir fram á veginn á Alþjóðlegum leikhúsdegi.
TÍMAMÓT 16

### Grænt eða grátt?

„Undanfarin misseri hefur mér fundist of mikið um átök í stjórnmálunum. Annaðhvort ert þú með mér í liði eða þú ert á móti mér og um leið óalandi og óferjandi," skrifar Valgerður Bjarnadóttir.
Í DAG 14

### Framleiða hryllingsmynd með Lordi



Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson í slagtogi með finnsku skrímslasveitinni.
FÓLK 30

### Síminn stoppar ekki



Kolbeinn Sigþórsson hefur vakið mikinn áhuga erlendra liða eftir að skora sex mörk fyrir 17 ára landslið í milliriðli Evrópumótsins.
ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** Í dag verður yfirleitt hæg norðlæg eða breytileg átt. Él á Norðurlandi, stöku skúrir eða él vestan til en léttir smám saman til á Suðausturlandi. Hiti 0-8 stig, mildast suðaustan til. VEÐUR 4

# Vill álver við Húsavík

**Utanríkisráðherra talaði fyrir álveri á Bakka sem knúið yrði af jarðvarmaorku í ræðu á Húsavík í gær. Hún sagði álver rúmast innan marka sjálfbærrar þróunar.**

**STÓRIÐJA** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra lýsti afdráttarlausum vilja sínum til þess að álver rísi á Bakka í ræðu sem hún flutti á málþingi á Húsavík í gær.

Valgerður sagði að raunhæfast væri að nýta orkuna á svæðinu til orkufreks iðnaðar. „Það er því vel hugsanlegt að hér í Þingeyjarsýslu muni rísa álver. Þetta álver myndi fá raforkuna frá jarðhitavirkjun og bygging slíks orkuvers myndi ekki hafa áhrif á umhverfið hér um slóðir," sagði ráðherra. „Er hér því ekki um að ræða atvinnustarfsemi sem rúmast vel innan marka sjálfbærrar þróunar? Ég er eindregið þeirrar skoðunar."

Málþingið var haldið af Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga (AÞ) og Markþingi. Tryggvi Finnsson, framkvæmdastjóri AÞ, segir mikilvægt að snúa þróuninni á svæðinu við. „Samfélagið eins og það er hér núna er ekki sjálfbært. Fólki fækkar og meðalaldur hækkar. Til að snúa því við er nærtækast að nýta þær auðlindir sem svæðið hefur upp á að bjóða."

Tryggvi segir menn bjartsýna á að álver rísi. „Það hefur ekkert komið upp á í þessu verkefni þannig að það lítur ekki illa út. Það sem maður hefur áhyggjur af er pólitísk umræða í þjóðfélaginu."

Ásbjörn Þ. Björgvinsson, fulltrúi vinstri grænna í sveitarstjórn Norðurþings, segir Vinstrihreyfinguna alfarið andsnúna hugmyndum um álver á svæðinu. „Við erum hrædd um að álver kunni að skaða aðra uppbyggingu á svæðinu, sem hefur verið töluverð."

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir menn reikna með því að næg jarðvarmaorka sé á svæðinu til að knýja þar álver. „Nú er unnið að rannsóknum á umfangi jarðhitasvæðanna í samræmi við viljayfirlýsinguna sem undirrituð var milli okkar og Alcoa. Ef allt gengur eftir verður kominn samningur í lok næsta árs." - sh



**GOÐSÖGN Í KEFLAVÍK** Sir Cliff Richards var reffilegur við komuna í gær. Við hlið hans eru Sigurður Stefánsson bílstjóri og Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari. Sir Cliff sagðist við komuna lengi hafa vitað af áhuga Íslendinga á tónlist hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORGILS

Mikilvægi málefna fyrir næstu þingkosningar samkvæmt könnun Fréttablaðsins:

# Velferðarmálin mikilvægust

**SKOÐANAKÖNNUN** Velferðarmál voru talin mikilvægust af sex málefnum sem fólk var beðið um að gefa einkunn í skoðanakönnun Fréttablaðsins. Spurt var hve mikilvæg þessi málefni teldust þegar kæmi að því að greiða atkvæði í þingkosningunum í vor. Hægt var að gefa hverju málefni einkunn á skalanum 1-5, þar sem 1 var mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.

Að meðaltali fengu velferðarmálin einkunnina 4,2, sem þýðir að málefnið telst frekar mikilvægt. Í öðru sæti voru efnahagsmál, í því þriðja voru skattamál og í fjórða sæti voru umhverfismál. Nokkuð neðar voru svo fiskveiðimál og Evrópumál.

**UM HVAÐ VERÐUR KOSIÐ?**

Spurt var hversu mikilvæga fólk teldi eftirfarandi málaflokka á skalanum 1-5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt, þegar kæmi að því hvernig það greiddi atkvæði í þingkosningum í maí.

| | |
|---|---|
| Velferðarmál | 4,20 |
| Efnahagsmál | 3,98 |
| Skattamál | 3,81 |
| Umhverfismál | 3,71 |
| Fiskveiðimál | 3,33 |
| Evrópumál | 2,67 |

*Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 24. mars 2007*

Sama röðun var á mikilvægi málefna ef hún var skoðuð eftir kyni eða búsetu.

Kjósendur Framsóknarflokks telja efnahagsmál og velferðarmál jafn mikilvæg en kjósendur Sjálfstæðisflokks telja efnahagsmál mikilvægasta málaflokkinn af þessum sex. Kjósendur Íslandshreyfingarinnar telja umhverfismál mikilvægasta málaflokkinn en kjósendur annarra flokka, sem og óákveðnir kjósendur, telja velferðarmál mikilvægust af þeim sex málefnum sem spurt var um.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri. Þar af tóku 94 prósent afstöðu til spurningarinnar. - ss / sjá síðu 6

Enska félagið West Ham:

## Verða af milljörðum við fall

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarliðið West Ham, sem er í eigu Björgólfs Guðmundssonar, stefnir hraðbyri niður í 1. deild. Það gæti þýtt mikinn tekjumissi fyrir félagið vegna þeirra gríðarlega háu upphæða sem fást fyrir sjónvarpsrétt í úrvalsdeildinni.

Joe McLean, sérfræðingur í fjármálum fótboltaliða, telur að tekjumissirinn muni að minnsta kosti verða 2,5 milljarðar á fyrsta árinu í næstefstu deild. - óhþ / sjá Sport í miðju blaðsins

Cliff Richard á Íslandi:

## Lengi vitað um áhuga landans

**TÓNLEIKAR** „Honum líst vel á landið og ekki skemmir fyrir hvað veðrið er fínt. Það er bara vonandi að það haldist," segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari sem tók á móti sjálfum Cliff Richards í Leifsstöð í gær.

Goðsögnin Cliff Richards heldur tónleika í Laugardalshöll annað kvöld. Sjálfur sagði Sir Cliff við komuna að hann hefði lengi vitað af áhuga Íslendinga á tónlist sinni og hann hlakkaði til að spila fyrir þá. -hdm

Allt á hvolfi í miðbænum:

## Engin aðstoð barst frá 211

**LÖGREGLUMÁL** Ekið var á karlmann á þrítugsaldri í miðborginni aðfaranótt laugardags. Ökumaðurinn stakk af og þurfti sá sem ekið var á, sjálfur að koma sér á slysadeild. Manninum þótti undarlegt að enginn hefði komið honum til hjálpar þótt hann hefði hringt eftir hjálp.

Skýringuna segir lögreglan ekki vera afskiptaleysi starfsmanna Neyðarlínu eða lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Maðurinn hafi einfaldlega leitað eftir aðstoð í síma 211 en ekki 112 eins og rétt hefði verið. Maðurinn var verulega ölvaður. - kdk









## SPURNING DAGSINS



*Steingrímur, er þetta aðför að kaffibandalaginu?*

„Nei, nei, menn verða bara að fá sér te ef kaffikvótinn klárast.“

Samkvæmt nýjum lögum má ekki kaupa fyrir meira en 100 þúsund krónur í kaffisölu stjórnmálaflokka. Steingrímur J. Sigfússon er formaður VG, sem er hluti af kaffibandalaginu svonefnda.

Festu bíl sinn í krapa á Gjábakkavegi og þurftu aðstoð björgunarsveitar:

# Biðu í sjálfheldu á þaki bíls

**BJÖRGUN** Tveimur mönnum var bjargað af þaki bíls sem lenti í krapa á Gjábakkavegi í gær. Björgunarsveitarmenn í björgunarsveitinni Ingunni á Laugarvatni komu mönnunum til bjargar. Mennirnir voru ekki í hættu og brugðust rétt við með því að koma sér upp á þak og hafa samband við björgunarsveit.

Tilkynning um óhappið barst upp úr hádeginu og um klukkustund síðar var sérhæfður bátaflokkur björgunarsveitarinnar Ingunnar mættur á staðinn. Mönnunum var bjargað um borð í bátinn og bíllinn var dreginn á þurrt.

Óhappið átti sér stað við Laugarvatnsvelli en í leysingum eins og nú myndast mikið stöðuvatn á völlunum. „Þetta gerist á hverju ári og getur skapað mikla hættu,“ segir Bjarni. „Vegagerðin setur upp skilti þegar ekki er mælst til þess að menn aki þessa leið. Hins vegar eru margir sem freistast til að fara þarna yfir enda styttir þetta leiðina til Reykjavíkur verulega,“ segir Bjarni. Hann bendir þó á að það geti verið varasamt eins og sannaðist í gær. Stikurnar á veginum fari í kaf og þá sé hætt við að bílar lendi utan vegarins og fari á kaf. -þo



**HÆTTULEIÐ Í VOTVIÐRI** Í febrúar 2003 fór Hummer-bíll á kaf á svipuðum slóðum og bíllinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hugsanlega ákærðir fyrir njósnir:

# Íranar yfirheyra bresku fangana

**ÍRAN, AP Írönsk stjórnvöld greindu frá því í gær að verið væri að yfirheyra bresku hermennina fimmtán sem teknir voru höndum á föstudaginn til að komast að því hvort þeir hefðu „viljandi eða óviljandi“ farið inn í íranska lögsögu. Er þetta fyrsta merki þess að írönsk stjórnvöld séu að leita að leið út úr deilunni.**

**Bresk stjórnvöld neita því staðfastlega að hermennirnir hafi verið staddir í íranskri lögsögu.**

**Íranskir embættismenn sögðu í gær hugsanlegt að hermennirnir yrðu ákærðir fyrir njósnir og að hafa verið í óleyfi inni í íranskri lögsögu.** - sdg

Uppkomin börn vistheimila:

# Vilja gæta hagsmuna barna

**FÉLAGSMÁL Eitt meginmarkmiða félags uppkominna barna, sem vistuð voru á upptökuheimilum ríkisins á miðri síðustu öld, verður að gæta að hagsmunum barna sem eru í svipaðri stöðu nú á tímum. Þetta segir Rósa Ólöf Svavarsdóttir, hjúkrunarkona og einn talsmanna undirbúningsnefndar að formlegu félagi þessa fólks.**



RÓSA ÓLÖF SVAVARSDÓTTIR

**Nefndin hittist í þriðja sinn um helgina og voru drög lögð að framtíðarstörfum félagsins.**

**„Við viljum vera rannsóknanefndinni sem forsætisráðherra skipað til að kanna atburði sem áttu sér stað á þessum heimilum hjálpleg. Auk þess sem við viljum bæta hag barna sem eru í sömu stöðu og við vorum,“ segir Rósa. Hún telur of litlu fé veitt til stofnanna sem eiga gæta að börnum og hagmunir þeirra lítið ræddir. Því vilji hópurinn breyta.** - kdk

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Meiddist lítið í bílveltu

Ökumaður slapp lítið meiddur eftir bílveltu á mótum Hafnavegar og Stapafellsvegar í gær. Maðurinn var fluttur á heilsugæslustöðina í Reykjanesbæ en reyndist lítið slasaður Bíllinn er töluvert skemmdur.

### Hraðakstur í borginni

Þrjátíu og átta ökumenn voru teknir fyrir hraðakstur á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Á Sæbraut aðfaranótt sunnudags mældist bíll 22 ára ökumanns á 155 km hraða en leyfður hámarkshraði er 60. Sömu nótt var ölvaður ökumaður stöðvaður á Reykjanesbraut í Hafnarfirði á 131 kílómetra hraða.

# Héðinsfjarðargöng losa tvo kílómetra

**Lokið hefur verið við að grafa ríflega tvo af ellefu kílómetrum Héðinsfjarðarganga. Tveir vinnuflokkar grafa rúmlega 100 metra á viku og vegagerð er hafin.**

**SAMGÖNGUMÁL** Framkvæmdir við Héðinsfjarðargöng hafa gengið vel að undanförnu og samanlögð lengd ganga er nú um 2.171 metrar sem eru um tuttugu prósent af heildarlengd. Siglufjarðarmegin er lengd ganga um 1.179 metrar og lengdust göngin þeim megin um 54 metra í síðustu viku. Ólafsfjarðarmegin eru göngin nú um 992 metrar og lengdust um 56 metra í síðustu viku. Verklok eru áætluð í árslok 2009.

Sigurður Oddsson, yfirmaður Vegagerðarinnar með nýframkvæmdum á norðaustursvæði, segir að verkið sé lítillega á eftir upphaflegri áætlun. „Til að áætlun haldist þarf að ná í gegn frá Siglufirði í Héðinsfjörð áður en snjóa festir næsta vetur. Þá er hægt að fara á móti þeim í Ólafsfirði.“ Sigurður segir að vegagerð sé hafin beggja vegna ganganna og allt efni úr göngum Siglufjarðarmegin sé sett í vegfyllingar en Ólafsfjarðarmegin, þar sem minna hefur verið unnið í vegagerð, er nær allt efni úr göngum sett á sérstaka losunarstaði.

Verksamningur um gerð Héðinsfjarðarganga milli Vegagerðarinnar sem verkkaupa og Metrostav-Háfells sem verktaka var undirritaður á Siglufirði í maí 2006. Framkvæmdir á verkstað við gröft á forskeringu við gangamunna Siglufjarðarmegin hófust síðla júnímánaðar. Síðan var unnið að forskeringum, bæði í Siglufirði og Ólafsfirði og gangagreftri Siglufjarðarmegin. Hinn 1. nóvember hófst gangagröftur frá Ólafsfirði. Enn fremur hefur verið byggð upp aðstaða fyrir starfsmenn og steypustöð reist í Ólafsfirði. svavar@frettabladid.is




### HÉÐINSFJARÐARGÖNG Í TÖLUM

- Heildarlengd Héðinsfjarðarganga verður ríflega 11 kílómetrar.
- Jarðgöngin verða tvíbreið, um 3,7 kílómetra löng milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og um 6,9 kílómetra löng milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar.
- Upphæð verksamnings er um 5,7 milljarðar króna en heildarkostnaður er áætlaður rúmir 7 milljarðar.
- Framkvæmdin mun stytta leiðina milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar úr 62 kílómetrum í um 15 kílómetra miðað við leið um Lágheiði og úr 234 kílómetrum í 15 kílómetra miðað við leið um Öxnadalsheiði.
- Við alla gangamunna verða steyptir vegskálar, samtals um 450 metrar að lengd.



- Áætlað er að verkið taki þrjú og hálft ár og framkvæmdum verði lokið í árslok 2009.
- Við verkið starfa alls um 100 starfsmenn af hálfu verktaka.
- Héðinsfjarðargöng eru stærsta verkefni sem Vegagerðin hefur boðið út.



**VATNI DÆLT BURT** Talsverðar skemmdir urðu í kjallara hússins við Sólvallagötu vegna vatnstjóns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lekinn við Sólvallagötu:

# OR bætir tjónið

**VATNSTJÓN** Tjónið sem varð þegar vatn lak inn í bílakjallara hússins við Sólvallagötu 80-84 fyrr í mánuðinum verður bætt af ábyrgðartryggingu Orkuveitu Reykjavíkur. Svo virðist sem ekki hafi verið rétt gengið frá loka í dælustöðinni í Ánanaustum og því má rekja tjónið til mannlegra mistaka. VÍS, tryggingafélag Orkuveitunnar, bætir tjónið.

Bilunin í dælustöðinni olli því að frárennsli hússins við Sólvallagötu hafði ekki undan. Vatn tók að leka upp um niðurföll og inn um glufur en kjallarinn er talsvert undir sjávarmáli.

Verið er að vinna í uppgjöri á málinu en ljóst er að tjónið nemur tugum milljóna. -þo

Misskilningur eldri borgara:

# Ráðherrann fór að lögum

**HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisráðherra fór að lögum um úthlutun Framkvæmdasjóðs aldraðra í tilraunaverkefni á ráðgjafaþjónustu til eldri borgara. Þetta kom fram á fundi Landssambands eldri borgara í gær. Sambandið hafði áður gagnrýnt heilbrigðisráðherra fyrir að úthluta tæpum sjö milljónum í tilraunaverkefni án þess að ráðfæra sig við stjórn sjóðsins eins og lög gera ráð fyrir. Sú gagnrýni var á misskilningi byggð. Úthlutunin var rædd innan stjórnarinnar.**

**Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara, segir misskilninginn aðeins snúa að þessu eina verkefni.** - kdk


BÍLL DAGSINS

NISSAN DOUBLE CAB 2.5

Nýskr. 02.04 - Beinskiptur - Ekinn 52 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Metlöng veffföng skráð hjá evrópsku veffangaskráningarstofunni EURid:

# Lengstu veffföngin 63 stafir

**BRUSSEL, AP** EURid, stofnunin sem sér um að skrá evrópsku .eu-veffföngin, hefur skráð sex veffföng sem fylla hámarkslengdina, 63 stafi. Þar á meðal eru fullt nafn velsks bæjar og fyrstu 63 tölustafirnir í óendanlegu tölunni pí.

Þýskur grallari skráði veffangið www.thisisthelongesteuropeandomainnameallovertheworldandnowitismine.eu og landi hans bæði www.aaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaa.eu og www.zzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzzz.eu.

En velska þorpið, sem hefur heimsmetið í lengsta staðarnafninu, hefur netnotendum til hægðarauka boðið upp á stytta útgáfu af nafninu: www.llanfair.wales.com. Þeir sem vilja spreyta sig í réttritun geta hins vegar slegið inn hið fulla nafn: www.llanfairpwllgwyngyllgogerychwyrndrobwllllantysiliogogogochuchaf.eu. Þessi langa útgáfa kvað víst eiga við um efri hluta hins velskumælandi þorps á eynni Anglesey í Norður-Wales.

Frá því að opnað var fyrir skráningar á .eu-veffföngum 7. apríl í fyrra hafa meira en tvær og hálf milljón veffanga verið skráð, þar af ein milljón á fyrsta degi. Eftirsóttustu veffföngin eru sex.eu, hotel.eu, travel.eu og jobs.eu.




**MILLJÓNIR .EU-VEFFANGA** Frá því að opnað var fyrir skráningu fyrir tæpu ári hafa 2,5 milljónir veffanga verið skráðar. NORDICPHOTOS/AFP

Íslenskir aðilar geta aðeins skráð .eu-veffang í gegnum millilið í ESB-landi, þar sem ekki náðist samkomulag um að EFTA-löndin í EES fengju rétt til slíkra skráninga þótt þau væru hluti af innri markaði Evrópu. - aa






# Reglulegt flug beint til Rómar

## Flogið vikulega í allt sumar

### Hotel Ergife Palace ✷✷✷✷



**Sól og borg í frábærum pakka!**

**1 vika:** 5.–13. júní
**Frá 69.577,-**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Vandað 4 stjörnu hótel í nágrenni við Vatikanið. Hótelið er nýuppgert og vel búið með góðu sundlaugasvæði, fallegum herbergjum og skemmtilegri sameiginlegri aðstöðu.

### Duke Hotel Roma ✷✷✷✷+



**Glæsihótel í hjarta Rómar**

**1 vika:** 7.–13. ágúst
**Frá 77.900,-**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Duke er sérstaklega fallegt og vandað hótel á frábærum stað. Stór herbergi og framúrskarandi þjónusta á alvöru gæðahóteli.

### Hotel Roma Park ✷✷✷✷



**Hagkvæmt og þægilegt**

**1 vika:** 24. – 30. júlí
**Frá 63.935,-**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Þægilegt og hagkvæmt hótel í jaðri miðborgarinnar með sögustaði og strönd innan seilingar.

Rómarborg hefur um aldir verið sögusvið keisara, páfa og pílagríma sem lagt hafa leið sína til borgarinnar í gegnum aldirnar. Engin borg stenst samanburð við Róm þegar kemur að söguafrægum stöðum og byggingum.

Hér er Péturskirkjan, Vatíkanið, Sixtínska kapellan, Rómartorgið eða Foro Romano, Kólósseum, Panþeon og Navónutorg. Hér skópu frægustu meistarar endurreisnarinnar og barrokktímans sín fegurstu verk sem gera borgina að risavöxnu listasafni. Róm er líka borg hinna glæsilegu gosbrunna.

Í Rómarborg er meira að skoða en í nokkurri annarri borg og aðeins er hægt að krafla í yfirborðið á fáum dögum. Helsti kostur borgarinnar er þó að stutt er á milli allra áhugaverðu staðanna en þægilegt er að ganga í Róm og alls staðar eru garðar og torg til að hvíla lúin bein.

Það er gaman að versla í Róm, hvort sem er í verslunum heimsfrægra hönnuða eins og Gucci, Fendi eða Valentino eða í freistandi sérverslunum við Spænsku tröppurnar og á hinum líflega flóamarkaði, Porta Portese.

Kvöldin í Róm eru seiðmögnuð og eftir dýrðlegan málsverð að hætti Rómverja, sem enn velja hráefnið af sömu kostgæfni og keisararnir, er lagt út í nóttina og hið ljúfa líf tekur við.



**Farðu inná www.sumarferdir.is eða hringdu í síma 575 1515.**

www.kreditkort.is | Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

SUMAR FERÐIR
– ERU BETRI EN AÐRAR!

**Innifalið:** Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500,- fyrir hvern farþega.

Sumarferðir Laugavegi 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

## GENGIÐ 26.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,37 | 66,69 |
| Sterlingspund | 130,16 | 130,8 |
| Evra | 88,05 | 88,55 |
| Dönsk króna | 11,817 | 11,887 |
| Norsk króna | 10,839 | 10,903 |
| Sænsk króna | 9,467 | 9,523 |
| Japanskt jen | 0,5615 | 0,5647 |
| SDR | 100,09 | 100,69 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

120,212

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Flækingur ættaður af enskum herragarði:

# Svartur svanur í Vopnafirði

**NÁTTÚRA** „Ég hef aldrei séð svona fugl áður,“ segir Bjarki Björgólfsson, áhugaljósmyndari á Vopnafirði. Bjarki var á ferð við tjörnina sunnan við Hofsárbrú í Vopnafirði um helgina og náði þá mynd af svartsvani, sem er sjaldgæfur hér á landi enda ættaður frá Ástralíu.

Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur segir svarta flækinginn þó líkast til ættaðan af enskum herragarði. „Ríkt fólk þar í landi hefur ógurlega gaman af því að flytja til sín sjaldgæfa fugla. Það er ekki gott fyrir lífríkið,“ segir Jóhann Óli. Hann segir að vegna þessara flutninga hafi myndast hópur villtra svartra svana í Bretlandseyjum og stundum flækist einn og einn þeirra yfir til Íslands.

Jóhann segist ekki þekkja til neinna dæma um að svartir svanir og hvítir hafi parast þótt þeir fái að slást í hóp þeirra.

Alls eru þekktar sex tegundir svana í heiminum. **- kdk**



**SVARTUR SVANUR** Heimkynni svartra svana eru í Ástralíu. Sá á myndinni er þó líklega ættaður af enskum herragarði. FRÉTTABLAÐIÐ/BJARKI BJÖRGÓLFSSON



**DRAUMSÓLEYJAR Í AFGANISTAN** Fátækir bændur landsins eiga bágt með að rækta aðra plöntu en valmúann. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Vímuefnasala í Lundúnum:

## Nítíu prósent heróínsins eru frá Afganistan

**AFGANISTAN, AP** Nítíu prósent þess heróíns sem selt er á svörtum markaði í Lundúnum eiga rætur sínar að rekja til blómstrandi valmúaframleiðslu í suðlægari héruðum Afganistans. Þetta segir Goldsmith lávarður, saksóknari þar í landi.

Goldsmith segir ópíumrækt í Afganistan eina helstu ógn við stöðugleika og framþróun þessa stríðshrjáða ríkis. Sameinuðu þjóðirnar ásökuðu nýverið innanríkisráðuneyti landsins um mútuþægni og meðfylgjandi linkind við ópíumsmyglara.

Ópíumframleiðsla Afgana jókst um 49 prósent í fyrra. Er hún um 6.700 tonn, sem nægja til að framleiða 670 tonn heróíns. **- kóþ**

### LEIÐRÉTTING

Í Persónunni á baksíðu Alls í gær var sagt að dauði Franz Ferdinands hefði átt stóran þátt í upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar. Hið rétta er auðvitað að dauðinn hafði áhrif á upphaf fyrri heimsstyrjaldarinnar.

# Deila um aðkomu SA að kosningabaráttu

**Kristín Pétursdóttir hagfræðingur og ein þeirra sem tekur þátt í starfi Sólar í Straumi, segir Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir eina atvinnugrein umfram aðrar. Öflum upplýsinga til að stuðla að upplýstri umræðu, segir Hannes G. Sigurðsson.**

**STÓRIÐJA** Kristín Pétursdóttir, hagfræðingur og fyrrverandi aðstoðarforstjóri Singer & Friedlander bankans í London, segir Samtök atvinnulífsins beita sér af of miklum mætti fyrir stækkun álvers Alcan í Straumsvík á kostnað annarra fyrirtækja. „Mér finnst það ómálefnalegt og í raun með ólíkindum að SA, sem eru samtök allra atvinnuvega á Íslandi, skuli mæla með því að ráðist verði í virkjanaframkvæmdir og frekari uppbyggingu stóriðju með tilheyrandi ruðningsáhrifum sem hafa ótvírætt slæm áhrif fyrir önnur útflutningsfyrirtæki í landinu, þar eru meðal annars hátækni- og vaxtafyrirtæki.“

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir SA fyrst og fremst beita sér fyrir því að staðreyndir verði lagðar á borðið og málið rætt út frá þeim. „Við höfum lagt mat á afleidd áhrif þess ef af stækkun álversins verður og það er okkar mat að hún leiði af sér fjölda nýrra starfa og skapi þar með mikilvæg verðmæti. Við höfum einbeitt okkur að því að afla upplýsinga og leggja þær á borðið svo hægt sé að ræða um þessi málefni með skynsömum hætti. Þetta virðist vera mikið tilfinningamál fyrir suma en ég tel að það sé skynsamlegast að reyna að stuðla að upplýstri umræðu um þessi mál og það er það sem við höfum verið að gera, bæði með faglegri upplýsingaöflun og umræðufundum.“

Hannes segir kosningar eins og þær sem fara fram í Hafnarfirði ekki vera til þess fallnar að skapa sátt. „Ég hygg að þetta sé í fyrsta skipti í sögunni sem íbúar í sveitarfélagi greiða atkvæði um stækkun fyrirtækis. Með þessum hætti er verið að koma fyrirtæki í aðstæður sem það hefur ekki lent í áður, það er að fara út í kosningabaráttu um framtíðaráform sín. Fyrirtækið getur ekkert annað gert en að taka þátt í baráttunni og ég efast um að þessi kosning verði til þess að sætta ólík sjónarmið í þessu máli, hver sem niðurstaðan verður.“

Kristín segir kosningarnar snúast um stórar spurningar og hver og einn verði að gera upp við sig hvernig hann vill svara. „Stóru spurningarnar eru þær hvort við viljum halda áfram á þeirri vegferð að niðurgreiða raforku til erlendra álframleiðanda í stað þess að efla íslensk útflutningsfyrirtæki. Það er alveg ljóst að Landsvirkjun er rekin með óviðunandi arðsemi og það þýðir, þegar öllu er á botninn hvolft, að íslenskir skattborgarar eru að niðurgreiða rafmagn til þessarar stóriðju.“



**STÆKKAÐ ÁLVER** Kosið verður um deiliskipulagstillögu Hafnarfjarðarbæjar en í henni felst meðal annars að stækkunaráform Alcan í Straumsvík nái fram að ganga. Álverið verður þá með 460 þúsund tonna framleiðslugetu í 180 þúsund tonna nú. TÖLVUMYND/ALEXANDER EFANOV

> Þetta er í fyrsta skipti í mannkynssögunni sem íbúar í sveitarfélagi greiða atkvæði um það hvort álver stækki.
>
> **HANNES G. SIGURÐSSON**
> SAMTÖKUM ATVINNULÍFSINS





**AUÐKENNISLYKILLINN** Að sögn Loga á enn eftir að dreifa um tuttugu þúsund lyklum. Það verður gert í næsta mánuði.

Auðkennislykill sendur í hús:

## Hátt í 200.000 lyklar í umferð

**FJÁRMÁL** Yfir hundrað þúsund manns hafa nú virkjað auðkennislykla sína og nota þá til að skrá sig inn í heimabanka. Lyklunum er ætlað að auka öryggi heimabankanotenda og koma í veg fyrir misnotkun. Auðkenni hf. sér um dreifingu lyklanna.

Logi Ragnarsson, framkvæmdastjóri Auðkennis, segir dreifingu lyklanna ljúka um miðjan næsta mánuð, en á annað hundrað þúsund lyklar hafa nú verið sendir á flest heimili landsins. Hann segir ekki hafa borið mikið á kvörtunum vegna lyklanna, en það sé vissulega þannig að auknu öryggi fylgi aukin óþægindi. **- sþs**

Ísraelsher stöðvar hjólreiðar:

## Hjólamótmæli kæfð í fæðingu

**RAMALLAH, AP** Ísraelsher stöðvaði hjólreiðaferð um 400 Ísraela, Palestínumanna og annarra á Vesturbakkanum rétt eftir að ferðin hófst á laugardag.

Ferðin var skipulögð af kristilegri ungliðahreyfingu sem friðsamleg mótmæli gegn veru Ísraela á Vesturbakkanum, sérstaklega eftirlitsstöðvum þeirra sem staðsettar eru víðs vegar um Vesturbakkann.

Lagt var upp frá Ramallah og lauk ferðinni við fyrstu eftirlitsstöðina nokkrum mínútum síðar. **- sh**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**RÓLEGHEIT FRAM AÐ HELGI**
Við verðum í hæglætisveðri framundir helgi en á föstudag eru horfur á vaxandi suðaustanátt með rigningu sunnan og vestan til. Strekkingur eða allhvasst verður síðla föstudags og á laugardag en á sunnudag eru horfur á fremur stífri suðvestanátt. Mars hefur því ekki alveg sagt sitt síðasta orð að því er vindinn varðar. En hann verður hægur þessa vikuna.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg breytileg átt og stöku skúrir eða él. Hiti 1-4 stig.

um hádegi »




» á morgun




Hæg, breytileg átt.

» fimmtudagur




3-8 m/s

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C heiðskírt | London | 15°C heiðskírt | Alicante | 18°C skúrir |
| Billund | 13°C hálfskýjað | París | 16°C heiðskírt | Mallorca | 14°C hálfskýjað |
| Osló | 9°C heiðskírt | Frankfurt | 16°C hálfskýjað | Eindhoven | 8°C skúrir |
| Stokkhólmur | 12°C heiðskírt | Friedrichshafen | 12°C léttskýjað | Basel | 14°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 9°C heiðskírt | Berlín | 15°C hálfskýjað | Las Palmas | 19°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# 1. FLOKKS FERMINGARGJAFIR





## CASIO EXILIM ZOOM

## DSP HRISTIVÖRN

SUPER LIFE BATTERY

**Casio EXZ60**
Örsmá Digital MYNDAVÉL með 6 milljóna punkta upplausn, BESTSHOT, 2,5" LCD skjá, 3x Opitcal Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, Anti Shake DSP hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, 8.3Mb minni og rauf fyrir SD kort. **Rafhlaða endist í 180 myndir.**

ÖRÞUNN STAFRÆN VÉL

TILBOÐ **19.995**

FULLT VERÐ **29.995**



## PHILIPS

**Philips MC145**
8w MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara, segulbandi og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, 2-way hátölurum, heyrnartólstengi og fjarstýringu.

Spilar CD-R/RW

TILBOÐ **9.995**

FULLT VERÐ **11.995**



## PHILIPS

DVD VIDEO · DIVX VIDEO

**Philips MCD295**
2x30w HLJÓMTÆKJASAMSTÆÐA með fjölkerfa DVD SPILARA, Dolby Digital, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvaminnum, kassettutæki, SVHS og CVBS tengi, Aux inn- og útgangur, Digital Coaxal og Subwoofer útgangur og fjarstýringu.

**Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX – CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG**

MEÐ DVD SPILARA

TILBOÐ **23.995**

FULLT VERÐ **27.995**



## PHILIPS

DVD VIDEO

**Philips PET706**
Glæsilegur fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD breiðtjaldsskjá, hristivörn, Dolby Digital, AV inn/út og 2 heyrnartólstengjum,Digital Coaxal útgangi, hleðslurafhlöðu, spenni fyrir 110-240V - 50/60Hz, tengi í bíl og fjarstýringu.

DVD FERÐASPILARI

**Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD – CD, CD-R/RW, MP3, JPEG**

VERÐ **24.995**

FRÁBÆRT VERÐ



## PHILIPS

DIVX VIDEO

**Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra – Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG**

**Philips HTS3115**
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD SPILARA, 500w (4x75w og 2x100w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i, 2 framhátölurum á gólf, miðja, 2 litlir bakhátalarar og Bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum, SCART (með RGB) og HDMI tengi, Aux inn og fjarstýringu.

TILBOÐ **34.995**

FULLT VERÐ **39.995**




SJÓNVARP OG TÖLVUSKJÁR

**Enox LTV7315HD**
15" LCD SJÓNVARP með 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 500:1 skerpu, 12V og 220V, 12w Nicam Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fJarstýringu.

12V og 220V

VERÐ **34.995**

FRÁBÆRT VERÐ



## PHILIPS

**Philips HP4642**
Vandað SLÉTTUJÁRN með keramik húð og Professional styling temperature. Hitnar á 30 sek. 6 hitastillingar.

TILBOÐ **4.995**

FULLT VERÐ **5.995**

## PHILIPS

**Philips HQ6710**
**PHILISHAVE** Cool Skin Basic **RAKVÉL** með NIVEA geli fyrir mýkri rakstur, Cool skin hnífum, bartskera og 45 mín. hleðslu. Vatnsheld - má nota í sturtu.

COOL SKIN

TILBOÐ **9.995**

FULLT VERÐ **14.995**



## Heimilistæki

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT · www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

**KJÖRKASSINN**



*Eiga grunnskólanemar að fá að halda tölvuleikjamót í skólum?*

| | |
|---|---|
| Já | 58% |
| Nei | 42% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefði átt að setja meiri takmörk á auglýsingar stjórnmálaflokka?*

Segðu skoðun þína á visir.is.

Gríðarstór hellir í Leitarhrauni:

# Vill að Búri fái frið sem lengst

**REYKJANES** Árni Tryggvason ljósmyndari er einn fárra sem hafa ferðast um iður hellisins Búra og myndað dýrðina. Hellirinn, sem er í Leitarhrauni á Reykjanesi, er vel falinn og fannst fyrir nokkrum árum.

Hellarannsóknafélag Íslands hefur farið í nokkra leiðangra í hellinn sem er gríðarstór og er enn ókannaður að miklu leyti. Árni segir fáa vita um eiginlega staðsetningu hans og finnst það best þannig. „Ég vona að Búri fái að vera í friði svo hann haldi fegurð sinni og verði ekki fyrir skemmdum af manna völdum.“

- rh



**HELLIRINN BÚRI** Stórir hlutar hellisins eru enn ókannaðir. MYND/ÁRNI TRYGGVASON

Fékk ýmis bréf í stað Spiegel:

# Málið í skoðun hjá Íslandspósti

**SAMGÖNGUR „Ég get í raun ekki annað sagt en að málið sé í skoðun hjá okkur,“ segir Anna Katrín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðssviðs Íslandspósts, um mál Þrastar Ólafssonar sem fékk umslag fullt af handahófskenndum pósti í stað þýska tímaritsins Spiegel á dögunum.**

**Þröstur taldi sig vera að opna umslag með eintaki af Spiegel á föstudaginn, en fann í staðinn bunka af bréfum sem póstlögð eru á Íslandi. Hann sagði að svo virtist sem einhver hefði opnað umslagið, fjarlægt blaðið og tínt póst í umslagið af handahófi.**

- sþs


Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

BOÐEIND TÖLVUVERSLUN - ÞJÓNUSTA

Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

Frábær fermingartilboð á www.bodeind.is



Með öllum fartölvum frá Boðeind fylgir frí fartölvutaska og laser mús

A6VM-A
Skjár: 15,4” WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Intel Pentium Mobile Single core 1.73GHz
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / stækkanleg í 2GB
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Innbyggð vefmyndavél 1.3MegaPixla & hljóðnemi
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Norton Systemworks vírusvörn / Eldveggur
Staðgreiðsluverð kr. 94.900,-
Verð áður kr. 112.243,-



Norton Systemworks vírusvörn fylgir frítt með öllum fartölvum frá Boðeind

Asus A6JA
Skjár: 15,4” WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Intel Pentium M Dual Core T2400
Skjákort: Radeon X1600 256MB DDR
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / stækkanleg í 2GB
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Norton Systemworks vírusvörn / Eldveggur
Staðgreiðsluverð kr. 136.900,-
Verð áður kr. 149.900,-



Innbyggð vefmyndavél 1.3 MegaPixla & hljóðnemi er í öllum fartölvum frá Boðeind

Asus A6T
Skjár: 15.4” Glare type háskerpuskjár
Örgjöri: AMD TurionX2 Dual Core TL52 64 bita
Skjákort: Geforce 7600 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / stækkanleg í 2GB
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Microsoft XP Professional
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Norton Systemworks vírusvörn / Eldveggur
Staðgreiðsluverð kr. 139.900,-
Verð áður kr. 149.900,-



Asus Vintage vel hönnuð og hljóðlát tölva
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-
Verð áður kr. 84.900,-



Asus Pundit ótrúlega nett og hljóðlát tölva
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-
Verð áður kr. 84.900,-

Boðeind í 20 ár
Þar sem verð og gæði fara saman

Boðeind býður upp á viðurkennda Asus verkstæðisþjónustu


# Tveir stjórnarkostir langvinsælastir

**Jafn margir segjast nú vilja að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur haldi áfram í ríkisstjórn og að Samfylking og vinstri grænir myndi ríkisstjórn. Rúm þrjátíu prósent nefna hvorn valmöguleika. Aðrir kostir eru mun óvinsælli.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Alls 30,2 prósent segjast vilja að núverandi stjórnarflokkar verði áfram við stjórnvölinn eftir kosningar og eru það aðeins fleiri nú sem vilja áframhaldandi samstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks en í janúar, þegar Fréttablaðið spurði sömu spurningar.

Jafnmargir, eða 30,2 prósent, segjast vilja að Samfylking og Vinstri grænt myndi ríkisstjórn eftir kosningar. Mun fleiri nefna nú þennan valmöguleika en í könnun Fréttablaðsins í janúar, þegar 9,3 prósent sögðust vilja að þessir tveir flokkar mynduðu ríkisstjórn eftir kosningar.

Vinsældir stjórnarandstöðunnar sem ríkisstjórnarvalkostur hafa dalað verulega. Í ágúst á síðasta ári sögðust 14,8 prósent vilja að stjórnarandstaðan öll myndaði næstu ríkisstjórn. Í janúar nefndu 22,6 prósent þann valmöguleika. Nú eru það einungis 5,9 prósent sem vilja þriggja flokka stjórn frjálslyndra, Samfylkingar og vinstri grænna. Vegna þess hve þeim hefur fjölgað sem vilja tveggja flokka stjórn Samfylkingar og vinstri grænna er mjög líklegt að þeim hafi fækkað mjög sem vilja að Frjálslyndi flokkurinn komi að ríkisstjórn.

Samstarf Sjálfstæðisflokks við Samfylkingu eða Vinstri grænt hafa sumir talið álitlegan valkost, þannig sögðust 12,3 prósent í ágúst vilja að Sjálfstæðisflokkur myndaði stjórn með Samfylkingu. Einungis 7,6 prósent eru á þeirri skoðun nú. Þá sögðust 9,0 prósent vilja stjórn Sjálfstæðisflokks og vinstri grænna. Nú eru 12,4 prósent á þeirri skoðun.




Ef litið er til óska landsmanna, eftir því hvaða flokk þeir kjósa, segjast 89,2 prósent framsóknarmanna vilja áframhaldandi samstarf við Sjálfstæðisflokkinn, sem eru nokkuð fleiri framsóknarmenn en í janúar, þegar 68,0 prósent þeirra vildu slíkt samstarf. 62,1 prósent sjálfstæðismanna er því sammála, en það voru 53,4 prósent þeirra í janúar.

60,0 prósent frjálslyndra vilja þriggja flokka stjórn frjálslyndra, Samfylkingar og vinstri grænna, svipað hlutfall og mældist í janúar. Alls 88,9 prósent stuðningfólks Íslandshreyfingarinnar vilja aðra ríkisstjórn með aðild hreyfingarinnar, ýmist stjórn til hægri eða vinstri.

73,0 prósent kjósenda Samfylkingar vilja tveggja flokka stjórn með vinstri grænum, en það voru 20,2 prósent þeirra sem sögðust vilja slíka stjórn í janúar. Þá vildu flestir kjósendur Samfylkingar þriggja flokka stjórn stjórnarandstöðunnar eftir kosningar.

70,4 prósent kjósenda vinstri grænna vilja tveggja flokka stjórn með Samfylkingu, en 25,4 prósent þeirra sögðust vilja slíka stjórn í janúar. Þá vildu 38,0 prósent kjósenda vinstri grænna þriggja flokka stjórn stjórnarandstöðunnar. Af þeim sem eru óákveðnir segjast flestir, eða 26,0 prósent, vilja áframhaldandi stjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 24. mars og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var; Hvaða stjórnmálaflokkar vilt þú að myndi ríkisstjórn eftir kosningarnar í vor? 61,3 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

Egyptar kusu um stjórnarskrárbreytingar sem stjórnarandstæðingar segja fals:

# Fordæma þjóðaratkvæðagreiðslu

**EGYPTALAND, AP** Þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram í Egyptalandi í gær um stjórnarskrárbreytingar sem stjórnarandstæðingar hafa fordæmt sem fals og afturför lýðræðisþróunar.

Ríkisstjórn Hosnis Mubarak, forseta Egyptalands, hampar breytingunum sem hluta herferðar fyrir lýðræðislegum umbótum. En stjórnarandstæðingar segja breytingunum aðeins ætlað að festa í sessi stjórn flokks Mubaraks. Benda þeir á ákvæði sem þeir segja munu veikja eftirlit með kosningum og búa í haginn fyrir kosningasvindl. Eitt ákvæðið leyfir tímabundna sviptingu á borgaralegum réttindum. Hægt sé að handtaka fólk án rökstuðnings og leita á heimilum án dómsúrskurðar við rannsóknir á hryðjuverkum.

Margir kjörstaðir stóðu auðir í gær. Er það bæði rakið til þess að stjórnarandstöðuflokkar hvöttu almenning til að sniðganga kosningarnar og þess að aðeins er vika síðan þingið samþykkti breytingarnar. Voru margir óvissir um hvað verið væri að kjósa um.

Kvöldið fyrir atkvæðagreiðsluna hvatti Mubarak landsmenn til þess að kjósa þar sem breytingarnar myndu hvetja til starfsemi stjórnmálaflokka og vernda landið gegn hryðjuverkaógn.

Egypsk mannréttindasamtök sögðust hafa skráð hundruð dæmi um kosningasvindl á kjörstöðum í gær. Anas el-Fiqqi, upplýsingamálaráðherra Egypta, sagði „fullkomið gegnsæi“ hafa einkennt atkvæðagreiðsluna.

- sdg

## UMDEILDUSTU ÁKVÆÐIN

**5. grein:** Bannar myndun stjórnmálaflokks með trúarleg viðmið eða trúarlegan grundvöll.

**62. grein:** Leyfir blandað kerfi við þingkosningar sem byggir á listum og einmenningskjördæmum.

■ Gagnrýnendur segja þessum greinum sérstaklega beint að Múslímska bræðralaginu, sem er stærsta stjórnmálaaflið en stjórnvöld viðurkenna ekki sem flokk.

**88. grein:** „Sjálfstæð og hlutlaus“ kjörnefnd hafi yfirumsjón með kosningum frekar en dómarar.

■ Gagnrýnendur óttast að þetta leiði til aukins kosningasvindls.

**179. grein:** Leyfir tímabundna sviptingu borgaralegra réttinda; húsleitir og hleranir án heimildar við rannsóknir á hryðjuverkum. Leyfir einnig að réttað sé yfir grunuðum hryðjuverkamönnum frammi fyrir herdómstólum.

■ Gagnrýnendur óttast að þessu valdi verði misbeitt.

# 30-70% afsláttur

# Rýmingarsala!

Í dag og næstu daga seljum við eldhústæki úr sýningareldhúsum með verulegum afslætti

Ofnar – Gufuofnar – Glerhellu- og spanhelluborð með snertirofum – Háfar – Þurrkarar – Kaffivélar – Tauþurrkarar

SEVERIN Brandt Blomberg De Dietrich Saeco



OFNAR OG HELLUBORÐ

30-60% afsláttur!

**MIKIÐ ÚRVAL!**
Þetta er einstakt tækifæri til að eignast gæðatæki á ótrúlegu verði.



MARGAR GERÐIR

KÆLISKÁPAR

30-60% afsláttur!



40-70% afsláttur!

HÁFAR - GUFUGLEYPIR



ELDAVÉLAR

30-50% afsláttur!



30-40% afsláttur!

UPPÞVOTTAVÉLAR



25-35% afsláttur!

ÖRBYLGJUOFNAR

Landsins mesta úrval af sjálfvirkum kaffivélum. Þú lagar alla uppáhalds-kaffidrykkina þína svo sem espresso, cafélatte og cappuccino nákvæmlega eins og þú vilt hafa þá.



KAFFIVÉLAR

25-45% afsláttur!

**Takamarkað magn**
- hafið því hraðar hendur

**fyrstir koma – fyrstir fá!**

OPIÐ 09-18

www.ef.is

VIÐ DYRNAR

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is



Frumkvæði, færni, forysta


Árelía

Runólfur

Jón Viðar

Halldór

Elísabet

Kynningarfundur um MBA-nám í Háskóla Íslands
**miðvikudaginn 28. mars kl. 16.30-18.00** í Námunni, húsi Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7, 107 Reykjavík.

Í vor eru 5 ár liðin frá fyrstu útskrift MBA-námsins í Háskóla Íslands. MBA-námið í Háskóla Íslands hefur sannað sig sem árangursríkur og hagkvæmur kostur fyrir alla þá sem vilja efla sig, öðlast ný tækifæri á vinnumarkaði og búa sig undir krefjandi stjórnunarstörf. Áhugasamir um MBA-nám eru hvattir til að mæta og kynna sér málið.

Næsti hópur mun hefja nám haustið 2007. **Umsóknarfrestur er til 2. maí 2007.**

Eftirtalin kynna MBA-námið og segja frá reynslu sinni:

**Árelía Eydís Guðmundsdóttir**, formaður stjórnar MBA-námsins
**Runólfur Smári Steinþórsson**, forstöðumaður MBA-námsins
**Jón Viðar Matthíasson**, MBA, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
**Halldór Jörgensson**, MBA, Exista
**Elísabet Sveinsdóttir**, MBA-nemi, forstöðumaður viðskiptaþróunar á sölu- og markaðssviði Icelandair

Allir velkomnir
Kaffiveitingar

www.mba.is

H2 hönnun

V
Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóla Íslands


Eldsvoði á nektarstað í Moskvu olli slysum og manntjóni:

# Tíu fórust eftir að atriði fór úr böndum

**RÚSSLAND, AP** Tíu manns fórust í eldsvoða á nektarstað í Moskvu í Rússlandi aðfaranótt laugardags.

Að sögn lögreglu í Moskvu var það barþjónn staðarins sem kom eldinum af stað. Hann kveikti í eldfimum vökva sem var hluti af einu sýningaratriðinu en missti síðan stjórn á eldinum með fyrrgreindum afleiðingum. Fjórir voru fluttir slasaðir á sjúkrahús en alls voru um 150 manns á staðnum þegar eldurinn braust út. **-rh**


**BANVÆNN LEIKUR** Eitt fórnarlambanna flutt af vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**SKJALDBORG HERMANNA** Sambandssinnar veifa fána Bretlands og Norður-Írlands þegar þeir ganga í fylgd hermanna sem reyna að verja þá gegn grjótkasti frá þjóðernissinnum í Belfast árið 2003. NORDICPHOTOS/AFP

# Söguleg sátt á N-Írlandi

## Samkomulag náðist milli leiðtoga stærstu fylkinga mótmælenda og kaþólikka um myndun heimastjórnar 8. maí. Fyrsta sinn sem leiðtogarnir funda.

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Leiðtogar stærstu stjórnmálaflokka mótmælenda og kaþólikka á Norður-Írlandi náðu í gær samkomulagi á sögulegum fundi um að mynda heimastjórn 8. maí næstkomandi.

Ian Paisley, leiðtogi Lýðræðissinnaða sambandsflokksins, og Gerry Adams, leiðtogi Sinn Fein, tilkynntu um samkomulagið á blaðamannafundi í gær í þinghúsinu sem staðsett er í Stormont-kastala í höfuðborginni Belfast.

Fundurinn var sögulegur vegna þess að leiðtogarnir hafa aldrei fundað áður augliti til auglitis. Paisley hefur hingað til neitað að ræða beint við Adams vegna tengsla Sinn Fein við hryðjuverkasamtökin Írska lýðveldisherinn (IRA) sem hafa lagt niður vopn.

„Við megum ekki leyfa réttlátri óbeit okkar á hryllingi og hörmungum fortíðarinnar verða hindrun í vegi þess að skapa börnum okkar betri og stöðugri framtíð," sagði Paisley á fundinum. Adams sagði mótmælendur og kaþólikka hafa átt í átökum í norðausturhluta Írlands öldum saman en að þetta samkomulag „tákni upphaf nýs tímabils í stjórnmálum á þessari eyju".

Lýðræðissinnaði sambandsflokkurinn, flokkur mótmælenda, hlaut meirihluta atkvæða í kosningunum 7. mars og Sinn Fein, flokkur kaþólikka, var með næstflest atkvæði. Í kjölfar kosninganna gáfu bresk stjórnvöld flokkunum frest til gærdagsins til að mynda heimastjórn ella yrði þingið leyst upp. Eftir að tilkynnt var um samkomulagið í gær lýstu bresk stjórnvöld yfir að þau myndu leggja fram frumvarp til flýtiafgreiðslu um að þing Norður-Írlands, sem á að skipa tólf manna stjórn, geti starfað fram til 8. maí. Þingið kom í fyrsta skipti saman eftir kosningar í gær.

Forsætisráðherrar Bretlands og Írlands, Tony Blair og Bertie Ahern, fögnuðu samkomulaginu. „Allt sem við höfum unnið að undanfarin tíu ár hefur verið undirbúningur fyrir þessa stund," sagði Blair. Ahern sagði að hann og Blair myndu gæta þess að lokaskrefin yrðu stigin í friðarferlinu. **sdg@frettabladid.is**

### DEILAN Á NORÐUR-ÍRLANDI

Átök mótmælenda og kaþólskra á Norður-Írlandi hafa kostað þúsundir manna lífið í gegnum tíðina. Mótmælendur hafa verið nefndir sambandssinnar því þeir vilja viðhalda sambandinu við bresku krúnuna. Meðal kaþólskra hefur krafan um að sameinast Írlandi verið mest áberandi.

Í upphafi 20. aldarinnar braust Írland undan aldalöngum yfirráðum Bretlands að undanskildu svæði í norðurhluta eyjunnar þar sem Norður-Írland var síðar stofnað árið 1920. Mótmælendur, sem voru í meirihluta, fóru með völd og héldu kaþólskum íbúum niðri svo að þeim tækist ekki að sameina Írland í eina heild.

Á sjöunda áratugnum risu kaþólskir upp og það sem byrjaði sem friðsamleg mannréttindahreyfing leiddi til mannskæðra átaka á milli mótmælenda og kaþólskra næstu áratugina. Eftir „Blóðuga sunnudaginn" árið 1972 settu bresk stjórnvöld stjórnina á Norður-Írlandi af og hófu að stjórna beint frá Bretlandi.

Í upphafi tíunda áratugarins hófust friðarviðræður og árið 1998 var svonefnt páskasamkomulag gert sem miðar að sameiginlegri aðkomu mótmælenda og kaþólskra að framkvæmdavaldinu byggt á flokksstyrk og að löggjafarþing verði kjörið.

Síðasta heimastjórn leystist upp árið 2002 vegna deilna milli mótmælenda og Sinn Fein yfir framtíð IRA sem síðan lagði niður vopn og afneitaði ofbeldi árið 2005.




Fíton/SÍA

Orlofshús VR

Mánudagsmorguninn 2. apríl kl. 8:30 hefjast bókanir á orlofshúsum og tjaldvögnum VR fyrir sumarið 2007. Miklar breytingar hafa verið gerðar á leigufyrirkomulagi orlofshúsa, nú þarf ekki að fylla út umsóknareyðublöð og engin bið er eftir úthlutun. Hver og einn getur bókað og gengið frá greiðslu fyrir orlofshús á **www.vr.is**, í síma **510 1700** eða á skrifstofu okkar og gildir þá reglan fyrstur bókar, fyrstur fær. Nánar á **www.vr.is.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR



X-TRA mikið
fyrir X-TRA lítið
X-tra
BLANDAÐ GRÆNMETI
187 kr/pk
1 kg
BROKKOLÍ
243 kr/pk
1 kg
BROCCOLI
BROKKOLI
PARSAKAALIA
FRANSKAR
187 kr/pk
1 kg
EPLASAFI
111 kr/stk.
1,5 lítri
APPELSÍNUSAFI
111 kr/stk.
1,5 lítri
SNAKK
168 kr/pk
400 g
SALT
HVÍTLAUKSBRAUÐ
121 kr/pk
PASTASKRÚFUR
37 kr/pk
500 g
FUSILLI PASTA
500 g
SPAGHETTI
55 kr/pk
1 kg
SPAGHETTI
SPAGETTI
1 kg
PASTASÓSA
121 kr/ds
700 g
AUGLÝSINGASTOFA VÍKURFRÉTTA
Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi • Höfn í Hornafirði
netto



**Í HÁLOFTUNUM** Sérþjálfaðir hermenn í pakistanska hernum hanga niður úr þyrlu fyrir ofan skrúðgöngu í höfuðborg Pakistan, Íslamabad. Pakistanar héldu upp á Dag Pakistans 23. mars NORDICPHOTOS/AFP

Barnaníðingur dæmdur:

## Girntist þriggja ára gamalt barn

**KALIFORNÍA, AP** **Geðlæknir frá Sádi-Arabíu var á föstudag dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir að ferðast til Bandaríkjanna með það að markmiði að hafa mök við barn. Í gegnum internetið komst Nabil Al Rowais í samband við mann sem ætlaði að veita honum aðgang að þriggja ára dóttur sinni. Maðurinn var útsendari lögreglu og Rowais var handtekinn þegar hann kom á áfangastað.**

**Rowais samdi um níu ára fangelsisvist. Dómari stytti vistina, þar sem hann taldi Rowais stafa hætta af öðrum föngum vegna eðlis glæpsins, þjóðernis síns og lélegra líkamsburða.** - sun

# Afrennsli af jöklum allt að tvöfaldast næstu áratugina

**Vegna hlýnunar er því spáð að afrennsli jökla muni allt að tvöfaldast næstu fjörutíu til sextíu árin. Langjökull hverfur á innan við 150 árum og eftir 200 ár verða allir helstu jöklar landsins horfnir.**

**ORKUMÁL** Gróðurhúsaáhrifin verða til þess að afrennsli af jöklunum á Íslandi mun allt að því tvöfaldast á næstu fjörutíu til sextíu árum miðað við meðalástand áranna 1981-2000. Þetta kom fram í erindi sem Óli Grétar Sveinsson, deildarstjóri hjá Landsvirkjun, flutti nýlega um áhrif hlýnunar á nýtingu fallvatna.

Í erindinu kom einnig fram að jöklarnir hverfa á næstu 200 árum. Langjökull verður horfinn eftir innan við 150 ár og eftir 200 ár verða jöklar einungis á hæstu tindum Hofsjökuls og Vatnajökuls. Meðalhlýnun jarðar yrði mikil næstu öldina og hitastig færi hækkandi og úrkoma myndi vaxa hér á landi. „Hitaaukningin verður mest á haustin og fram að áramótum og svo síðla vetrar. Meðalaukning í hita er talin verða um 2,5 gráður á öld og meðalaukning í úrkomu um fimm prósent á öld,“ segir Óli Grétar.



**ÓLAFUR GRÉTAR SVEINSSON**

Þó að aukning í úrkomu skili sér beint sem aukning í afrennsli þá er sú aukning minni en í jökulbráðnuninni af völdum hækkandi hitastigs. Aukin bráðnun jökla mun valda tímabundnu vaxandi rennsli í jökulám. Afrennslið mun svo minnka aftur þegar jöklarnir rýrna. En þó svo jöklarnir bráðni þá mun úrkoma falla áfram á þau svæði sem þeir áður þöktu.

„Eftir 200 ár verður afrennslið af þessum svæðum svipað og áður en jöklarnir byrjuðu að minnka um 1990. Ef tekið er tillit til aukinnar úrkomu mun afrennslið aukast eitthvað. Þetta þýðir að miðlarnir munu nýtast vel og það verður jafnara rennsli í lónin yfir árið. Jafnari dreifing á rennsli yfir árið mun valda betri nýtingu á vatninu til raforkuframleiðslu þar sem minna vatn fer til spillis,“ segir Óli Grétar.

Hann bendir á að geymsla í grunnvatni nemi því að 100 metra vatnslagi væri dreift jafnt yfir landið en þetta vatnsmagn sé erfitt að nýta því það liggi svo djúpt. Vatnsforði í jöklunum samsvari 30 ára meðalúrkomu og gæti myndað 30-40 metra vatnslag yfir öllu landinu. Þetta vatn sé hægt að nýta. „Þetta er forði sem mun hverfa,“ segir Óli Grétar og líkir vatninu við bankabók sem stöðugt fari út af.

„Mikilvægt er að byrja að huga að því strax hvað breytingar á rennsli þýða varðandi flóðahættu fyrir stíflur, brýr og önnur mannvirki og hvernig hægt sé að nýta þessa þekkingu við hönnun á mannvirkjum og breytingar á gömlum mannvirkjum,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is



**HVERFA Á NÆSTU 200 ÁRUM** Jöklarnir hverfa á næstu 200 árum. Afrennslið mun fyrst aukast og svo mun það minnka. Úrkoma heldur áfram að falla á hálendið og verður afrennsli ánna þá jafnara því afrennsli jökulánna er mest á sumrin og haustin. Þessi mynd er tekin við Jökulsá á Dal.


HUGVÍSINDADEILD



HUGVÍSINDI – HEILLANDI HEIMUR

Kynning á framhaldsnámi

Miðvikudaginn 28. mars kynnir Hugvísindadeild fjölbreytt framhaldsnám frá klukkan 16:00 til 18:00 í Hátíðasal í Aðalbyggingu.

Hvaða nám er í boði?
MA-nám, M.Paed.-nám og doktorsnám:

Almenn bókmenntafræði
Danska
Enska
Fornleifafræði
Franska
Hagnýt menningarmiðlun
Hagnýt ritstjórn og útgáfa
Heilbrigðis- og lífsiðfræði
Heimspeki
Íslensk fræði
Íslensk málfræði
Íslenskar bókmenntir
Medieval Icelandic Studies
Sagnfræði
Spænska
Starfstengd siðfræði
Tungutækni
Umhverfis- og náttúrusiðfræði
Viðskiptasiðfræði
Þýðingafræði
Þýska

Umsóknarfrestur er til 16. apríl.

Sjá nánar á www.hug.hi.is

Hugvísindadeild Háskóla Íslands
Nýja-Garði, 101 Reykjavík
Sími 525 4400, hug@hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is



Ódýr sumardekk




9.900 kr. 10.900 kr. 10.900 kr.

Undir fólksbíla og jeppa

Söluaðilar:



HjólVest
Ægisíðu 102,
107 Reykjavík
552 3470

Gúmmívinnustofan
Réttarhálsi 2,
110 Reykjavík
587 5588

Hjólbarðahöllin
Fellsmúla 24,
108 Reykjavík
530 5700



Hjólbarðaviðgerðin
Dalbraut 14,
300 Akranesi
431 1777

Dekkið
Reykjavíkurvegi 56,
221 Hafnarfjörður
555 1538

Bæjardekk
Langatanga 1a,
270 Mosfellsbær
566 8188

Sendum um land allt

Hræðist einveru í gröfinni:

# Leitar að kvenkyns grafarvini

**KÍNA** Einhleypur kínverskur karlmaður auglýsir eftir kvenmanni á netinu sem vill deila með honum gröf eftir dauðann.

„Ég var að spjalla við vini mína á bar og við fórum að ræða um lífið og dauðann. Þeim fannst sorglegt að vera alltaf einsamall, jafnvel eftir dauðann. Um kvöldið fór ég að velta þessu alvarlega fyrir mér og datt í hug að auglýsa eftir grafarvini,“ segir hinn 45 ára gamli Li.

Í auglýsingunni segist Li vera einhleypur en félagslyndur, og hann sé ekki að leita að ástarsambandi. - sh

Kvenfélagasamband Íslands:

# Landsátak um bætta heilsu

**HEILSA** Á formannaráðsfundi Kvenfélagasambands Íslands sem haldinn var um helgina boðaði sambandið til landsátaks um aukna hreyfingu og bætt mataræði. Kvenfélögin í landinu, sem og landsmenn allir, eru hvött til samstarfs um bætta heilsu.

Talið er að 57 prósent karla og 40 prósent kvenna á aldrinum 15-80 ára séu yfir kjörþyngd og að stór hópur Íslendinga stundi ekki nægjanlega hreyfingu.

Í tilkynningu frá Kvenfélagasambandi Íslands segir að þróunin sé ógnvænleg og þegar þurfi að hefjast handa til að snúa henni við. Heimilin í landinu, leikskólar, grunnskólar, heilsugæsla, íþróttahreyfingarnar, heilbrigðisstofnanir, atvinnulífið og ýmis frjáls félagasambönd verði að taka höndum saman. -þo

Ráðning hjá Framsókn:

# Óskar Bergsson kosningastjóri

**STJÓRNMÁL** Óskar Bergsson varaborgarfulltrúi hefur verið ráðinn kosningastjóri Framsóknarflokksins í Reykjavík. Auk þess að vera varaborgarfulltrúi hefur hann sinnt starfi formanns framkvæmdaráðs Reykjavíkur frá árinu 2006.


ÓSKAR BERGSSON

Óskar er menntaður húsasmíðameistari og rekstrarfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Hann var formaður bygginganefndar Reykjavíkur 1998-2000 og varaformaður skipulags- og bygginganefndar 2000-2002. Hann var einnig formaður Félags ungra framsóknarmanna frá 1992-1995. - sþs







LAGADEILD



# EIGNARRÁÐ LANDEIGANDA YFIR VATNI Á LANDI HANS

Málstofa miðvikudaginn 28. mars
kl. 12.15 í Lögbergi stofu 101



Aagot Vigdís Óskarsdóttir, sérfræðingur hjá Lagastofnun Háskóla Íslands



Fundarstjóri:
Stefán Már Stefánsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands

Allir velkomnir

Nánari upplýsingar á
www.lagadeild.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 36844 03/07



MEISTARANÁM Í BYGGINGARVERKFRÆÐI OG BYGGINGARTÆKNIFRÆÐI



FABRIKAN 2007

KYNNINGARFUNDUR
miðvikudaginn 28. mars kl. 17:00 í Háskólanum í Reykjavík, Kringlunni 1.

Boðið er upp á fjögur sérsvið:

- Framkvæmdastjórnun
- Umferð og skipulag
- Mannvirkjahönnun
- Concrete Technology
  (Steinsteypufækni, kennt á ensku)

Nánari upplýsingar eru á www.hr.is og hjá Ingunni Sæmundsdóttur, ingunn@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKA 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


Hertz-bílaleigan hefur tekið í notkun bílaleigubíl fyrir hjólastólanotendur:

# Bót fyrir fatlaða ferðamenn

**SAMGÖNGUR** Fyrsti bílaleigubíllinn á Íslandi sem getur tekið hjólastól var afhentur í gær. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra afhenti lyklana að bílnum en fyrsti leigutakinn var danskur MND-sjúklingur, Evald Krog að nafni. Bíllinn er frá Hertz-bílaleigunni.

Það var Guðjón Sigurðsson, formaður MND félagsins, sem hvatti Hertz til þess að útbúa bílaleigubíl sem þennan.

„Það hefur verið vandamál fyrir okkur að geta ekki tekið bílaleigubíl eins og annað fólk og ég veit að ferðamenn hafa lent í vandræðum. Þessi bíll gerir það að verkum að sá sem er í hjólastól getur verið sinn eigin herra og ferðast um landið eins og aðrir,“ segir Guðjón.

Bíllinn er af gerðinni Toyota HiAce. Aftasti bekkurinn var tekinn úr, festingar útbúnar fyrir hjólastól og sett upp þriggja punkta bílbelti fyrir farþegann. **-þo**



**FYRSTI BÍLLINN** Samgönguráðherra afhendir lyklana að fyrsta bílaleigubíl Hertz sem getur tekið við hjólastól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**TÆPITUNGULAUST** Sigurður Tómas Magnússon fjallaði tæpitungulaust um ákæruefnin í Baugsmálinu í málflutningi í gær og krafðist þess að allir þrír ákærðu yrðu dæmdir til refsingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stóðu ekki undir kröfum

**Afskráning Baugs úr Kauphöllinni var ekki vegna rannsóknar lögreglu segir sækjandi í Baugsmálinu. Hann segir framburð forstjóra Baugs ótrúverðugan og segir lánveitingar Baugs dæmi um spillingu.**

**BAUGSMÁL** Baugur var ekki afskráður úr Kauphöll Íslands vegna rannsóknar lögreglu á meintum brotum stjórnenda félagsins, heldur vegna þess að stjórnendur þess treystu sér ekki til að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til skráðs félags, og gátu í raun aldrei staðið undir slíkum kröfum.

Þetta var meðal þess sem Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, hélt fram í fyrri hluta málflutningsræðu sinnar, sem hann flutti í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Með þessu svaraði hann Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs Group og einum sakborninga í málinu, sem sagði að það hefði verið ómögulegt að halda Baugi sem skráðu félagi á markaði á meðan lögreglurannsókn á meintum brotum var í gangi.

Sigurður Tómas sagði að auki að framburður Jóns Ásgeirs fyrir dómi gæti ekki talist trúverðugur. Hann hefði í mörgum tilvikum ekki svarað spurningum, snúið út úr, svarað með spurningum og vísað í aðila sem höfðu ekkert með málið að gera. Þá hefði hann ekki getað skýrt skjöl sem væru frá honum komin, svo sem samning um einkahlutafélagið Fjárfar. Það félag kallaði Sigurður Tómas ítrekað leynifélag og sagði Jón Ásgeir í raun hafa stjórnað Fjárfari gegnum leppa.

BAUGSMÁLIÐ

Lánveitingar Baugs til tengdra aðila vegna hlutafjárkaupa í félaginu í hlutafjárútboði voru með öllu ólöglegar, sagði Sigurður Tómas. Tilgangurinn með slíku útboði hljóti að vera að fá nýtt fjármagn í félagið, og það takist ekki ef nýir hluthafar þurfi ekki að greiða hlutafé heldur fái lán hjá félaginu.

„Þetta er, með öðrum orðum, spilling á hæsta stigi,“ sagði Sigurður Tómas, ómyrkur í máli. Jón Ásgeir hefði tekið sér það bessaleyfi að ákveða að fyrirtækið myndi lána honum, föður hans, systur, Fjárfari og Eignarhaldsfélaginu Gaumi fyrir hlutum í hlutafjárútboðinu. Það væri engin tilviljun að þessir fimm aðilar hefðu verið þeir einu sem komust upp með að greiða ekki hlutafé í útboðinu. Þetta mætti í raun kalla sjálfsafgreiðslu Jóns Ásgeirs, sem hefði setið beggja vegna borðsins. **brjann@frettabladid.is**

## ORÐRÉTT



*„Þetta er, með öðrum orðum, spilling á hæsta stigi.“*
Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, sagði lán frá Baugi til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, föður hans, systur og tveggja fyrirtækja í hans umsjá til að fjármagna hlutafjárkaup grafalvarlegt mál, enda tilgangur fyrirtækja með hlutafjáraukningu að auka haldbært fé, sem takist ekki ef lánað sé fyrir kaupunum.



*„Það er klukka dómarans sem gildir.“*
Arngrímur Ísberg dómsformaður lét málflytjendur ekki komast upp með neitt múður varðandi kaffihléin, og benti mönnum á að koma á réttum tíma í réttarsalinn eftir hlé.



*„Ég ætla ekki að þrátta við dómarann um það.“*
Jakobi R. Möller, verjanda Tryggva Jónssonar, þótti klukka dómarans ganga helst til hratt, en sætti sig við að dómarinn ætti lokaorðið í þessum rökræðum.



*„Það eru tölvunördar, sem kallaðir eru, og hakkarar, fólk sem býr til dreifipóst úti í löndum, það er þetta fólk sem getur þetta.“*
Sigurður Tómas sagði síður en svo auðvelt að falsa tölvupóst, og þótt það þyrfti ef til vill ekki sérmenntun mætti halda því fram að til dæmis lögfræðingar um fimmtugt ættu í mesta basli með slíkt.

## BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Málflutningur heldur áfram í héraðsdómi í dag, en samkvæmt dagskrá á Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, að ljúka málflutningi sínum í lok dags eftir tvo daga við ræðupúltið.

Reikningur Baugs í Lúxemborg notaður til að leyna kauprétti segir saksóknari:

# Hefði litið illa út fyrir Bónus

**BAUGSMÁL** Notkun á vörslureikningi Baugs hjá Kaupþingi Lúxemborg var leið stjórnenda Baugs til að fela kaupréttarákvæði æðstu stjórnenda félagsins, sagði Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, í munnlegum málflutningi í gær.

Aðeins æðstu stjórnendurnir, forstjóri, aðstoðarforstjóri og stjórnarformaður, vissu af kaupréttinum, auk stofnenda félagsins, sagði Sigurður Tómas. Stjórn Baugs hefði verið ókunnugt um kaupréttinn, og sama hefði átt við um hluthafa og yfirvöld.

Hann sagði þennan hátt verið hafðan á til að fela þá staðreynd að slíkir samningar hefðu verið í gangi, og uppfylltir að hluta árið 1999. Það hefði litið hræðilega út fyrir Baug, og sér í lagi lágvöruverðsverslunina Bónus, ef landsmenn hefðu frétt af því að stjórnendur félagsins hefðu innleyst háa kaupréttarsamninga og hagnast um rúmar 75 milljónir króna á þeim.

Með vörslureikningnum í Lúxemborg hefði því verið leynt að Baugur ætti í raun þau fjögur prósent bréfa í Baugi, sem notuð voru til að uppfylla kaupréttinn. Reikningurinn hefði einnig verið notaður til að leyna fjármálagjörningum sem ekki hefði þolað dagsins ljós, enda hefði fjármálastjóri Baugs ekki vitað af reikningum. **- bj**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.426 **+1,17%** **Fjöldi viðskipta:** 376 **Velta:** 11.594 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Atorka | +3,15% | Landsbankinn | -1,88% |
| | | FL Group | -1,66% |
| | | Str.-Burðarás | -1,49% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,51 +0,00% ... Actavis 72,30 -0,55% ... Alfesca 4,84 -0,62% ... Atlantic Petroleum 625,00 +0,00% ... Atorka 6,87 +3,15% ... Bakkavör 65,60 -0,91% ... Eimskipafélagið 34,00 -0,29% ... FL Group 29,60 -1,66% ... Glitnir 26,70 -0,74% ... Kaupþing 1.024 -1,35% ... Landsbankinn 31,40 -1,88% ... Marel 75,00 -0,66% ... Mosaic Fashions 15,70 -0,63% ... Straumur-Burðarás 19,90 -1,49% ... Össur 125,50 -0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Aldrei meira fjármagn sent úr landi

Innflytjendur frá Mið- og Suður-Ameríku sem starfa í Bandaríkjunum hafa sent 62 milljarða bandaríkjadala, jafnvirði 4.170 milljarða íslenskra króna, af launum sínum til ættingja sinna í heimalandinu, samkvæmt upplýsingum frá Ameríska þróunarbankanum. Reiknað er með því að upphæðin muni nema 100 milljörðum dala, jafnvirði ríflega 6.700 milljörðum króna, árið 2011.

Í flestum tilvikum senda innflytjendur tiltölulega lágar upphæðir til fjölskyldna sinna. Fjárhæðin nemur allt frá 100 til 150 dala, jafnvirði rúmlega 6.700 til 10 þúsund króna.

Heildarupphæðin sem farið hefur úr landi með þessum hætti hefur hins vegar aldrei verið hærri. Hún er langtum meiri en erlendar fjárfestingar í löndum Mið- og Suður-Ameríku og er nú svo komið að tekjur margra landa af peningum sem berast inn í landið með þessum hætti eru einn af megin tekjustofnum ríkisins við hlið tekna af ferðamennsku og olíusölu.



**Í APPELSÍNURÆKT** Innflytjendur í Bandaríkjunum frá Mið- og Suður-Ameríku hafa aldrei sent jafn háar fjárhæðir af launum sínum til ættingja í föðurlandinu.

Þróunarbankinn segir peningasendingar sem þessar nýtast afar vel og forða á bilinu átta til tíu milljónum manna frá því að falla í gildru fátæktar.

Stærstu hluti fjármagnsins, 23 milljarðar bandaríkjadala, jafnvirði 1.547 milljarða íslenskra króna, eru sendir til Mexíkó. **- jab**





Útilegu maðurinn®
Ný ævintýraleg verslun með allt til ferðalagsins




Polar
Breiðustu og best einangruðu húsin á markaðnum.
Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.
Polar 520: 3.099.000 kr.
Polar 560: 3.399.000 kr.
Polar 590: 3.799.000 kr.
Polar 620: 3.999.000 kr.
Polar 680: 4,499,000 kr.
Polar 730: 4.599.000 kr.

Staðalbúnaður:
* Alde hitakerfi í gólfi og rúðum
* 110 watta sólarrafhlaða
* 17" LCD sjónvarp + loftnet
* DVD / CD spilari og útvarp
* Örbylgjuofn
* Stór ísskápur með frysti
* Bakkskynjari
* Skyggðir gluggar
* Stór opnanleg sóllúga
* 4 hátalarar
* Vifta á baði
* Handklæðaþurrkari á baði
* Eldhúsvifta




Rockwood
Sterkbyggðu fellihýsin sem reynst hafa frábærlega á Íslandi.

Staðalbúnaður:
* Rafmagns lyftibúnaður
* Geislaspilari, útvarp, hátalarar inni og úti
* Útisturta
* Upphitaðar lúxusdýnur
* 3 hraða rafmagnsvifta á loftlúgu
* Öndunardúkur á svefnrými
* Dometic ísskápur rafm./gas
* Álfelgur
* Swing eldhús

Rocwood 1910: 1.399.000 kr. 10 fet m/geymsluhólfi
Rocwood 1904: 1.499.000 kr. 10 fet m/geymsluhólfi
Rockwood 1980: 1.299,000 kr. 10 fet m/tvískiptum borðkrók
Rockwood 2317G: 1.699.000 kr. 12 fet + geymsluhólf og útdraganleg hlið
Rockwood 190XR: 1.599.000 kr. (Torfæruútgáfa) 10 fet + geymsluhólf
Rockwood 191 XR: 1.499.000 kr. (Torfæruútgáfa) 10 fet + farangurspallur

ENNEMM / SÍA / NM26822




PDQ fortjöldin pakkast í poka í rennu utan á vagninum. Fljótlegt að tjalda

Fortjöld
Fyrir fellihýsi
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 2,5m.: 59.900 kr.
PDQ 2,9m.: 79.900 kr.
Fyrir hjólhýsi
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 3,5m.: 69.900 kr.
Corsican: Verð frá 109.900 kr.

Fylgihlutir
Stútfull búð af frábærum fylgihlutum fyrir ferðalagið.



Útilegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útifatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið.
Fosshóls 5-7 | Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is
Útilegu maðurinn®

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Upphlaupskennd umræða um breytingu á hegningarlögum sem varðar vændi.

## Vændi er ólöglegt

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Talsvert fjaðrafok hefur verið vegna þeirrar breytingar sem gerð var á hegningarlögunum á dögunum og snýr að vændi. Orðræðan um þessa lagabreytingu hefur einkennst nokkuð af alhæfingum og frjálslegum túlkunum. Til dæmis hafa margir fullyrt að vændi sé nú löglegt á Íslandi.

Ekki þarf annað en að lesa þá lagagrein sem málið varðar til að sjá að þetta er rangt. Hún hljóðar svo:

Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn yngra en 18 ára til vændis.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann stundi vændi sér til viðurværis.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af vændi annarra, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

Hver sem í opinberri auglýsingu býður fram, miðlar eða óskar eftir kynmökum við annan mann gegn greiðslu skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Breytingin sem veldur orðræðunni felst í að ekki er lengur unnt að sækja til saka þá sem vændið stunda.

*„Goðsagan um frjálsu vændiskonuna sem hefur valið hlutskipti sitt vegna góðra tekjumöguleika er bull.“*

Þessi breyting er væntanlega tilkomin vegna áhrifa frá sænsku leiðinni svokölluðu en þar í landi hefur sökin verið flutt frá vændisseljanda til vændiskaupanda. Sænska leiðin er nokkuð umdeild og íslenskir þingmenn treystu sér ekki til að fara hana. Sú sem þetta ritar hefði vissulega kosið að sænska leiðin hefði verið farin en fyrst svo fór ekki er lagabreytingin eins og hún liggur fyrir tvímælalaust réttarbót.

Fólk sem stundar vændi er fórnarlömb aðstæðna. Fjöldamargar rannsóknir hafa sýnt fram á að þær, því yfirleitt er um konur að ræða, sem stunda vændi gera það af algerri neyð. Þetta eru oftast fíkniefnaneytendur, hafa iðulega sætt kynferðislegri misnotkun og verið fórnarlömb annars konar ofbeldis. Það versta er svo að þó að vændinu sé hætt þá gengur konunum yfirleitt afar illa að aðlagast venjulegu lífi, vinnu og fjölskyldulífi.

Goðsagan um frjálsu vændiskonuna sem hefur valið hlutskipti sitt vegna góðra tekjumöguleika er bull. Hlutskipti vændiskonunnar (eða -karlsins) er ömurlegt og niðurlægjandi.

Þess vegna er ekki annað hægt en að fagna því að íslensk lög kveða nú á um að þessi fórnarlömb verða ekki sótt til saka vegna vændisins. Það hlýtur að teljast skref í rétta átt. Öll viðskipti sem tengjast vændi eru eftir sem áður ólögleg eins og vera ber.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Verið velkomin í upplýsingamiðstöðina**

Verið velkomin í upplýsingamiðstöð álversins í Firði og kynnið ykkur rök fyrir stækkun álversins í Straumsvík og hvernig hún gerir gott álver ennþá betra.

Upplýsingamiðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 14:00 – 18:00 og laugardaga frá kl. 11:00 – 16:00.

straumsvik.is

ALCAN BETRA ÁLVER

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Neðanjarðarvændi

Sumir hafa haldið því fram að stjórnmálamenn séu að reyna að stuðla að líflegri vændismarkaði hér á landi, með nýlega samþykktum lögum sem heimila milliliðalaus vændisviðskipti. Slíkar ásakanir komu meðal annars fram hjá Andreu Ólafsdóttur í Silfri Egils á Stöð 2 á sunnudag. Í þeirri umræðu var einnig rökrætt um hvort kaup á vændi ættu að vera refsiverð eða ekki og hélt Erla Ósk Ásgeirsdóttir, formaður Heimdallar, því fram að reynsla Svía væri sú að vændið færðist frekar neðanjarðar með þess háttar fyrirkomulagi. Ekki var því gefinn nægilega mikill gaumur hvenær vændi telst vera neðanjarðar og hvenær ekki. Er það hugsanlega svo að lögleg viðskipti geti aldrei talist vera vera „neðanjarðar“ í þem skilningi sem átt er við?



### Gefið ykkur fram

Á þessum stað fyrir viku var á það bent að þingmenn hafi litið svo á að þeir gætu talist „óheppilegir“ starfsmenn á öðrum vígstöðvum, og því ættu þeir rétt á betri lífeyrisréttindum en aðrar starfsstéttir. Þetta kemur fram í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum árið 2003. Sá þingmaður, sem virkilega hefur fundið fyrir því að hafa verið talinn óheppilegur starfskraftur á almennum vinnumarkaði eftir að hafa unnið háakademíska og þverfaglega vinnu á Alþingi, er vinsamlegast beðinn um að gefa sig fram með því að senda tölvupóst á neðangreint netfang. Rökræða um hvort hin meintu óþægindi séu nægilegt tilefni til þess að færa þingmönnum betri lífeyrisréttindi en öðrum starfsstéttum, bíða betri tíma.

### Enginn boðað breytingar

Forsvarsmenn allra flokka, nema Sjálfstæðisflokksins, hafa opinberlega tjáð sig um nauðsyn þess að breyta lögum um eftirlaun þingmanna og ráðherra, meðal annarra, með það fyrir augum að færa þau nær, í það minnsta, eftirlaunaréttindum annarra starfsstétta. Enginn hefur þó náð að koma sér út úr frasakenndum svörum stjórnmálamanna og opinberað tillögur að breytingu á lögunum þrátt fyrir að fá mál, ef þá einhver, hafi misboðið almenningi í landinu með jafn augljósum hætti. magnush@frettabladid.is

# Það styttist í kosningar



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

**Í DAG** | Kosningar

*Skringilegt þykir mér að þau sem berjast fyrir náttúrvernd, málefni sem hægt er að setja á merkimiðann „mjúkt mál“, skuli nota svo harkalegar aðferðir í baráttu sinni fyrir góðum málstað.*

Þingið lauk störfum fyrir tíu dögum síðan. Eitt hundrað og fjórtán frumvörp urðu að lögum á þessu þingi. Síðustu klukkutímana var mikið argaþras en um leið lét þingheimur hendur standa fram úr ermum og samþykkti á fimmta tug frumvarpa. Þingmenn eru skorpufólk, ekki verður það frá þeim tekið. Forseti þingsins sagði í þingslitaræðu og um leið sinni síðustu á löggjafarsamkundunni að þingið bráðvantaði húsnæði til veisluhalda á Þingvöllum.

Kosningabaráttan er hafin. Íslandshreyfingin hefur hafið kosningabaráttu þótt enginn framboðslisti hafi komið fram og að sögn hóf Frjálslyndi flokkurinn sína kosningabaráttu klukkan átta í gærmorgun. Formaður Sjálfstæðisflokksins, sá fílar starf forsætisráðherra í botn, segir verstu útkomu kosninganna verða þá að Samfylkingin og Vinstri græn myndi saman ríkisstjórn, sú skoðun hans kom væntanlega fáum á óvart. Landbúnaðarráðherrann telur það vond tíðindi ef Framsóknarflokkurinn nær sér ekki á strik, það kemur svo sem engum á óvart heldur.

Ýmislegt bendir til að kjósendur sjái ekki mikinn mun á Samfylkingunni og Vinstri grænum. Það veldur mér nokkrum heilabrotum vegna þess að í mínum augum er munurinn kristalklár. Samfylkingin er flokkur lýðræðissinnaðra jafnaðarmanna, sumum finnst kannski skýrara að segja frjálslyndra jafnaðarmanna. Vinstri græn eru forsjárhyggjufólk, ef þeim þóknast ekki eitthvað þá vilja þau banna það í stað þess að leyfa fólki einfaldlega að velja. Ekki miklu frjálslyndi fyrir að fara í slíkum þankagangi.

Samfylkingin vill að Íslendingar taki fullan þátt í Evrópusamstarfinu með því að þjóðin gerist aðili að Evrópusambandinu, en Vinstri græn boða ásamt Sjálfstæðisflokknum íhaldssama og frekar þvergirðingslega þjóðernisstefnu. Í því felst reginmunur. Landbúnaðarstefna vinstri grænna er miklu líkari landbúnaðarstefnu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar en stefnu Samfylkingarinnar í þeim málaflokki og svona mætti lengi telja.

Hætta er á að skoðanakannanir setji mikinn svip á kosningabaráttuna, jafnvel svo að talsmenn flokkanna eyði meiri tíma í að fjalla um þær en ræða málefni. Samt virðist það svo að fólk taki mark á því í skoðanakönnunum sem því helst sýnist eða þóknast og ekki öðru. Í vikunni sem leið birtist til að mynda könnun um hvaða mál kjósendur teldu að kosið yrði um. Flestir töldu að kosið yrði um samgöngumál.

Þessir „flestir“ voru reyndar ekki neinn meirihluti heldur einungis fimmtungur þjóðarinnar. Stjórnmálamenn margir hverjir, Ómar og Framtíðarlandið halda því hins vegar fram að kosið verði um umhverfismál. Sá málaflokkur skiptir vissulega miklu máli, sérstaklega í ljósi þess að aðgerðir á því sviði verða vart aftur teknar. En þannig háttar svo sem með margt, ekki verður auðvelt að vinda ofan af afleiðingum þess að fiskurinn í sjónum var afhentur þeim sem þá áttu skip.

Ljóst er að risaframkvæmdin fyrir austan er af þeirri stærðargráðu að hún gengur fram af mörgum. Ljóst er líka að flestir sváfu yfir sig á náttúruverndarvaktinni. Þess vegna er nú ástæða til að hugsa sitt ráð. Ég skráði mig sem stofnanda Framtíðarlandsins, sá félagsskapur hefur staðið sig vel í að vekja fólk til vitundar um að við þurfum að huga að framtíðinni. Byggi ég í Hafnarfirði mundi ég kjósa á móti stækkun álversins. Ég trúi því að hægt sé að byggja upp í landinu fjölbreytta atvinnulíf en hér er nú um stundir. Ég tel að eyða eigi talsverðum peningum til að finna út hvers konar atvinnulíf það ætti að vera. Ég viðurkenni fúslega að hér og nú hef ég ekki svarið.

Ég ætla hins vegar ekki að skrifa undir sáttmálann svokallaða. Mér líkar ekki aðferðafræðin. Hvað á að gera næst? Hver er munurinn á því að vera grá eða græn? Eru grá vond og græn góð? Undanfarin misseri hefur mér fundist of mikið um átök í stjórnmálunum. Annaðhvort ert þú með mér í liði, eða þú ert á móti mér og um leið óalandi og óferjandi. Skringilegt þykir mér að þau sem berjast fyrir náttúruvernd, málefni sem hægt er að setja á merkimiðann „mjúkt mál“, skuli nota svo harkalegar aðferðir í baráttu sinni fyrir góðum málstað. Aðferðir sem mér finnst tilheyra fortíðinni en ekki framtíðinni. Berum stolt merki þess sem við viljum berjast fyrir en reynum ekki að brennimerkja þá sem eru á öðru máli.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

# Framtíðarlandið á réttri leið

**UMRÆÐAN**

Umhverfismál



JÓNÍNA BJARTMARZ

Ýmsir hafa komið að máli við mig síðustu daga vegna staðfestingar minnar á sáttmála Framtíðarlandsins um framtíð Íslands. Af þessu tilefni legg ég áherslu á að sátt næst aldrei með því að stilla mönnum upp við vegg, með eða á móti.

Sáttmáli Framtíðarlandsins í þremur málsgreinum geymir jákvæða og framsækna sýn á framtíðina. Hann leggur áherslu á kröftugt, fjölbreytt og lifandi samfélag fólks sem sækir fram á flestum sviðum í anda sjálfbærrar þróunar með náttúruvernd og góða umgengni við landið að leiðarljósi og vill axla ábyrgð á losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta er jafnframt mín framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag og þess vegna get ég undirritað sáttmálann. Ég geri hins vegar athugasemdir við nokkrar af forsendum sáttmálans. Í fyrsta lagi er áhugi og áform orkufyrirtækja um að tryggja sér virkjanakosti og einstakra sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga á að reisa stóriðju ekki annað og meira en áhugi og áform þessara. Ekki ¿áætlanir¿ ríkisvaldsins þó ¿staðbundið¿ leggist á árina þingmenn og sveitarstjórnarmenn allra flokka. Í öðru lagi eru ýmsir þeir virkjanakostir sem áform eru sögð um að virkja, vatnsafl og jarðhiti, verndaðir eða í undirbúningi að friðlýsa. Það hallar réttu máli að nefna þá til sögunnar. Í þriðja lagi eru margir af þeim virkjanakostum sem falla undir A og B flokk rammaáætlunar og vísað er til í forsendum sáttmálans nú þegar komnir í framkvæmd eða framkvæmdir við þá að hefjast. Á að stöðva þær?

Ég legg áherslu á að náttúruvernd er ein tegund landnýtingar sem getur skilað þjóðinni arði og tek heilshugar undir með Framtíðarlandinu um þörfina á langtímastefnumörkun og lögfestum áætlunum um verndun og nýtingu náttúruauðlinda og gildi þess að fara ekki of geyst. Orkan hleypur ekki frá okkur heldur verður sífellt verðmætari og fyrirsjáanlegt er að ný tækifæri eigi eftir að skapast til nýtingar hennar.

Framtíðarlandið fer nýjar og ekki óumdeildar leiðir við að koma boðskap sínum á framfæri. Það breytir því ekki að sáttmálinn sjálfur er framsýnn og hann er ekki síst hvatning til fólks til að taka málefnalega afstöðu til náttúruverndar- og auðlindanýtingarmála, hver í sínum ranni

*Höfundur er umhverfisráðherra.*

# Um afskipti hæstaréttardómara af dómsmálum

**UMRÆÐAN**
Dómsmál

Mér var sýndur sá heiður að vera helgaður fyrsti kafli í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 24. marz sl. Tilefnið var yfirlýsing Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttardómara þess efnis að Ingibjörg Pálmadóttir hefði ekki farið með rétt mál í vitnaleiðslu fyrir héraðsdómi þegar hún sagði, að Jón Steinar hefði tekið að sér mál Jóns Geralds Sullenberger „vegna þrýstings frá öðrum“. Í framhaldi af þessu hafði fréttamaður Ríkisútvarpsins samband við mig og spurði mig meðal annars hvort fordæmi væri fyrir slíku. Ég sagðist telja að slík yfirlýsing væri einsdæmi, a.m.k. ræki mig ekki minni til að dómari við Hæstarétt hefði áður skipt sér af máli sem rekið væri fyrir öðrum dómstól. Og Styrmir Gunnarsson ritstjóri, sem væntanlega er höfundur bréfsins, spyr hvað ég eigi við með þessum orðum. Jón Steinar „sendir frá sér einfalda og hófsama leiðréttingu á orðum, þar sem hann telur ekki rétt eftir sér haft“. Með orðinu „leiðrétting“ tekur höfundurinn undir mál Jóns Steinars og felst þá í orðum hans að Ingibjörg Pálmadóttir hafi sagt ósatt fyrir rétti. Eru það ekki afskipti af dómsmáli að birta yfirlýsingu í fjölmiðlum þar sem borin er ósannsögli á vitni sem gefur skýrslu fyrir dómi að viðlagðri refsiábyrgð? Það eru þessi afskipti af dómsmáli sem eru umtalsefnið. Hvernig veit Styrmir að Jón Steinar skýri rétt frá?


SIGURÐUR LÍNDAL

Ljóst er að Jón Steinar telur, að sér hafi verið nauðsynlegt að koma „leiðréttingu“ á framfæri. Hefði þá ekki verið eðlilegra að hann hefði í stað þess að gera vitni í dómsmáli tortryggilegt með yfirlýsingu í fjölmiðlum, ritað dómsforseta bréf þess efnis og sent saksóknara og verjendum afrit? Í framhaldi af því hefði verið tilefni að kalla hann fyrir dóm til skýrslugjafar. Þá hefði hann komið sem vitni og skýrt mál sitt og skýrsla hans fengið annan blæ en fjölmiðlayfirlýsing hans. Málinu hefði verið haldið innan vébanda dómstóla en ekki flutt á vettvang fjölmiðla.

Mér þótti vænt um að fá siðferðisvottorð í Reykjavíkurbréfinu þar sem nauðsynlegt þótti að gefa í skyn að ég væri hvorki leigupenni né mútuþegi. Tilefni þeirrar athugasemdar var fjárstyrkur sem Baugur hafði veitt Hinu íslenzka bókmenntafélagi. Nú var efni Baugsmálsins ekki til umræðu í svari mínu til fréttamanns Ríkisútvarpsins, enda hef ég ekki kynnt mér það þannig að ég sé viðræðuhæfur, hvorki um frávísun né efnisdóm, sekt né sakleysi. Ég var einungis að ræða um óvenjulega háttsemi hæstaréttardómara sem ég taldi vera einsdæmi og kemur framangreindri styrkveitingu ekkert við.

En úr því að Bókmenntafélagið hefur verið nefnt til sögunnar tel ég rétt að taka fram, að á síðasta ári átti félagið 190 ára afmæli og var af því tilefni leitað til nokkurra fyrirtækja um stuðning. Meðal annars var Baugi og Landsbankanum sent nokkurn veginn samhljóða erindi. Báðir brugðust vel við, en þó hvor með sínum hætti og frá þessu hefur verið skýrt í fjölmiðlum. Nú væri fróðlegt að vita hvernig höfundur Reykjavíkurbréfsins leggur út af fjárstyrk Landsbankans til útgáfu Lærdómsrita Bókmenntafélagsins – hvort hann kynni að hafa haft áhrif á orð mín. Hæg ættu að vera heimatökin um upplýsingar þar sem helztu eigendur Landsbankans eiga drjúgan hlut í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins.

*Höfundur er prófessor í lögum.*

# Strindberg og stéttaskiptingin

**UMRÆÐAN**
Ójöfnuður


INGÓLFUR MARGEIRSSON

Horfði um daginn á hið sígilda leikverk August Strindbergs, Fröken Julie. Leikritið, sem er ritað fyrir u.þ.b. einni öld, segir frá dóttur óðalsbónda sem er bæði dekruð og félagslega vernduð. Í kringum sig hefur hún gnægð þjónustufólks. Hún skemmtir sér stundum með því og þykist vera jafningi þeirra en veit sem er yfirskyn, því hún er af yfirstétt og yfir þjónustuliðið hafin. Þjónarnir vita þetta einnig, en í þrælsótta sínum taka þeir þátt í leiknum en tala illa um hana sín á milli og álíta hana léttgeggjaða, sérstaklega þegar þeir uppgötva, að Júlía er ósmeyk við að leggjast í rúmið með þjónunum, ef henni líst vel á þá.

Yfirþjónninn Jean, sem er af einskonar stétt milli verkafólksins og yfirstéttarinnar, er unnusti eldhússtúlkunnar Kristínu og þau hafa skipulagt giftingu. En fröken Júlía rústar allar þær áætlanir. Á Jónsmessunótt þegar Svíar sletta úr klaufunum, forfærir Júlía Jean og beygir hann undir sig með brögðum hinnar stéttsterku konu. Jean ákveður að komast upp í stétt Júlíu með nýrri framtíð svo þau megi vera jöfn í augum fólks. Kristínu, sem er af almúgaætt, verði hins vegar að fórna. En allt mistekst þetta þegar raunveruleikinn dagar eftir ævintýri næturinnar. Stéttamunurinn leggur líf og drauma allra í rúst. Engu verður breytt.

Hvernig er stéttaskipting á Íslandi í dag? Eru samfélagslegar hindranir og forréttindaleiðir til staðar? Já, afar lítið hefur breyst frá dögum fröken Júlíu og Jean. Peningar á Íslandi skapa stéttarmun og ójafnan leik samfélagsþegna. Stéttirnar blandast ógjarnan. Þennan ójöfnuð hefur núverandi ríkisstjórn skapað og herðir ólarnar enn: Einkaskólar, einkasjúkrahús. Ný tækifæri fyrir fáa í viðskiptageiranum. Lítill hópur nýtur breytinganna og hagvaxtarins. Þegar alþýðumenn eins og t.d. Baugsfeðgarnir rísa á fætur, hefjast réttarhöld yfir þeim. Þegar yfirstéttarstrákar stela olíupeningum frá alþýðunni eru þeir látnir komast upp með það í nafni óskýrra laga! Viljum við þetta leikrit áfram? Eigum við að horfa á Fröken Júlíu til æviloka?

*Höfundur er rithöfundur og sagnfræðingur.*





*Elskulegur sonur minn, bróðir, mágur og frændi,*

**Halldór Gunnar Hringsson**

Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði,

andaðist á Landspítala Fossvogi laugardaginn 24. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sigrún Halldórsdóttir**
**Gunnjóna Sigrún Hringsdóttir** **Jónas Sigurðsson**
**Guðbjörg Hringsdóttir** **Páll Guðmundsson**
**Hjörleifur Hringsson** **Elín Baldursdóttir**
**Sigrún Edda Hringsdóttir** **Hafsteinn Jónsson**
**Hinrik Hringsson** **Ingibjörg Þráinsdóttir**
**frændsystkin.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og vinur,*

**Jón Sigurðsson**

frá Núpskötlu, Krummahólum 4, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut að kvöldi 23. mars sl. Útförin fer fram frá Snartarstaðakirkju laugardaginn 31. mars kl 14.00.

**Ármann Freyr Jónsson** **Ragnheiður Jónsdóttir**
**Guðmundur Antonsson**
**Þorsteinn Már Guðmundsson** **Breki Guðmundsson**
**Haraldur Sigurðsson**
**Vigdís Valgerður Sigurðardóttir**
**Kristbjörg Sigurðardóttir**
**Hrafnhildur Einarsdóttir**



*Þökkum hlýhug ykkar og samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður og afa,*

**Pálma Guðmundssonar**

Blikahólum 2, Reykjavík.

Innilegar þakkir til þeirra sem vöktu yfir honum síðustu stundir ævidaga hans, og til heimahjúkrunar Karítas.

**Lilja Þorleifsdóttir**
**Fríða Pálmadóttir** **Guðfinna Ingimarsdóttir**
**Hrund Pálmadóttir** **Halldór Már Sæmundsson**
**Hörður Hinriksson** **Inga Þórhalla Njálsdóttir**
**Valgerður Anna Sigurðardóttir** **Guðni Hjartarson**
**og afabörn.**



*Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Óskars Hinriks Ásgeirssonar**

Byggðavegi 114, Akureyri.

**Lilý Erla Adamsdóttir**
**Adam Ásgeir Óskarsson** **Hugrún Helgadóttir**
**Elías Örn Óskarsson** **Agnes Eyfjörð**
**Sigurður Viðar Óskarsson** **Ulrica Sillus**
**Hörður Óskarsson** **Erna Rós Ingvarsdóttir**
**Bryndís Óskarsdóttir** **Ólafur Aðalgeirsson**
**afa- og langafabörn.**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**


Sverrir Einarsson


Hermann Jónasson


Geir Harðarson


Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**KVIKMYNDALEIKSTJÓRINN QUENTIN TARANTINO ER 44 ÁRA Í DAG.**

*„Ofbeldi er með því skemmtilegasta sem maður horfir á.“*

**MYNDIR TARANTINO ERU ÞEKKTAR FYRIR AÐ VERA EKKI VIÐ HÆFI BARNA.**



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27. MARS 1998

## *FDA samþykkir Viagra*



Á þessum degi árið 1998 samþykkti Bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitið, FDA, stinningarlyfið Viagra. Lyfið, sem í raun heitir Sildenafil, var búið til af lyfjafræðingum Pfizer og í upphafi ætlað að vinna á of háum blóðþrýstingi og brjóstverk. Fyrstu prófanir leiddu hins vegar í ljós að Sildenafil hefði hverfandi áhrif á brjóstverk, en að inntaka þess yrði hins vegar til að karlmönnum risi hold. Pfizer söðlaði því snögglega um og ákvað að markaðssetja lyfið sem lausn á stinningarvanda. Einkaleyfið fékkst árið 1996, og Vigra var samþykkt sem stinningarlyf af FDA árið 1998. Það varð þar með fyrsta lyfið sem samþykkt var til þess að meðhöndla stinningarvanda í Bandaríkjunum.

Viagra kom í sölu í Bandaríkjunum seinna á sama ári og sló fljótt og vel í gegn. Þó að Viagra væri lyfseðilsskylt var ráðist í markaðsherferð í bandarísku sjónvarpi, þar sem opinberar persónur á borð við fyrrum forsetaframbjóðandann Bob Dole og fótboltastjarnan Pelé mæltu óhikað með lyfinu. Á árunum 1999 til 2001 seldist Viagra fyrir ríflega eina billjón dollara á ári.

**LEIKLISTARÞING:** ALÞJÓÐLEGI LEIKLISTARDAGURINN

# Af innrásum og útrásum



**VIÐAR EGGERTSSON, FORMAÐUR LEIKLISTARSAMBANDS ÍSLANDS** „Það er gaman að Alþjóðaleiklistardaginn beri upp í marsmánuði því hann hefur löngum verið öflugur leikhúsmánuður hér á landi. Nú um helgina voru yfir tuttugu verk á fjölunum hjá atvinnuleikhúsum landsins.“
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Leiklistarsamband Íslands er regnhlífasamtök sviðs-listafólks sem í dag fagnar Alþjóðaleiklistardeginum. Viðar Eggertsson er formaður sambandsins en hann útskýrir að félagar þar innanborðs skipti þúsundum enda starfi margir að sviðslistum hér á landi, hvort heldur áhugamenn eða fagfólk. Undanfarna daga hafa bæði atvinnuleikhús og leikhópar víða um land staðið fyrir dagskrá í tilefni þessa dags en í kvöld gengst Leiklistarsambandið fyrir leiklistarþingi í Þjóðleikhúskjallaranum þar sem leikhúsfólki gefst kærkomið tækifæri til þess að staldra við, skoða stöðuna og horfa til framtíðar að sögn Viðars.

Yfirskrift kvöldsins er „Innrás/útrás“ en Viðar útskýrir að bæði sé íslenskt leikhúsfólk sífellt að drekka í sig áhrif annars staðar frá og flytja í auknum mæli út sína eigin þekkingu og sköpun. „Fjarlægðirnar hafa minnkað og það er auðveldara fyrir okkur, þessa eyþjóð, og okkar listamenn að sækja til annarra og læra af þeim. Það verður sífellt auðveldara að stækka okkar svæði og sýna öðrum hvað við kunnum og getum.“ Þingið býður fjórum gestum í pontu, þar af tveimur erlendum gestum, Richard Gough, sem er í forsvari fyrir sviðslistamiðstöðina í Aberystwyth í Wales og mun ræða um mikilvægi þess að upplifa ólíka menningarheima en Elena Krüskemper, sem lengi hefur starfað sem listrænn stjórnandi leiklistarhátíðarinnar í Bonn, mun í erindi sínu fjalla um starf sitt og leit að áhugaverðu sviðslistafólki. Krüskemper hefur verið ráðinn sem listrænn stjórnandi fyrstu alþjóðlegu leiklistarhátíðarinnar hér á landi sem haldin verður að ári en aukinheldur vinnur þverfagleg þriggja manna nefnd að skipulagningu hennar.

Reynsla Íslendinga af listrænni útrás verður einnig til umræðu á þinginu en þar ræðir Katrín Hall, listrænn stjórnandi Íslenska dansflokkksins, um starf hans á erlendri grund og leikarinn Ingvar E. Sigurðsson, sem starfað hefur með leikhópnum Vesturporti og haslað sér völl erlendis sem bæði sviðs- og kvikmyndaleikari, fjallar um sína reynslu og kallar erindi sitt „Að mont-rassast í útlöndum“.

Leiklistarsambandið horfir sífellt lengra því Viðar bendir á að í bígerð sé stofnun sviðslistamiðstöðvar þar sem faglega verður unnið að framgangi íslenskra sviðs-lista erlendis. „Það hefur verið keppikefli okkar að koma slíkri miðstöð á laggirnar hið fyrsta en nú stendur sú vinna yfir í menntamálaráðuneytinu og við gerum okkur vonir um að hún komist á laggirnar fyrir lok næsta árs.“

Þingið er öllum opið og hefst kl. 19 í kvöld.

**kristrun@frettabladid.is**

# Ávarp dagsins

Mannsandinn er uppspretta endalausra vangaveltna, hláturs og gráts, en það er sama hvernig við lítum á tilveru okkar, það er nær ómögulegt að skilja mikilfengleik hennar.

Stærsta gjöf listamannsins til mannkyns er ef til vill að geta á einhvern hátt tjáð það sem rökhugsun getur aldrei að fullu höndlað og kynslóðir vísindamanna ná aldrei að skýra að fullu – lífið sjálft.

Í æsku sýndum við leikrænu starfi hollustu, í viðleitni okkar til að höndla lífið … við kölluðum það leik. En svo gerðist eitthvað og við hættum þess-um barnaskap, fyrir utan fá okkar sem gerð-um hann að ævistarfi. Það sem gerðist var að hið vitræna tók yfir og strikaði yfir allar þversagnirnar … og sjáið hvert það hefur leitt okkur.

Við lifum á tímum þar sem mannleg tilvera virðist vera komin að krossgötum, ójafnvægið milli anda og efnis er orðið svo mikið að það þrýstir á leiðréttingu. Þrátt fyrir, eða kannski frekar – vegna allra framfara mannanna, erum við komin nálægt sjálfstortímingu. Við höfum hreinlega ekki náð því að þroskast andlega í takt við tæknilegar framfarir … eða hættum við kannski bara að leika okkur?

En við eigum von, við búum enn að leikhúsinu sem þjónar okkur öllum. Á sviðinu getum við kafað djúpt í margbreytileika tilverunnar, ævintýri hins mikilfenglega mannlífs. Jafnvel er það eitt af síðustu ævintýrunum sem standa okkur enn til boða. Nú þegar við höfum klifið hæstu fjöll, sigrast á þyngdarlögmálinu og lært að fljúga og kafað niður á botn hins óendanlega úthafs, þá göngum við að leikhússenunni, þar sem við enn getum tekist á hendur könnunarleiðangra og skoðað allt það sem ímyndunarafl okkar nær að grípa.



Og ævintýrið gerist beggja vegna tjaldsins. Bæði áhorfendur og leikarar takast á hendur mikla áhættu í þessu stórkostlega ævintýri því það er aldrei að vita hvað bíður hinum megin við tjöldin.

Allt er mögulegt í leikhúsinu og möguleikum fylgir ábyrgð. Listin er ekki eingöngu til að skreyta mannlífið, leikhúsið ekki eingöngu skemmtun. Listin menntar og fræðir og hjálpar okkur til að skilgreina hver við erum sem menningarþjóð og hún lyftir upp mannsandanum.

Leikhúsið nærir okkur og býður okkur upp á óendanlega möguleika til að vaxa og þroskast.

Velkomin í leikhúsið.

*Árlega fær Leiklistarsambandið málsmetandi listamann úr sínum röðum til að semja ávarp í tilefni Alþjóðlega leikhúsdagsins. Að þessu sinni er höfundur þess brúðuleikhúslistamaðurinn Bernd Ogrodnik sem hefur búið og starfað á Íslandi síðustu ár og auðgað íslenskt leikhúslíf á eftirminnilegan hátt.*



**HJÓLABRETTI**
Í góðu veðri má sjá vinkonurnar Mögnu Magnúsdóttur og Ásdísi Dögg Ómarsdóttur renna sér á milli staða á „longboard“-hjólabretti. Hægt er að komast hraðar á því en á hefðbundnu hjólabretti.
HEILSA 2



**TÓBAKSVARNIR**
Tólf lönd hafa farið þá leið að setja áhrifamiklar myndir af fórnarlömbum sjúkdóma sem tengjast reykingum á tóbaksumbúðir. Lýðheilsustöð mælir með því að hið sama verði gert hérlendis.
HEILSA 4



## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Umhverfisstofnun** býður upp á fyrirlestur um meðferð matvæla í dag frá klukkan 16.00 til 17.00. Fyrirlesturinn verður haldinn í húsnæði Umhverfisstofnunar á Suðurlandsbraut 24. Fyrirlesari er Ingólfur Gissurarson, fagstjóri á matvælasviði Umhverfisstofnunar.



**Heilbrigðis-** og tryggingamálaráðuneytið, Lýðheilsustöð og Samtök iðnaðarins bjóða til morgunverðarfundar á Nordica hóteli á morgun, miðvikudaginn 28. mars. Á fundinum sem hefst klukkan 8.15 verður fjallað um samstarf um aukið framboð á hollum matvörum, markaðssetningu, vöruþróun og skammtastærðir.

**Viðskiptavinir** IKEA geta hannað sína eigin PAX-fataskápa með PAX-hönnunarforritinu á heimasíðu IKEA. Þegar hönnuninni er lokið er hægt að prenta útkomuna út og fara með hana í IKEA þar sem allt efnið í skápinn fæst.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 27. mars, 86. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.05 | 13.33 | 20.03 |
| Akureyri | 6.48 | 13.18 | 19.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Kjartan bendir áhugasömum á að kíkja á vef KR www.kr.is til að afla sér upplýsinga um borðtennisæfingar.

# Byrjaði í bílskúrnum

***Kjartan Briem hefur spilað borðtennis í 26 ár. Hann telur íþróttina eiga bjarta framtíð hérlendis.***

„Áhuginn vaknaði fyrst þegar ég fór tíu ára með eldri bróður mínum á borðtennisæfingu hjá vinum hans,“ segir Kjartan Briem, formaður borðtennisfélags KR. „Okkur þótti mjög gaman. Tveimur mánuðum seinna fengum við borðtennisborð í jólagjöf og þá var ekki aftur snúið. Síðan þá hef ég spilað borðtennis í ein 26 ár,“ bætir hann við og hlær.

Að sögn Kjartans var borðtennis upphaflega bara áhugamál og hann minnist heilu daganna þar sem þeir bræðurnir spiluðu úti í bílskúr með vinahópnum. Smám saman þróaðist þetta þó yfir í alvöru og upp úr þrettán ára aldri var svo komið að hann þurfti að velja á milli borðtennis og fótbolta. „Ég hafði gegnt markmannsstöðu í fótboltaliði KR og lagði skóna einfaldlega á hilluna,“ útskýrir hann. „Þetta var alls ekki erfið ákvörðun. Þetta var nefnilega svo skemmtilegur hópur sem æfði borðtennis á þessum tíma.“

Kjartan náði því að verða Íslandsmeistari í innanhússleik árið 1987, þá 17 ára. Hann flutti síðan til Svíþjóðar og Danmerkur og spilaði þar á meðan dvölinni stóð. „Ég dró hins vegar úr spilamennsku þegar ég flutti aftur heim 27 ára árið 1997. Núorðið spila ég meira til gamans, enda kominn af mínu léttasta skeiði,“ segir hann hlæjandi. „Eitt af því góða við borðtennisíþróttina er að maður getur haldið áfram í henni fram eftir öllu.“

Í dag beinir Kjartan kröftum sínum frekar í uppbyggingu á starfsemi KR, heldur en spilamennskuna sjálfa. „Framtíðin er björt,“ segir hann. „Borð eru úti um allt land og ég trúi því að þessi íþrótt eigi eftir að breiðast út þegar fleiri hugsjónamenn leggja starfseminni lið. Úti í heimi er þetta stór íþrótt og ekkert því til fyrirstöðu að hún verði það líka hérlendis.“

*roald@frettabladid.is*









**Ólífuolía**
er full af nauðsynlegum næringarefnum og fitusýrum sem við þurfum á að halda til að viðhalda heilbrigði okkar.





**Betra úthald**

Heilsuhornið

**Póstsendum um land allt**

Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

**s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn**

**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
**www.madurlifandi.is**

**27. mars**
**Örnámskeið í skapandi skrifum**
*Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur*

**29. mars**
**Heilsukostur - Kökur og eftirréttir**
*Auður I.Konráðsdóttir meistarakokkur*

**17. apríl**
**Fitur í mataræði**
*Haraldur Magnússon osteópati*




**Viltu styrkja þig sem meðferðaraðila**
Reiki heilunar- og sjálfstyrkingarnámskeið í Reykjavík

**Fyrir meðferðaraðila í hvers kyns nuddi, höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferðum, Bowen-tækni og alla þá sem vinna á einhvern hátt með aðra.**

- Þú lærir að halda þér í orkulegu jafnvægi
- Meira orkuflæði í gegnum þig til skjólstæðingsins, án þess að þú missir þína orku (snerting óþörf).
- Þú færð meiri orku fyrir þig á meðan meðferð stendur.
- Minni þreyta, meira úthald, betri einbeiting og minni streita.
- Þú verður betri meðferðaraðili.



**Guðrún Óladóttir**
reikimeistari og hómópati

**Námskeiðið verður 20.–22. apríl**

Pantanir í síma **553 3934**, milli kl. 10 og 13 virka daga.

**FRÁBÆRT PÁSKATILBOÐ!**



Vikuna 26.-30. mars bjóðum við upp á **20% AFSLÁTT** af fullu verði námskeiðagjalda sem byrja **23. APRÍL**.

Skráning er hafin og fjöldatakamarkanir í hvern tíma.

- Meðrafimi®
- Bumbufimi® + meðgöngujóga
- Dansleikfimi 20+
- Salsa-leikfimi fyrir fullorðnar konur
- Snillingafimi® fyrir börn 3-12 mánaða
- Hreyfifimi® fyrir börn 1-3 ára
- Gþ-fimi® fyrir börn 3-5 ára

HREYFILAND®




Allar upplýsingar í síma 577 2555 og á **www.hreyfiland.is**


# Fyrirtaks farartæki

***Í góðu veðri má sjá vinkonurnar Mögnu Magnúsdóttur og Ásdísi Dögg Ómarsdóttur renna sér á milli staða á „longboard"-hjólabretti.***

„Longboard-brettin fara mikið hraðar en venjuleg hjólabretti og því getur maður farið á milli húsa og komist hratt yfir," segir Magna en þær stöllur starfa báðar í Cintamani center á Laugavegi.

Hjólabrettaáhugi stúlknanna vaknaði fyrst út frá snjóbrettaiðkun þeirra. „Þar kynntist maður fólki sem er á hjólabrettum," segir Magna sem var á venjulegu hjólabretti í rúm fjögur ár áður en hún skipti yfir í longboard síðastliðið sumar. Hún segist ekki æfa sig sérstaklega á brettið. „Þetta er meira eitthvað sem maður grípur í þegar veðrið er gott og maður hefur tíma," segir Magna glaðlega en hún notar brettið sér til skemmtunar og einnig sem farartæki.

Magna segir mikinn félagsskap vera í kringum hjólabrettin hjá strákunum en stelpurnar séu hins vegar mun færri. „Við erum hins vegar nokkrar vinkonur sem förum stundum saman út að renna okkur." Fá þær þá ekki að vera með strákunum? „Við erum bara svo miklu lélegri," segir Magna og hlær. „Auk þess sem við erum mikið eldri," útskýrir hún en stelpurnar eru frá tvítugu og upp í þrítugt. „Það er aldrei of seint að byrja," svarar Magna þegar hún er innt eftir því hvort þeim finnist þær ekki vera of gamlar til að þeysast um á hjólabrettum. „Sérstaklega er longboardið sniðugt þegar maður verður eldri því þá dettur maður sjaldnar," segir Magna og útskýrir að venjulegu hjólabrettin séu notuð meira þegar verið er að stökkva niður tröppur og slíkt.

Klæðaburðurinn í hjólabrettaíþróttinni er einkennandi, víðar buxur og hettupeysur er málið. „Við erum eiginlega alltaf í svona fötum, það er bara svo þægilegt," segir Magna og mælir með hjólabrettaíþróttinni. „Þetta kostar ekki neitt nema brettið, fólk getur stundað þetta hvar sem er og fengið góða hreyfingu."

*solveig@frettabladid.is*



Magna og Ádís Dögg með „longboard"-hjólabretti sem þær nota bæði sér til skemmtunar og til að komast á milli staða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fleiri undir hnífinn

***Fegrunaraðgerðum fjölgar sífellt vestan hafs.***

Aldrei hafa fleiri Bandaríkjamenn farið í lýtaaðgerðir en á síðasta ári, að því er fram kemur hjá Samtökum bandarískra lýtalækna. Brjóstastækkanir voru vinsælastar.

Nærri ellefu milljónir lýtaaðgerða voru framkvæmdar í Bandaríkjunum árið 2006 sem er sjö prósenta aukning miðað við árið á undan.

Af þessum aðgerðum flokkast yfir 5,2 milljónir þeirra undir aðgerðir eftir slys eða veikindi. Krabbameinsæxli voru fjarlægð í flestum aðgerðum vegna veikinda.

Brjóstastækkanir voru langvinsælasta aðgerðin 2006. Samkvæmt samtökunum fóru 329.000 konur í slíka aðgerð. Er þetta í fyrsta sinn sem fleiri brjóstastækkanir en nefaðgerðir eru framkvæmdar í Bandaríkjunum.

Alls létu 307.000 manns breyta nefinu á sér og því voru nefaðgerðir næstalgengastar. Fitusog var í þriðja sæti, þar sem um 302.000 slíkar aðgerðir voru framkvæmdar.

Samtökin greindu enn fremur frá því að meira en níu milljónir minniháttar fegrunaraðgerðir hefðu verið framkvæmdar árið 2006, sem er átta prósenta aukning frá árinu áður. Botox-fyllingar voru vinsælastar í þeim flokki, og voru þær meðferðir meira fjórar milljónir.

Frá þessu er greint á cnn.com

*-rve*



Yfir níu milljón minniháttar fegrunaraðgerðir voru framkvæmdar árið 2006 í Bandaríkjunum. Boxtox- og collagen-aðgerðir voru vinsælar.



Venjulega þarf að fara inn um nokkur göt í minni aðgerðum, og skera stærri skurði í stórum aðgerðum. Þetta gæti breyst með tilkomu segulskurðlækninga.

# Uppskurður án sára

***Nú tækni gæti orðið til þess að engin ör mynduðust í kjölfar uppskurða. Tæknin felst í notkun segulsviðs.***

Bandarískir læknar hafa gert tilraunir með nýja skurðtækni á dýrum. Tæknin lofar góðu en hún felst í því að seglar eru notaðir til að stjórna litlum skurðtækjum sem komið er fyrir inni í sjúklingnum.

Kostir aðferðarinnar eru þeir að einungis þarf að skera einu sinni til að koma tækinu fyrir. Skurðurinn getur verið á stað þar sem hann veldur minni sársauka og sést ekki, eins og til dæmis í nafla. Þegar tækið er komið inn í líkamann er hægt að stjórna því með seglunum, færa það til inni í líkamanum, og jafnvel framkvæma skurðaðgerðir.

Tæknin er enn á þróunarstigi en nú þegar hefur læknum tekist að fjarlægja nýru úr tilraunadýri með aðferðinni.

*-tg*

# Flugur greina andardrátt

***Moskítóflugur miða út fórnarlömb með því að nema andardrátt þeirra.***

Vísindamenn hafa nú komist að því nákvæmlega hvernig moskítóflugur miða út fórnarlömb sín. Sérstök skynfæri kringum munn og á fálmurum skynja koltvísýring sem andardráttur okkar er ríkur af. Frá þessu er greint á fréttavef BBC.

Þetta vekur vonir um að hægt verði að þróa aðferðir sem rugla flugur í ríminu og gera þeim erfiðara fyrir að miða út fórnarlömb. Til mikils er að vinna því moskítóflugur bera með sér ýmsa sjúkdóma eins og malaríu.

*- tg*



Moskítóflugur bera með sér fjölmarga sjúkdóma.

# iPod notaður í lækningaskyni

***Erfitt er fyrir lækna að greina ýmis óeðlileg hjartahljóð. Að hlusta endurtekið á þau getur aukið hæfni þeirra til muna.***

Flestum læknum reynist erfitt að greina hjartagalla með notkun hlustunarpípu einnar saman, og er talið að í einungis 40 prósent tilvika nái þeir að nema óeðlileg hjartahljóð. Samkvæmt niðurstöðum bandaríska hjartalæknisins dr. Michaels Barrett geta mp3 spilarar hér skilið milli feigs og ófeigs. Með því að hlusta á hjartslátt endurtekið, eða allt að 400 sinnum, má bæta þetta hlutfall gríðarlega. Nemendur dr. Barretts greindu óeðlileg hjartahljóð í 80 prósent tilfella eftir síendurtekna hlustun í iPod. „Hlustun gegnum hlustunarpípu lærist aðeins með því að æfa sig endurtekið, ekki með því að hlusta á fyrirlestur í skólastofu,“ sagði dr. Barrett á árlegri ráðstefnu bandarískra hjartasérfræðinga.

Dr. Barrett hefur sett fjölmargar upptökur af óeðlilegum hjartahljóðum á netið og vonast til að sem flestir læknar hali þeim niður og hlusti á. „Hæfileikinn til að nema óeðlileg hjartahljóð sparar ekki bara peninga og gerir dýrar rannsóknir óþarfar. Hann getur bjargað mannslífum,“ sagði dr. Barrett.

*- tg*



Mp3-spilarar eins og iPod eiga nú þátt í að bjarga mannslífum.



Bandarísk rannsókn sýnir að 56 prósent unglingsstúlkna og 25 prósent drengja sem talað var við höfðu farið í megrun. Fimm árum síðar höfðu sömu krakkar leiðst út í óhollustu.

## Megrunarkúrar leiða til óhollustu

UNGLINGAR SEM FARA Í MEGRUNARKÚRA ERU LÍKLEGRI TIL AÐ BORÐA Í ÓHÓFI SÍÐAR MEIR.

Unglingar sem fara í megrunarkúra eru líklegri en jafnaldrarnir til að tileinka sér óheilbrigðari lífsstíl síðar meir, segir í nýlegri bandarískri rannsókn.

Eldri rannsóknir sýna að unglingar sem fara í megrun eru líklegri til að fitna meira en jafnaldrar þeirra þegar þeir eldast. Leitað var orsaka þessa.

Rætt var við 2.516 unglinga árið 1999 og haft samband við þá aftur fimm árum síðar. Niðurstöðurnar birtust í tímaritinu Journal of the American Dietetic Association. Í fyrra viðtalinu sagðist rúmur helmingur stúlkna fara í megrun reglulega en fjórðungur drengja. Fimm árum síðar sögðust stúlkurnar sem fóru í megrun sleppa morgunverðinum. Þær höfðu jafnframt fitnað meira en hinar stúlkurnar.

Drengirnir borðuðu meira og hreyfðu sig minna en jafnaldrarnir og höfðu þar af leiðandi bætt á sig.

Rannsóknin sýndi að megrunarkúrar eru skyndilausnir og eru líklegri til að stuðla að óheilbrigðum lífsstíl síðar meir. Hreyfing og hollt mataræði skilar mun frekar langtíma árangri.

*- rve*





Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga

Heilsukostur
Fimmtudagur 29. mars, kl. 18–20
Námskeið
Kökur og eftirréttir
Njóttu þess að borða ljúffengar kökur og eftirrétti með góðri samvisku.
Einn af meistarakokkum Maður lifandi er köku og dessertadrottningin Auður Ingibjörg Konráðsdóttir.
Hún mun fara yfir hvernig hægt er að galdra fram góða, flotta og holla eftirrétti með lítilli fyrirhöfn og engu samviskubiti. Kynntar verða uppskriftir og ráðleggingar veittar um heilnæmt hráefni og aðferðir.
Leiðbeinandi: Auður I. Konráðsdóttir
Staður: Maður lifandi, Borgartúni 24
Skráning: madurlifandi@madurlifandi.is
maður lifandi
Maður lifandi, Borgartúni 24, sími 58 58 700, www.madurlifandi.is

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Ertu þurr í augunum?
Þá er OXYAL fyrir þig!
Oxyal™ Augndropar
Vernda augun og eru rakagefandi. Við þurrki, þreytu og ertingu í augum. Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.
Fæst í apótekum

SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*
*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.
SÓMI
Nánari upplýsingar á somi.is


Þær eru ólíkt meira hrollvekjandi viðvaranirnar í myndformi en svartur texti á hvítum grunni. Þessir sígarettupakkar eru frá Taílandi.

# Fælingamyndir á alla sígarettupakka

***Uppi eru hugmyndir um að setja viðvaranir í myndformi á tóbaksumbúðir. Slíkar viðvaranir hafa gefist vel erlendis.***

Tólf lönd hafa farið þá leið að setja grófar myndir af fórnarlömbum sjúkdóma tengdum reykingum á tóbaksumbúðir. Myndirnar eiga að vera víti til varnaðar og koma sterkari skilaboðum áleiðis en orð gera. Meðal landa sem myndmerkja sígarettupakka eru Kanada, Belgía og Taíland. Í fjölmörgum löndum eru uppi hugmyndir um að feta í fótspor þeirra, þar á meðal á Íslandi.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra hefur falið Lýðheilsustöð að gera úttekt á myndmerkingum tóbaksumbúða með það að sjónarmiði að taka upp slíkar merkingar hérlendis. „Tóbak er ein helsta ástæða heilsubrests og ótímabærra dauðsfalla hérlendis. Ég hef það á stefnuskrá minni að láta endurskoða merkingar á tóbaksumbúðum með tilliti til nýjustu þekkingar um áhrif mismunandi tegunda merkinga,“ segir Siv.

Samkvæmt upplýsingum frá Lýðheilsustöð er þessi vinna vel á veg komin og þar á bæ er mælt með því að myndmerkingar verði teknar upp. „Reynslan sýnir að þær virka. Til dæmis hafa merkingarnar gefið mjög góða raun í Kanada,“ segir Viðar Jensson, verkefnisstjóri í tóbaksvörnum.

Samfara breytingu merkinga úr texta í myndir og texta er stefnan að merkja allar tóbaksumbúðir með reyksímanum 800 6030, en þangað geta þeir sem vilja hætta að reykja hringt og fengið ráðgjöf.

Það er hins vegar ekki þrautalaust að koma myndmerkingunum á tóbaksumbúðir. Fyrst þarf að samþykkja reglugjöf, hana þarf síðan að senda í gegnum umsóknarkerfi ES og ESB, og sé hún samþykkt þar tekur við aðlögunartími fyrir framleiðendur hérlendis. Þess verður því nokkuð að bíða að myndmerkingar komist í gagnið hér á landi.

*tryggvi@frettabladid.is*



**Persona.is**

EGGERT S. BIRGISSON, SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Er ekki allt í lagi að vera stressaður?

Upp á síðkastið hef ég stundum velt fyrir mér hvort hugtökin stress og streita séu orðin úrelt, ofnotuð eða hvort fólk sé hætt að leggja rétta merkingu í þau. Það virðist sem svo að það þyki orðið svolítið fínt og jafnvel eftirsóknarvert að vera stressaður. Þau sem eru stressuð sé fólk sem nær langt og stendur sig vel í lífinu.

Að vissu leyti er þetta rétt, það fylgir því oft mikil streita að ná langt í starfi, námi og viðskiptum. Vinnan og álagið sem fylgir því að ná langt á þessum sviðum eru mikil og verðlaunin geta líka verið stór, til dæmis í formi mikilla tekna og eigna. En að sama skapi getur fórnarkostnaðurinn verið hár líka. Mikilli og langvarandi streitu geta fylgt ýmsir kvillar og aukin hætta á alvarlegum sjúkdómum. Fólk sem er stressað hefur tilhneigingu til að taka upp slæmar neysluvenjur og lífsvenjur eins og að auka drykkju, auka reykingar, hreyfa sig minna, borða meira af feitum og sætum mat og drekka meira kaffi og gos. Allt þetta sem fólk gerir til að bregðast við streitu hefur í raun þveröfug áhrif en þau sem ætlunin er að hafa og í stað þess að draga úr streitu þá eykur þetta á streitu.

Fólk sem er stressað er líka oft erfitt í umgengni, það hefur tilhneigingu til að vera pirrað, ósveigjanlegt og reiðist auðveldar en aðrir. Það segir sig sjálft að fólk sem er í þessu ástandi getur haft mikil áhrif á starfsandann á vinnustaðnum og líðan annarra starfsmanna. Inni á heimili getur stressað fólk einnig verið erfitt vegna þess að þegar það loks hefur tíma til að vera heima er það oft þreytt og pirrað og á erfitt með að gefa af sér. Langvarandi streita í starfi getur líka þróast út í það að fólk fari að finna fyrir alvarlegri andlegri einkennum eins og þunglyndi og kvíða eða hreinlega kulni í starfi. Kulnun í starfi einkennist af uppgjöf, andlegri, tilfinningalegri og líkamlegri, það dregur stórlega úr starfsgetu fólks og það gefst jafnvel upp á að vinna vinnuna sína. Því getur fylgt gífurlegur kostnaður fyrir fyrirtæki sem þurfa að ráða og þjálfa nýjan starfskraft og fyrir þjóðfélagið sem getur þurft að horfa á eftir fólki í langt veikindafrí þar sem það tekur engan þátt í atvinnulífinu.

Það má geta þess að það er að sjálfsögðu ekki einungis álag í starfi sem stressar fólk. Aðrar umhverfis- og heimilisaðstæður geta gert það líka. Álagið sem fylgir því að sinna langveikum ættingja, ástvini eða barni getur líka valdið mikilli streitu. Bágur fjárhagur heimilisins eða fólks, ósamkomulag eða langvinnur ágreiningur og aðrar erfiðar aðstæður geta líka valdið mikilli streitu. Sé slíkt ástand viðvarandi getur það leitt til þess að fólk fer að finna fyrir þunglyndis- og kvíðaeinkennum eða kulnunareinkennum líkum þeim sem langvarandi álag og streita í starfi geta valdið.

Af þessu virðist því ljóst að fólk ætti ekki að taka streitu sem sjálfsögðum hlut eða ástandi sem er endilega gott. Afleiðingar vegna langvarandi streitu geta verið alvarlegar, bæði fyrir hvern og einn og eins fyrir þjóðfélagið í heild. Sé fólk farið að taka eftir því að það sé mjög stressað og jafnvel farið að finna fyrir neikvæðum áhrifum streitu ætti það að hugsa sinn gang og athuga hvort ekki sé hægt að gera eitthvað til að draga úr því álagi sem veldur streitunni. Vissulega er stundum gott að verða hæfilega stressaður, það hjálpar fólki að takast á við verkefni þar sem það þarf virkilega að leggja sig fram og skila miklu af sér á stuttum tíma. En langvarandi streita er ekki góð og getur hugsanlega haft alvarlegar afleiðingar. Fólk ætti því eins og það framast getur að draga úr álagi og streitu í lífi sínu og gæta þannig að heilsu sinni.



**Hengirúm** getur verið stórkostleg lausn inni í stofu eða á skrifstofuna. Afslöppun er nauðsynleg í asa hversdagsleikans og þá er tilvalið að hugsa út fyrir rammann. Láta sig dreyma mjúklega í hengirúmi.



Bómullarrenningur á borðið. Því miður gleymdist að taka niður verðið á honum.



Virðulegt par á platta sem kostar 1.350 kr.

# Goggulu goggulu gú

***Styttur af hönum og hænum gefa eldhúsinu heimilislegan svip. Í versluninni Virku í Mörkinni 3 má finna slíka hluti.***

Litskrúðug hænsn þykja gulls ígildi. Sumir hafa slíka fugla uppstoppaða í stofu en hinir eru fleiri sem láta sér nægja hænsnastyttur, könnur og platta í eldhúsin og gera sér jafnvel far um að safna slíkum munum. Í versluninni Virku í Mörkinni 3 eru mörg dæmi um bæði fallegar og nytsamar vörur með hænsnum á og hér getur að líta sýnishorn af þeim.



Box með þéttu loki. Gott undir kaffi eða eitthvert góðgæti. Kostar 2.980.



Einn morgunhress. Kostar 2.860 kr. í Virku.



Keramik og járnplatti sem nýtist bæði sem undirlag undir heita pönnu og prýði á vegg og kostar 3.200 kr.



Könnur eru bæði til brúkunar og prýði. Þessi er á 2.980 kr. í Virku.







# SPORT

» ÍÞRÓTTABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS 2.TBL 2007



» FÓTBOLTI

## EIÐUR HEFUR EKKI SKORAÐ Í 323 MÍNÚTUR MEÐ LANDSLIÐINU

# WEST HAM MISSIR AF »2,5 MILLJÖRÐUM« VIÐ FALL

EGGERT MAGNÚSSON OG BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON TAPA AÐ MINNSTA KOSTI 2,5 MILLJÖRÐUM KRÓNA EF WEST HAM FELLUR ÚR ÚRVALSDEILDINNI. UPPHÆÐIN MARGFALDAST EF FÉLAGIÐ DVELUR LENGUR EN EITT ÁR UTAN HENNAR.

» SKYLMINGAR

ÞORBJÖRG VINNUR ALLA STRÁKA NEMA EINN

» HANDBOLTI

RAKEL DÖGG DREYMIR UM ATVINNUMENNSKU Í DANMÖRKU

» LISTDANS Á SKAUTUM

AGNES, BRÍET OG ÞURÍÐUR ELSKA SVELLIÐ OG SELMU BJÖRNS

FRÉTTABLAÐIÐ



FIREFLY

# TIL FYRIRMYNDAR

FRÁ RITSTJÓRA
Óskar Hrafn Þorvaldsson

Knattspyrnumaðurinn Grétar Rafn Steinsson er einn af fáum íslenskum atvinnumönnum í boltagreinunum sem gefa eitthvað af sér til baka til samfélagsins. Grétar Rafn hefur stutt við bakið á heimilinu Rjóðrinu fyrir langveik börn og afhenti vistmönnum peningagjöf á dögunum. Grétar Rafn segir í samtali við Sport að sumir hafi áhuga á golfi eða öðru en að hans áhugamál sé að hjálpa þeim sem eiga erfitt. Hann bauð líka veiku barni og fjölskyldu þess út til Hollands í ævintýraferð. Atvinnumenn í íþróttum og þá kannski sérstaklega í fótbolta fá afar há laun og það er gaman að sjá að sumir þeirra hugsa lengra en út fyrir þeirra eigin garð. Handboltamaðurinn Logi Geirsson er annað dæmi um slíkan einstakling en hann bauð veiku barni og fjölskyldu þess til Lemgo fyrir þremur árum.





Ekki má heldur gleyma Eiði Smára Guðjohnsen sem er verndari Hjartaheilla og hefur unnið mikið og gott starf fyrir samtökin auk sem hann hefur látið fé af hendi rakna til samtakanna.

Þetta göfuga framtak þessara ungu manna fyllir mig stolti, mun meira stolti heldur en ef þeir standa sig vel inni á vellinum með liðum sínum eða íslenska landsliðinu. Þeir eru öðrum til fyrirmyndar.

Ég velti því fyrir mér hvort Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari í fótbolta, sé með það sem markmið að vera svo þurr á manninn og leiðinlegur að fjölmiðlar muni á endanum hætta að tala við hann. Ásgeir Sigurvinsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, var ekki sá auðveldasti eða skemmtilegasti í samskiptum en hann var hreinlega skemmtikraftur samanborið við Eyjólf. Þegar fjölmiðlar ræða við Eyjólf falla eintómar klisjur úr munni hans. Hann tekur sjálfan sig svo hátíðlega að hann getur ekki gefið eitt gramm af sér þegar hann kemur fram opinberlega. Það er í lagi að taka starf sitt alvarlega en Eyjólfur! Það hjálpar ekki íslenska landsliðinu að vera svo leiðinlegur að enginn nenni að tala við þig.

„Þetta göfuga framtak þessara ungu manna fyllir mig stolti, mun meira stolti heldur en ef þeir standa sig vel inni á vellinum með liðum sínum eða íslenska landsliðinu.




sport
Útgefandi: 365, Ritstjóri: Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Útlitshönnun: Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is

Forsíðumyndin er af Eggerti Magnússyni stjórnarformanni enska úrvalsdeildarliðsins West Ham. Sjá úttekt á blaðsíðu 10-11.




FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Eiður Smári Guðjohnsen er ekki öfundsverður af hlutskipti sínu með íslenska landsliðinu í fótbolta. Það er ætlast til að hann dragi vagninn í hvert sinn sem liðið stígur inn á völlinn. Þegar hann skorar ekki er íslenska liðið í vandræðum.

EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Það virðist ætla að reynast Eiði Smára Guðjohnsen erfitt að bæta markametið sem hann og Ríkharður Jónsson deila í dag. Hann hefur nú gengið af velli í þremur landsleikjum í röð án þess að skora.

# HEFUR EKKI SKORAÐ Í »323 MÍNÚTUR«

Þegar Eiður Smári skoraði fyrir Ísland á 37. mínútu gegn Norður-Írum í Belfast í september á síðasta ári var það hans sautjánda mark með landsliðinu og jafnaði hann markamet Ríkharðs Jónssonar. Síðan þá hefur hann lent í markaþurrð og gengið af velli gegn Dönum, Lettum og Svíum án þess að skora. Það þarf varla að taka það fram að íslenska liðið fékk ekki eitt einasta stig í þessum leikjum. Eiður Smári fékk þó færin til að skora í leikjunum þremur en honum voru mislagðir fætur.

Á morgun, miðvikudaginn 28. mars, mæta Eiður Smári og félagar hans í íslenska landsliðinu Spánverjum á Mallorca. Það verður við ramman reip að draga fyrir Eið Smára að binda endi á markaþurrðina í þeim leik. Þar mætir hann félaga sínum hjá Barcelona, járnmanninum Carles Puyol, sem mun væntanlega hafa það eina hlutverk að koma í veg fyrir að Eiður Smári geri nokkuð í leiknum.

Það er þó eiginlega með ólíkindum hversu mörg mörk Eiður Smári hefur í rauninni skorað og hversu fá þeirra hafa komið gegn hinum svokölluðu „lélegri þjóðum". Öfugt við leikmenn eins og Tryggva Guðmundsson, sem skoraði varla í landsleik nema gegn þjóðum sem voru neðar en 120. sæti á heimslista FIFA, þá hefur Eiður Smári skorað jafnt og þétt og engu máli skipt hvort andstæðingarnir hafa verið Ítalía eða Malta. Við skulum vona landsliðsins vegna að Eiður Smári skori á morgun. Ef ekki hann, hver þá? «

**Landsliðsleikir og -mörk Eiðs Smára eftir árum:**

1996 1 leikir / 0 mörk
1999 3/1
2000 5/0
2001 7/2
2002 4/3
2003 7/3
2004 7/4
2005 5/3
2006 5/1

**SAMTALS:**
**44 leikir/17 mörk**

## » LENGSTA BIÐ EIÐS SMÁRA EFTIR MARKI MEÐ ÍSLENSKA LANDSLIÐINU:

647 mín. 1999-2001. Skoraði gegn Möltu 25. apríl 2001

461 mín. 2003-2004. Skoraði gegn Ítalíu 18. ágúst 2004

382 mín.2001-2002. Skoraði gegn Andorra 21. ágúst 2002

323 mín. 2006- Enn í gangi

289 mín. 2003. Skoraði gegn Litháen 11. júní 2003

267 mín. 2002. Skoraði gegn Litháen 16. október 2002

265 mín. 2005-2006. Skoraði gegn Norður- Írlandi 2. september 2006.

## DRAUMALIÐIÐ

» **PATREKUR JÓHANNESSON** er einn af bestu handboltamönnum sem þjóðin hefur eignast. Patrekur, sem leikur með Stjörnunni í dag og varð bikarmeistari með liðinu á dögunum, hefur marga fjöruna sopið á löngum ferli. Patrekur, sem er borinn og barnfæddur Garðbæingur, lék fyrst með Stjörnunni en þaðan lá leið hans til KA. Hann gerðist síðan atvinnumaður hjá TUSEM Essen í Þýskalandi og lék lengst af atvinnumannaferlinum þar. Stutt stopp hjá spænska liðinu Bidasoa og þýska liðinu Minden áður en hann þurfti að hætta sem atvinnumaður vegna þrálátra meiðsla. Patrekur lék jafnframt 231 landsleik fyrir Ísland og skoraði 638 mörk í þeim. Sport fékk Patrek til að velja draumalið sitt úr þeim leikmönnum sem hann hefur spilað með á ferlinum. Patrekur átti í hinum mestu erfiðleikum með að koma þessu liði saman og sagði marga góða leikmenn ekki komast á blað.



**Þjálfarar:** Alfreð Gíslason, KA og Louri Chevtsov, TUSEM Essen. **Varamenn:** Stefan Hecker, (M) . Páll Þórólfsson, Julian Róbert Duranona, Erlingur Kristjánsson, Patrick Cazal og Geir Sveinsson .



# MAX RAFTÆKI

# Allir PS3 leikir á 4.999 kr.



# 64.989 kr.

**Heimsins flottasta leikjavél er komin í MAX!**


Marvel - Ultimate Alliance


Need for Speed - Carbon


Resistance - Fall of Man


ICON - Def Jam


Tony Hawk's - Project 6


Ridge Racer


Formula 1 - Championship Ed.


Motor Storm


Full Auto 2 Battlelines


Street Homecourt


Genji - Days of the Blade


Tiger Woods - PGS Tour 07


Virtua Fighter


Fight Night - Round 3


The Godfather

## PakkaTilboð aldarinnar




**Philips 42PF7621D**
- 42" LCD HD breiðtjald
- Pixel Pixel Plus 2 myndtækni
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital DVB-T móttakari
- Progressive Scan og Digital Natural Motion
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

42 tommur

+



**Þú kaupir Philips 42PF7621D sjónvarp og PS3 fylgir með!**

10stk

# 269.989 kr.

Fullt verð ~~467.989~~

Tilboð gilda til 2. apríl eða meðan birgðir endast.

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

MAX

## ÚRBÚNINGS-KLEFANUM



### » FLÝGUR EKKI Á FYRSTA FARRÝMI

Kylfingurinn **Birgir Leifur Hafþórsson** upplifir nú draum sinn sem atvinnukylfingur. Það er þó ekki eingöngu tekið út með sældinni því í fáum íþróttum eru jafn tíð og löng ferðalög í golfinu. Þótt Birgir Leifur taki þátt í evrópsku mótaröðinni þá hefur hann þegar farið á þessu tímabili til Kasakstan, Suður-Afríku, Indónesíu og Kína. Hann hefur því eytt dágóðum tíma í flugvélum undanfarna mánuði en þrátt fyrir það flýgur hann eingöngu á almennu farrými. „Ég er ekki á fyrsta farrými þótt það væri auðvitað alveg frábært. Ég þarf að hugsa um hverja krónu og get varla farið að réttlæta það að vera á fyrsta farrými fyrr en ég er kominn ofar á listann á mótaröðinni. Slíkir miðar kosta mörg hundruð þúsund þegar flogið er langt," segir Birgir Leifur.

### » GUÐJÓN VALUR Á FLEST MÖRKIN UTAN AF VELLI



**Guðjón Valur Sigurðsson**, hornamaður hjá Gummersbach, hefur skorað flest mörk allra leikmanna í þýsku 1. deildinni í handbolta utan af velli. Guðjón, sem er þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar með 154 mörk, hefur aðeins skorað úr tveimur vítaköstum á leiktíðinni og hefur því gert 152 mörk utan af velli. Sænska stórskyttan Kim Andersson, sem leikur með Kiel, hefur skorað 151 mark utan af velli en alls 162 mörk og kóreska skyttan Yoon hjá Hamburg er markahæstur í deildinni með 179 mörk. Yoon hefur skorað 68 mörk úr vítaköstum.

# DREYMIR UM ATVINNUMENNSKU Í DANMÖRKU

**RAKEL DÖGG BRAGADÓTTIR hefur spilað frábærlega á þessu tímabili með kvennaliði Stjörnunnar. Liðið trónir á toppi DHL-deildarinnar í handbolta og hefur Rakel Dögg að öðrum ólöstuðum verið besti leikmaður liðsins.**

EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON



Rakel Dögg Bragadóttir hefur unnið sig upp úr erfiðum meiðslum með harðfylgni og þrausteigju og uppsker núna eins og hún hefur sáð. SPORTMYND/VALLI

Ég er mjög ánægð með þetta tímabil hjá mér og held bara að ég hafi aldrei spilað betur," segir Stjörnustúlkan Rakel Dögg Bragadóttir í samtali við Sport en hún hefur hreinlega farið á kostum í vetur og verið að margra mati besti leikmaður DHL-deildar kvenna í handbolta. Rakel Dögg hefur stýrt Stjörnuliðinu á toppinn, er markahæst og lykilmaður í varnarleik liðsins.

**MIKIL VINNA AÐ SKILA SÉR**

Rakel Dögg, sem verður 21 árs í maí, sleit krossbönd haustið 2004 og það er fyrst á þessu tímabili sem hún er að uppskera eftir alla þá vinnu sem hún hefur lagt á sig til að ná fullum bata eftir þessi erfiðu meiðsl.

„Það hvarflaði aldrei að mér að hætta að spila þegar ég sleit krossbönd. Ég lagði mig bara enn meira fram við æfingar, var samviskusöm við að styrkja hnéð og byrjaði að spila sex mánuðum eftir uppskurðinn sem er frekar snemmt. Síðasta tímabil fór síðan í það að komast í form og venjast keyrslunni. Þannig að það er fyrst núna sem ég er í toppformi. Við æfðum vel fyrir tímabilið og höfum verið á hádegisæfingum sem hafa skilað miklu að því að mér finnst," segir Rakel Dögg.

**DANMÖRK ER DRAUMURINN**

Rakel Dögg leggur stund á nám í hagfræði við Háskóla Íslands en hún stefnir á atvinnumennsku þegar fram í sækir. „Ég er reyndar mjög óákveðinn með það hvenær ég vil fara út en ég hef fengið tilboð frá liðum sem ég vil ekki gefa upp. Draumurinn er að komast til Danmerkur og spila þar. Ég fæddist þar, þekki mig og kann alveg ofboðslega vel við landið. Svo skemmir ekki fyrir að besti handboltinn er spilaður í Danmörku," segir Rakel Dögg. «

**AÐALSTEINN UM RAKEL DÖGG**



"Rakel Dögg er gríðarlega metnaðarfullur ungur einstaklingur sem er búinn að leggja mikið á sig. Hún lenti í erfiðum meiðslum en sýndi mikinn karakter með því að koma eins sterk til baka og raun ber vitni. Það má eiginlega segja að hún sé draumaleikmaður hvers þjálfara og að mínu viti er hún besti alhliða leikmaður deildarinnar. Hún er frábær varnarmaður, með mikinn leikskilning og í raun gríðarlega fjölhæf. Svo spillir ekki fyrir að hún stendur sig mjög vel bæði sem þjálfari hjá yngri flokkum Stjörnunnar og í náminu. Það segir sína sögu."

**Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar**



**2** **MÖRK** Fjöldi marka sem **Eiður Smári Guðjohnsen** skoraði fyrir Barcelona gegn Real Mallorca á Estadio Son Moix 19. nóvember á síðasta ári. Leikur Spánverja og Íslendinga á morgun, 28. mars, fer fram á sama velli.





**NÝTT**
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja
Flexitol

**Útsölustaðir:** Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur

**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**



**NÝTT!!**
**Plokkari með ljósi**



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR


## HVAR ER HÚN NÚ?

### » GUÐRÚN ARNARDÓTTIR

Hin 35 ára gamla Guðrún Arnardóttir er af flestum talin ein besta hlaupakona sem Íslendingar hafa eignast. Guðrún á enn Íslandsmet í 200 og 400 metra hlaupi sem og 100 og 400 metra grindarhlaupi. Hún náði frábærum árangri á Ólympíuleikunum í Sydney í Ástralíu þar sem hún komst í úrslit í 400 metra grindarhlaupi en eftir það hefur lítið spurst til hennar. Sport sló á þráðinn til Guðrúnar og heyrði hvað á dagana hennar hefur drifið síðan þá.





Eftir Ólympíuleikana 2000 giftist ég Jay Harvard og fluttist til Bandaríkjanna. Ég vann á hóteli í 2 ár í veisluþjónustu og á líkamsræktarstöð í önnur tvö ár. Síðan fór ég aftur í skóla og lærði tannfræði. Eftir útskrift fluttumst við skötuhjúin til Washington borgar þar sem Jay vinnur sem verktaki fyrir innflytjenda og tolláraðuneytið og ég vinn við tannfræði. Þessi misserin er ég hinsvegar heima með þriggja mánaða syni okkar Benjamín Þór. Það hefur lítið farið fyrir hlaupum síðan 2000. Hlaupaskórnir farnir að mygla upp í hillu en stefnan er enn á að keppa á heimsmeistaramóti öldunga þegar ég verð sjötug," segir Guðrún.




# StelpurKonur

Staðurinn - Ræktin

**Vortilboð!**
**25% afsláttur**
**af 4 - 6 og 12 mán. kortum**

## Opna kerfið

### Þinn tími er kominn!

1. *Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki*
2. *Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun*
3. *Pallatími, samsett spor, mikil brennsla*
4. *Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur*
5. *Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur*
6. *Yoga*
7. *Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð*
8. *MRL - Magi, rass og læri*
9. *Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar*

**Stundatafla fyrir Opna kerfið**

| | mán | þri | mið | fim | fös | lau | sun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:30 | 4. | 5. | 1. | 1. | 1. | | |
| 07:30 | 1. | 1. | 1. | 9. | 1. | | |
| 08:30 | 5. | 1. | 4. | 1. | 1. | | |
| 09:30 | | | | | | 1. | |
| 10:30 | | | | | | 7. | 1. |
| 11:30 | | | | | | | 6. |
| 12:15 | 2. | 1. | 4. | 8. | 1. | | |
| 13:30 | 1. | | 1. | | 9. | | |
| 14:30 | 1. | 8. | | 1. | | | |
| 15:30 | | 1. | | | | | |
| 16:30 | 4. | 1. | 1. | 1. | 6. | | |
| 17:30 | 1. | 7. | 3. | 1. | 1. | | |
| 18:25 | 1. | | 1. | | | | |

*Ath. númerin útskýra tímana*

**Nú geturðu gerst áskrifandi að líkamsrækt JSB**
***Betra verð í áskrift, aðeins 3.990 kr. á mánuði***

**Glæsilegur nýr tækjasalur!**

**Barnagæsla - Leikland JSB**



## Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# » MEISTARADEILD EVRÓPU «



## TÖLFRÆÐI MEISTARADEILDAR

**» MARKAHÆSTIR**

| | |
|---|---|
| Kaka, AC Milan | 6 |
| **Ruud van Nistelrooy**, Real Madrid | 6 |
| Didier Drogba, Chelsea | 5 |
| Fernando Morientes, Valencia | 5 |
| Raul Gonzalez, Real Madrid | 5 |
| Peter Crouch, Liverpool | 4 |
| Nicolae Dica, Steua Búkarest | 4 |
| Claudio Pizarro, Bayern München | 4 |
| Louis Saha, Manchester United | 4 |
| Francesco Totti, Roma | 4 |
| David Villa, Valencia | 4 |



**» FLESTAR STOÐSENDINGAR**

| | |
|---|---|
| **Juninho**, Lyon | 5 |
| Cristiano Ronaldo, Man. United | 4 |
| Craig Bellamy, Liverpool | 3 |
| Samuel Eto'o, Barcelona | 3 |
| Willy Sagnol, Bayern München | 3 |
| Hasan Salihamidzic, B. München | 3 |
| David Villa, Valencia | 3 |



**» OFTAST BROTIÐ Á**

| | |
|---|---|
| Francesco Totti, Roma | 30 |
| **Deco**, Barcelona | 25 |
| Ronaldinho, Barcelona | 25 |
| Florent Malouda, Lyon | 24 |
| Artem Milevskiy, Dynamo Kyiv | 24 |
| Ricardo Quaresma, Porto | 23 |
| Diego, Werder Bremen | 22 |

## ROMA - MAN.UTD.

FYRRI LEIKUR
MIÐ. 4. APRÍL
SEINNI LEIKUR
ÞRI. 17. APRÍL

**» ÁRANGUR Í MEISTARADEILDINNI Í ÁR**

| ROMA | | MAN. UTD. |
|---|---|---|
| 28 | Skot á mark | 47 |
| 38 | Skot framhjá | 48 |
| 122 | Brot | 111 |
| 34 | Horn | 36 |
| 45 | Rangstaða | 20 |
| 49% | Tími með boltann | 53% |
| 10 | Mörk skoruð | 12 |
| 4 | Mörk fengin á sig | 5 |
| 21 | Gul spjöld | 3 |
| 0 | Rauð spjöld | 0 |

**» LYKILMAÐUR**

**FRANCESCO TOTTI**
**Aldur:** 30 ára **Staða:** Framherji
**Þjóðerni:** Ítalía
MEISTARADEILDIN ´06-07
**Leikir:** 7 **Mínútur:** 620 **Mörk:** 4
**Skot á mark:** 17 **Stoðsendingar:** 2
**Gul spjöld:** 2 **Rauð spjöld:** 0

Fyrirliði og leikstjórnandi liðsins. Allur leikur Roma á helst að fara í gegnum Totti.

**» LYKILMAÐUR**

**CRISTIANO RONALDO**
**Aldur:** 22 ára **Staða:** Vængmaður
**Þjóðerni:** Portúgal
MEISTARADEILDIN ´06-07
**Leikir:** 7 **Mínútur:** 607 **Mörk:** 0
**Skot á mark:** 23 **Stoðsendingar:** 4
**Gul spjöld:** 2 **Rauð spjöld:** 0

Líklega besti leikmaður heims um þessar mundir. Á þó enn eftir að skora í ár.

## PSV - LIVERPOOL

FYRRI LEIKUR
ÞRI. 3. APRÍL
SÍÐARI LEIKUR
MIÐ. 18. APRÍL

**» ÁRANGUR Í MEISTARADEILDINNI Í ÁR**

| PSV | | LIVERPOOL |
|---|---|---|
| 31 | Skot á mark | 51 |
| 34 | Skot framhjá | 48 |
| 93 | Brot | 107 |
| 36 | Horn | 34 |
| 34 | Rangstaða | 22 |
| 50% | Tími með boltann | 46% |
| 8 | Mörk skoruð | 13 |
| 7 | Mörk fengin á sig | 7 |
| 6 | Gul spjöld | 14 |
| 1 | Rauð spjöld | 0 |

**» LYKILMAÐUR**

**PHILIP COCU**
**Aldur:** 36 ára **Staða:** Miðjumaður
**Þjóðerni:** Holland
MEISTARADEILDIN ´06-07
**Leikir:** 5 **Mínútur:** 450 **Mörk:** 0
**Skot á mark:** 10 **Stoðsendingar:** 0
**Gul spjöld:** 0 **Rauð spjöld:** 0

Fyrirliði og leikreyndasti leikmaður liðsins. PSV er ekki samt án Cocu.

**» LYKILMAÐUR**

**JAMIE CARRAGHER**
**Aldur:** 29 ára **Staða:** Varnarmaður
**Þjóðerni:** England
MEISTARADEILDIN ´06-07
**Leikir:** 8 **Mínútur:** 720 **Mörk:** 0
**Skot á mark:** 2 **Stoðsendingar:** 0
**Gul spjöld:** 0 **Rauð spjöld:** 0

Hjartað í firnasterkri vörn Liverpool. Ásamt Gerrard er hann ómissandi.

## CHELSEA - VALENCIA

FYRRI LEIKUR
MIÐ. 4. APRÍL
SÍÐARI LEIKUR
ÞRI. 17. APRÍL

**» ÁRANGUR Í MEISTARADEILDINNI Í ÁR**

| CHELSEA | | VALENCIA |
|---|---|---|
| 41 | Skot á mark | 49 |
| 52 | Skot framhjá | 36 |
| 141 | Brot | 131 |
| 37 | Horn | 39 |
| 23 | Rangstaða | 19 |
| 50% | Tími með boltann | 49% |
| 13 | Mörk skoruð | 14 |
| 6 | Mörk fengin á sig | 8 |
| 19 | Gul spjöld | 15 |
| 0 | Rauð spjöld | 0 |

**» LYKILMAÐUR**

**DIDIER DROGBA**
**Aldur:** 29 ára **Staða:** Framherji
**Þjóðerni:** Fílabeinsströndin
MEISTARADEILDIN ´06-07
**Leikir:** 8 **Mínútur:** 716 **Mörk:** 5
**Skot á mark:** 18 **Stoðsendingar:** 0
**Gul spjöld:** 1 **Rauð spjöld:** 0

Hefur verið í ótrúlegu formi í ár. Drogba hefur það hlutverk að skora mörkin.

**» LYKILMAÐUR**

**DAVID VILLA**
**Aldur:** 25 ára **Staða:** Framherji
**Þjóðerni:** Spánn
MEISTARADEILDIN ´06-07
**Leikir:** 7 **Mínútur:** 621 **Mörk:** 4
**Skot á mark:** 22 **Stoðsendingar:** 3
**Gul spjöld:** 1 **Rauð spjöld:** 0

Langmesta ógnin í sóknarleik Valencia. Skipt-ist á að skora og leggja upp fyrir félaga sína.

## AC MILAN B. MÜNCHEN

FYRRI LEIKUR
ÞRI. 3. APRÍL
SÍÐARI LEIKUR
MIÐ. 18. APRÍL

**ÁRANGUR Í MEISTARADEILDINNI Í ÁR**

| AC MILAN | | BAYERN MÜNCHEN |
|---|---|---|
| 54 | Skot á mark | 50 |
| 66 | Skot framhjá | 39 |
| 132 | Brot | 132 |
| 56 | Horn | 35 |
| 26 | Rangstaða | 11 |
| 54% | Tími með boltann | 51% |
| 9 | Mörk skoruð | 14 |
| 4 | Mörk fengin á sig | 7 |
| 12 | Gul spjöld | 18 |
| 1 | Rauð spjöld | 2 |

**» LYKILMAÐUR**

**KAKA**
**Aldur:** 24 ára **Staða:** Miðjumaður
**Þjóðerni:** Brasilía
MEISTARADEILDIN ´06-07
**Leikir:** 8 **Mínútur:** 696 **Mörk:** 6
**Skot á mark:** 30 **Stoðsendingar:** 1
**Gul spjöld:** 0 **Rauð spjöld:** 0

Hefur borið uppi sóknarleik Milan í keppninni í ár og er markahæsti leikmaður keppninnar sem stendur.

**» LYKILMAÐUR**

**LUCIO**
**Aldur:** 28 ára **Staða:** Varnarmaður
**Þjóðerni:** Brasilía
MEISTARADEILDIN ´06-07
**Leikir:** 6 **Mínútur:** 540 **Mörk:** 2
**Skot á mark:** 4 **Stoðsendingar:** 0
**Gul spjöld:** 1 **Rauð spjöld:** 0

Frábær varnarmaður en um leið gríðarlega hættulegur þegar hann bregður sér fram. Ómissandi.


Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN


Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi



# GETUR EKKI ÁN HÁRBANDSINS VERIÐ

Körfuboltaáhugamenn á Suðurnesjum ráku upp stór augu í byrjun árs þegar Brenton Birmingham hjá Njarðvík mætti til leiks með hárband, sem hann hefur ekki tekið af sér síðan. Nokkrar kenningar hafa verið uppi um ástæður þessa uppátækis Brentons, meðal annars að það sé tilraun til að endurupplifa æskuljómann .Hér með er hægt að upplýsa að svo er þó ekki.

„Ástæðan er nú einfaldari en svo. Bandið hindrar að svitinn komist í andlitið – sem er gott fyrir mig," sagði Brenton og hló dátt þegar áðurnefnd kenning var borin undir hann. „Það var engin sérstök ástæða fyrir því að ég ákvað að prófa þetta. Ég notaði hárbandið á nokkrum æfingum og það kom í ljós að það hjálpar mikið. Í framhaldinu prófaði ég hárbandið í leik og síðan hefur það vanist vel," segir Brenton.

Fyrsti leikur Brentons með hárbandið var gegn Skallagrími í Njarðvík, 18. janúar síðastliðinn. Samkvæmt framlagsjöfnu deildarinnar fékk Brenton 40 stig í þeim leik - það mesta sem hann hefur náð í vetur. Hann skoraði 30 stig, tók 8 fráköst, gaf 5 stoðsendingar og var með 67% skotnýtingu, einn hans allri besti leikur í ár.

"Ég get þó ekki sagt að það sé einhver lukka sem fylgi hárbandinu. Það er ekki hlutverk þess hjá mér. Hárbandið hjálpar mér einfaldlega mikið í leikjum og nú get ég ekki án þess verið." «



**Brenton Birmingham tekur sig einstaklega vel út með hárbandið. Stuðningsmenn Njarðvíkur hafa haft á orði að með því yngist hann um nokkur ár. Brenton er 35 ára gamall en hefur sjaldan verið betri.**


VERSACE
MAN

# SNÍKJUDÝRIN Í ZARAGOZA



NAUTABANINN
Einar Logi Vignisson

Helstu tromp spænska boltans eru breiddin í toppbaráttunni og besti árangur allra þjóða í Evrópumótum. Þar hafa fleiri lið en frá nokkru öðru landi náð langt. Þetta er merkileg staðreynd í ljósi þess að efnahagslega er óvíða jafn mikil gjá á milli þeirrra ríku og fátæku og á Spáni. Forskot Real Madrid og Barcelona á hin liðin er mun meira en í nokkru öðru höfuðlanda fótboltans. Þannig er botnlið West Ham með meiri tekjur en Valencia sem er þriðja tekjuhæsta spænska liðið. Sumpart mætti því skrifa jafnræðið í spænsku deildinni á klaufaskap Barca og Madrid. En fleira kemur til en öldugangur stórliðanna. Minni spænsku liðin hafa mörg hver haldið giska vel á sínum málum. Valencia er þannig orðið eitt af stórveldunum í evrópskri knattspyrnu, langt umfram efnahagslega stærð. Dverglið Villareal hefur náð eftirtektarverðum árangri. Deportivo er sjálfsagt eitthvert minnsta félag sem orðið hefur meistari í stóru deildunum síðastliðinn áratug. Sevilla er eitt besta lið Evrópu, vel stutt félag en ekki ríkt. Þessi lið eiga það sameiginlegt að nýta sér hið öfgafulla streymi leikmanna sem á sér stað í gegnum Barca og Madrid. Nýjasta dæmið er lið Real Zaragoza sem er í fimmta sæti og á góða möguleika á Meistaradeildarsæti. Zaragozamenn hafa lifað góðu lífi sem hálfgerð sníkjudýr á ofvöxnum skrokki Real Madrid undanfarin ár. Fengið þaðan leikmenn sem ekki hafa náð að festa sig í sessi eða hirt mola sem Madrid vildi ekki. Þannig samdi Zaragoza við Argentínumanninn Gabriel Milito eftir að Madrid gekk úr skaftinu. Töldu hné hans ekki líkleg til langlífis. Gabrielshnén hafa hins vegar hangið og er hann helsta stjarna Zaragoza og líklega besti varnarmaður deildarinnar. Svo hjálpaði hann líka til við að fá bróðurinn Diego Milito til liðsins en hann er næst markahæstur í deildinni. Markvörðurinn Cesar Sanchez gleðst eflaust í hjarta sínu yfir að hafa yfirgefið Real Madrid þar sem hann eyddi fimm árum á bekknum þótt bankabókin hafi beðið skaða við félagskiptin. Ótalinn er Úrugvæmaðurinn Carlos Diogo sem skín í Zaragoza þótt reynst hafi misheppnaður arftaki Makalele hjá Madrid.

**„Zaragozamenn hafa lifað góðu lífi sem hálfgerð sníkjudýr á ofvöxnum skrokki Real Madrid undanfarin ár.“**

# » KANOUTE « SÁ HEITASTI Í LA LIGA

**“Nýtt ævintýri á Spáni? Flottur fótbolti, flottur staður og flott veður. Ég kýli á það.” Á þennan veg voru viðbrögð franska framherjans FREDERIC KANOUTE þegar umboðsmaður hans hitti hann og bar undir hann áhuga Sevilla í spænsku úrvalsdeildinni.** . EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON




Freddie Kanoute er ánægður með gengi sitt en segir það mikilvægast að Sevilla vinni titilinn.

Þetta var síðla vors árið 2005. Kanoute hafði skapað sér gott orð í Englandi sem skæður framherji hjá West Ham og síðar Tottenham. Honum leið vel í London, að eigin sögn, en innst inni fann hann löngun fyrir nýrri áskorun.

„Ég hafði áður komið til Andalúsíu í fríi og mér fannst staðurinn yndislegur. Eftir að ég flutti þangað komst ég að því að staðurinn er sem önnur pláneta. Að vera hér er engu líkt,“ segir Kanoute.

Skemmst er frá því að segja að ákvörðun Kanoute um að yfirgefa Tottenham fyrir Sevilla, staðsett í Andalúsíu-héraði syðst á Spáni, reyndist heilladrjúg. Á Spáni hefur hinn 29 ára gamli Kanoute slegið í gegn og er hann sem stendur markahæsti leikmaður úrvalsdeildarinnar.

## ÁRANGUR LIÐSINS SKIPTIR ÖLLU

Það tók Kanoute vissulega smá tíma að finna taktinn í nýju landi og umhverfi, en alls skoraði hann 14 mörk í öllum keppnum á sínu fyrsta tímabili, 2005-2006. Sevilla hafnaði í 5. sæti deildarinnar en bar sigur úr býtum í Evrópukeppni félagsliða.

Í ár hefur gengið enn betur, Sevilla er í 2. sæti spænsku deildarinnar þegar aðeins 11 umferðir eru eftir og á í harðri keppni við Barcelona um sjálfan meistaratitilinn. Þá er liðið komið í 8 liða úrslit Evrópukeppninnar. Þessa velgengni má ekki síst rekja til hinna fjölmörgu marka Kanoute.

„Persónulega er ég auðvitað mjög ánægður með að hafa skorað öll þessi mörk, en mín persónulega velgengni skiptir engu máli. Deildin er aðalmálið og ef mörkin mín hjálpa til við að vinna titilinn þá verð ég ánægður,“ sagði Kanoute í viðtali við BBC.

## ÖMURLEG DVÖL HJÁ LYON

Kanoute er fæddur og uppalinn í Lyon í Frakklandi en þangað fluttu foreldrar hans frá heimalandi sínu Malí í Afríku. Hann hóf ungur að æfa og spila með hinu núverandi stórveldi franskrar knattspyrnu en tækifærin voru hins vegar af skornum skammti. Kanoute segir að þegar hann líti til baka geri hann sér sífellt betri grein fyrir spillingunni sem ríkti hjá Lyon á árum áður.

„Leikmennirnir þar sátu ekki við sama borð. Í unglingastarfinu hallast þjálfarar að ákveðnum leikmönnum fremur en öðrum. Eftir á að hyggja skil ég ekki af hverju þeir vildu halda mér í allan þennan tíma – ég var alltaf á bekknum,“ segir Kanoute, sem síðan stökk á tækifærið árið 2000 þegar honum var sýndur áhugi frá West Ham.

Á Englandi fékk Kanoute þó þann stimpil að vera latur á velli og jafnvel metnaðarlaus. „Það er náttúrlega fáránlegt að líta þannig á mig. Að halda að ég sé einhver kjúklingur sem hoppar upp úr tæklingum og nenni ekki að spila vörn. En þetta er einhver ímynd sem hefur myndast af mér og ég get ekki hrist hana af mér,“ segir Kanoute og bætir við að hann sé einfaldlega yfirvegaður og rólegur að eðlisfari.



Kanoute átti stóran þátt í því að Sevilla vann UEFA-bikarinn á síðasta tímabili. Hann skoraði sex mörk í 11 leikjum í keppninni.

## MJÖG EFTIRSÓTTUR

Kanoute var seldur til Sevilla fyrir 4,4 milljónir punda sumarið 2005 og eftir frammistöðu sína í Andalúsíu hefur Kanoute eðlilega verið orðaður við stærri lið, þá einkum Barcelona og Juvenus. Hugsanlegt kaupverð hefur verið nefnt í kringum 18 milljónir punda, sem myndi skila Sevilla fínum gróða í kassann og gæti reynst of gott tilboð fyrir 29 ára gamlan leikmann til að hafna.

Sjálfur vill Kanoute ekki loka fyrir þann möguleika að yfirgefa herbúðir Sevilla eftir tímabilið. Framherjinn vill betri samning, enda hefur hann vissulega sannað mikilvægi sitt fyrir liðið. Kanoute kveðst samt gera sér grein fyrir að það séu takmörk fyrir því hvað Sevilla geti boðið og því ætli hann ekki að gera kröfur sem félagið getur ómögulega fallist á.

„Ég er mjög ánægður hér og vil vera áfram. Í meginatriðum er ekkert því til fyrirstöðu að skrifa undir nýjan samning. En ég vil ákveðnar breytingar.“ «

*Heimildir: Efni frá BBC, Independent, Guardian og fleirum..*



**1,3**

MILLJÓNIR

Upphæðin sem **Birgir Leifur Hafþórsson** hefur unnið sér á evrópsku mótaröðinni á þessu keppnistímabili. Mets þénaði hann í Kína fyrir rúmri viku en þá fékk 620 þúsund krónur fyrir að hafna í 25. sæti.

### FRÉDÉRIC KANOUTÉ

**Fæðingarstaður:** Sainte-Foy-lès-Lyon, Frakklandi
**Hæð:** 192 sentímetrar
**Gælunafn:** Fredi
**Staða:** Framherji

| Tímabil | Félag | Deildarleikir(Mörk) |
|---|---|---|
| 1997–2000 | Lyon | 40 (9) |
| 2000–03 | West Ham | 84 (29) |
| 2003–05 | Tottenham | 60 (14) |
| 2005–? | Sevilla | 57 (25) |

Ferillinn hjá Sevilla

| Tímabil | Deild | Bikar | Evrópa | Alls* |
|---|---|---|---|---|
| 2005-2006 | 32(6) | 2(2) | 11(6) | 47(14) |
| 2005-2006 | 26(19) | 3(2) | 6(2) | 35(23) |

*Leikir (mörk)

EURO NCAP
★★★★★
www.euroncap.com

## Fiat Grande Punto
## Númer 1 í Evrópu

# Frábær bíll – punktur!



- **Stíll**. Hannaður í anda Maserati af Giorgetto Giugiaro.
- **Eyðsla**. Aðeins 6 lítrar á hverja 100 km í blönduðum akstri.
- **Öryggi**. 5 stjörnur í Euro Ncap. 6 loftpúðar.

**Þjónusta alla leið!**
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.



Fiat Ducato | Fiat Scudo | Fiat Dobló



Fiat Multipla | Fiat Punto | Fiat Panda | Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

**Opið:**
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

**SAGA**
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

PI PAR • SÍA • 70589

# MISSA AF 2,5 MILLJÖRÐUM VIÐ FALL



» 21.11. 2006
West Ham tilkynnir að félagið hafi tekið 85 milljón punda, rúmlega 11 milljarða tilboði frá Björgólfi Guðmundssyni og Eggerti Magnússyni. Björgólfur og Eggert höfðu betur eftir baráttu um félagið við íranska kaupsýslumanninn Kia Joorabchain.

» 11.12.2006
Eggert Magnússon rekur Alan Pardew sem knattspyrnustjóra West Ham eftir að liðið hefur tapað þremur leikjum í röð og er í 18. sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

» 13.12.2006
Eggert Magnússon ræður Alan Curbishley sem nýjan knattspyrnustjóra West Ham.

»TEKJUMISSIR WEST HAM Í 1. DEILD » 1 ÁR 2,5 MILLJA

**Íslendingaliðið WEST HAM stefnir nú hraðbyri niður í 1. deild á nýjan leik og í raun aðeins kraftaverk sem getur bjargað liðinu frá falli. Og það gæti þýtt mikinn tekjumissi, jafnvel upp á marga milljarða, ef ekki tekst að koma liðinu upp strax á næsta ári.**

EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

„Það eru alveg hreinar línur að Hr. Magnússon vill ekki að West Ham falli úr ensku úrvalsdeildinni. Þótt eigandi liðsins sé auðugur þá vill hann varla prófa að vera í deildinni fyrir neðan úrvalsdeildina. Ég held reyndar að fall úr úrvalsdeildinni hafi ekki mjög mikil áhrif á félagið á næstu fimm til tíu árum. Það er bundið við afkomu og skekkir viðskiptaplanið sem gengið var út frá í byrjun þegar til skemmri tíma er litið," segir breski fjármálasérfræðingurinn Joe McLean, sem hefur sérhæft sig í greiningu á fjármálum í knattspyrnuheiminum undanfarin 20 ár, í samtali við Sport.

### TEKJUR HÆKKA GÍFURLEGA

McLean, einn eigenda ráðgjafarfyrirtækisins Grant Thornton, segir að West Ham þurfi að horfa upp á gríðarlegan tekjumissi ef liðið fellur úr úrvalsdeildinni nú í vor. „Auðvitað skiptir miklu máli hvort liðið fer beint upp aftur en félagið mun missa af að minnsta kosti 19 milljónum punda [um 2,5 milljörðum íslenskra króna] á fyrsta ári í Championship-deildinni. Ástæða þess að upphæðin er svona há er að tekjur fyrir sjónvarpsrétt munu hækka verulega frá og með næsta keppnistímabili vegna sölu á sjónvarpsrétti til erlendra markaða, sérstaklega í Asíu," segir McLean.

Hann segir að með nýja samningum muni neðstu liðin í ensku úrvalsdeildinni fá að minnsta kosti 30 milljónir punda [um 3,9 milljarða íslenskra króna] í sinn vasa en eftir því sem betri árangur næst hækkar upphæðin og verður væntanlega um 60 milljónir punda fyrir félög eins og Manchester United, Chelsea, Arsenal og Liverpool. Félögin sem falla úr úrvalsdeildinni fá þó svokallaða „fallhlífargreiðslu" í tvö ár. Hún mun nema 11 milljónum punda [um 1,4 milljörðum íslenskra króna] að sögn McLeans og gerir það að verkum að lending félaganna sem falla úr deildinni verður mýkri en ella.

### 25% LIÐA FARA BEINT UPP

Tekjumissirinn af sjónvarpsrétti verður hærri eftir því sem dvölin í 1. deildinni er lengri. Ef West Ham kemst ekki beint upp þá verður tekjumissirinn um fimm milljarðar á tveimur árum. Sé horft til þess að aðeins tíu af þeim 40 liðum, sem hafa fallið úr ensku úrvalsdeildinni frá því að hún var stofnuð 1992, hafa farið beint upp aftur má ljóst vera að tölfræðin er ekki með West Ham þegar kemur að því að rjúka strax aftur upp í úrvalsdeildina. Síðast eyddi félagið tveimur árum í 1. deildinni.



Breski fjármálasérfræðingurinn Joe McLean segir afar mikilvægt fyrir Eggert Magnússon að ráða gott fólk í stjórnunarstörf hjá West Ham.

### VANNÝTT VÖRUMERKI

McLean segir þó útlitið ekki kolsvart hjá West Ham því aðrir tekjustofnar en sjónvarpsrétturinn muni ef til vill ekki skerðast mikið. „Ég held að það sé alveg ljóst að West Ham mun ekki tapa tekjum af aðgöngumiðum ef liðinu gengur vel í 1. deildinni. Stuðningsmenn West Ham eru afar dyggir og munu gefa liðinu tíma til að ná áttum í deildinni," segir McLean og bætir við að West Ham sem vörumerki hafi verið vannýtt á undanförnum árum. „Það eru gríðarleg sóknarfæri fyrir Hr. Magnússon á þessu sviði. Hann á að geta aukið sölu á varningi, fengið betri styrktaraðila og aukið sölu á dýrari miðum í fínni sæti stúkunnar. En til þess þarf hann að fá til sín færa menn í stjórnunarstöður. Það er ekki síður mikilvægt en að vera með góða leikmenn," segir McLean. Hann er þó á því að það geti tekið allt að tvö ár að byggja

## EGGERT UM ...

**» TEKJUMISSINN** Það er ekki auðvelt verk að ætla að segja einhverja nákvæma tölu í þeim efnum en ég set mikinn vafa við þá tölu sem þið nefnið. Það þarf að skoða marga þætti í þessu samhengi og ég tel nærri lagi að mismunurinn, miðað við að við föllum, sé nær 15 milljónum punda. Þar vegur þungt að allir leikmenn liðsins eru með klásúlu um launalækkun í samningi sínum ef við föllum. Hjá sumum leikmönnum lækka launin verulega. Þegar ég fór að skoða dæmið fjárhagslega þá er það miklu heilbrigðara en ég hélt.

**» REKSTURINN Í CHAMPIONSHIP-DEILDINNI** Það þarf ekki að vera að það verði tap á rekstri í næstefstu deild. Við verðum vissulega af miklum tekjum en kostnaðurinn snarminnkar sömuleiðis. Þótt við verðum ekki í úrvalsdeildinni mun verða uppselt á alla leiki og við munum vera búnir að taka betur til í rekstrinum. Svo eru ýmsir aðrir þættir sem spila inn í, t.d. fasteignir og annað, sem geta skapað tekjur.

**» REKSTUR WEST HAM ÁÐUR** Það er rétt að honum var verulega ábótavant. En það var nú ein aðalástæðan fyrir því að við keyptum félagið í upphafi. Við sáum þessi tækifæri og teljum félagið vera miklu meira virði en við keyptum það á. Við erum að gjörbylta þessum málum og við munum hafa mun betri tekjur en áður, þó svo að við förum niður.

**» LEIKMANNAHÓPINN Á NÆSTA TÍMABILI** Við erum með alltof marga leikmenn í hópnum í dag og það er alveg ljóst að við munum eitthvað rýma til.

**» UM ÞÁ TÖLFRÆÐI AÐ 10 LIÐ AF 40 HAFA KOMIST BEINT AFTUR UPP** Þessi tölfræði hræðir mig ekki. Ég er enn þá fullur bjartsýni á að við höldum okkur uppi þannig að mér finnst fullsnemmt að ræða þessa hluti núna. En miðað við þann hóp og þann þjálfara sem við höfum hef ég ekki minnstu áhyggjur af því að við förum ekki beint upp. West Ham er stórt félag og við erum með hóp í dag sem á að vera, að ég tel, ekki neðar en í 10. sæti úrvalsdeildar.

» FÉLÖG SEM FARIÐ HAFA BEINT UPP EFTIR FALL ÚR ÚRVALSDEILD | 1994 Crystal Palace Nottingham Forest | 1996 Leicester | 1997 Bolton | 1998 Middlesbrough Nottingham Forest



**Staðan í ensku úrvalsdeildinni**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. United | 30 | 24 | 3 | 3 | 70:20 | 75 |
| Chelsea | 30 | 29 | 6 | 3 | 54:19 | 69 |
| Arsenal | 29 | 16 | 7 | 6 | 51:24 | 55 |
| Liverpool | 30 | 16 | 6 | 8 | 44:20 | 54 |
| Bolton | 30 | 14 | 5 | 11 | 35:38 | 47 |
| Everton | 30 | 12 | 10 | 8 | 38:26 | 46 |
| Tottenham | 30 | 13 | 6 | 11 | 43:44 | 45 |
| Reading | 30 | 13 | 5 | 12 | 43:38 | 44 |
| Portsmouth | 30 | 11 | 9 | 10 | 36:31 | 42 |
| Blackburn | 30 | 12 | 4 | 14 | 36:41 | 40 |
| Newcastle | 30 | 10 | 7 | 13 | 34:39 | 37 |
| Middlesbrgh | 30 | 9 | 9 | 12 | 32:36 | 36 |
| Aston Villa | 30 | 7 | 13 | 10 | 29:35 | 34 |
| Fulham | 30 | 7 | 13 | 10 | 31:44 | 34 |
| Man. City | 29 | 9 | 6 | 14 | 22:34 | 33 |
| Wigan | 30 | 9 | 6 | 15 | 30:44 | 33 |
| Sheffield Utd. | 30 | 8 | 7 | 15 | 25:44 | 31 |
| Charlton | 30 | 7 | 6 | 17 | 28:49 | 27 |
| West Ham | 30 | 6 | 5 | 19 | 23:51 | 23 |
| Watford | 30 | 3 | 11 | 16 | 19:46 | 20 |

**Leikir sem West Ham á eftir**

| | |
|---|---|
| 31.3 | West Ham-Middlesbrough (12) |
| 7.4 | Arsenal (3)-West Ham |
| 14.4 | Sheff. Utd. (17)-West Ham |
| 18.4 | West Ham-Chelsea (2) |
| 21.4 | West Ham-Everton (6) |
| 28.4 | Wigan (16)-West Ham |
| 5.5 | West Ham-Bolton (5) |
| 13.5 | Man. Utd (1)-West Ham |

**() merkir staða liðanna í ensku úrvalsdeildinni 27.3.2007*

RÐAR » 2 ÁR 5 MILLJARÐAR » 3 ÁR 9 MILLJARÐAR

upp vörumerkið West Ham og að það verði mun erfiðara á meðan liðið er ekki í úrvalsdeildinni.

**GÍFURLEGUR VELTUMUNUR**

Það verður ekki hjá því komist að minna á að gífurlegur munur er á veltu félaga eftir því hvort þau eru í úrvalsdeildinni eða 1. deildinni. Það geta forráðamenn West Ham kvittað upp á en velta félagsins jókst um 100% á milli tímabila þegar liðið komst upp í úrvalsdeild vorið 2005. Afkoman breyttist að sama skapi og fór úr 7 milljóna punda tapi í 13 milljóna punda hagnað. Það hjálpar líka West Ham að flestir samningar leikmanna liðsins eru þannig úr garði gerðir að laun þeirra minnka verulega ef liðið fellur. David Bond, einn helsti íþróttafréttaritari Daily Tele-graph, segir í grein í blaði sínu að launakostnaðurinn hjá West Ham muni minnka um allt að tíu milljónir punda [um 1,3 milljarða íslenskra króna]. Þetta mun gera það að verkum að auðveldara verður fyrir Eggert og félaga að reka félagið í 1. deild. Það er hins vegar ljóst að fjárfestingin verður ekki mikils virði ef árin í 1. deildinni verða mörg. Félagið hefur hins vegar „fallhlífargreiðsluna" upp á 1,4 milljarða íslenskra króna fram yfir þau lið sem hafa verið lengi í 1. deildinni og eins og Adam Pearson, eigandi Hull City, hefur látið hafa eftir sér þá er einfaldlega eitthvað að hjá félögum sem fá slíka forgjöf og komast ekki upp í úrvalsdeildina á nýjan leik. «

**» TÍMABILIÐ Í ÁR** Segja má að við séum nú að líða fyrir góðan árangur liðsins í fyrra. Það virðist sem undirbúningstímabilið hafi gjörsamlega brugðist. Mikill fjöldi leikmanna var þá í meiðslum og hefur ekki enn náð sér út úr þeim. Frá byrjun hafa menn haldið að þeir séu miklu betri en þeir raunverulega eru og haldið að árangurinn kæmi af sjálfu sér. Sem betur fer held ég að leikmenn hafi náð að líta í spegil á síðustu vikum. Það hefur verið mjög erfitt fyrir nýjan þjálfara að snúa þessu dæmi við.

**» MEINTA SPILAFÍKN LEIKMANNA WEST HAM**
Fjárhættuspil er vandamál í öllum knattspyrnufélögum á Englandi. Leikmenn hafa miklar tekjur og um leið mikinn tíma utan fótboltans, þannig að það er vitað mál að svona getur gerst.

Auðvitað var hægt að ímynda sér að hópurinn ætti í vandræðum, enda árangurinn ekki góður, en þetta voru miklu, miklu stærri vandamál en maður gerði sér nokkru sinni grein fyrir. «

2000 Charlton | 2002 Manchester City | 2003 Leicester | 2004 West Brom


ER SAMBANDIÐ Í GÓÐU LAGI?

www.rs.is



Yaesu VX-2200

Ein vinsælasta VHF bílastöðin á markaðnum!

- Tíðnisvið 137–174 MHz
- Sendiafl 25 W
- 128 forritanlegar rásir
- Hópskipting á rásum (allt að 10 hópar)
- 8 stafa textaskjár
- 4 W hátalari framan á stöð, útgangur fyrir 12 W aukahátalara

KYNNINGARTILBOÐ FRAM AÐ PÁSKUM: 33.900 kr.

YAESU
Vertex Standard

R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | rs@rs.is



Dr.Hauschka
Náttúrulegar snyrtivörur



| 1 Hreinsun | 2 Styrking | 3 Dagleg vernd |
|---|---|---|
| Hreinsikrem<br>Hreinsimjólk | Andlitsvatn | Rósakrem<br>Fljótandi dagkrem<br>Kveðukrem |

Hið sérstaka við Dr.Hauschka snyrtivörurnar

Húðin býr yfir eigin krafti til að viðhalda jafnvægi og endurnýja sig. Húðsnyrtivörur ættu að styðja þessi ferli. Það gera snyrtivörurnar frá Dr.Hauschka og þess vegna eru þær svo sérstakar.

**Kynning**
á hinum virtu náttúrulegu Dr.Hauschka snyrtivörum
í verslun Yggdrasils Skólavörðustíg 16, **þriðjudag, miðvikudag, fimmtudag og föstudag.**
Dr.Hauschka snyrtifræðingur veitir ráðgjöf.

*Frá náttúrunni til þín*

# ÉG VINN ALLA STRÁKA NEMA EINN



**ÞORBJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR er önnur af tveimur bestu skylmingakonum landsins. Þessi 26 ára gamla stúlka stundar meistaranám í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands á milli þess sem hún ferðast um heiminn og heggur mann og annan. Hún stefnir á ólympíuleikana í Peking haustið 2008 en veit sem er að það verður bæði erfitt og dýrt.**

EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

## » ÉG ER

Nafn: Þorbjörg Ágústsdóttir

Aldur: 26 ára

Vopn: Höggsverð

Félag: Skylmingafélag Reykjavíkur

Starf: Meistaranámsnemi í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands

Titlar: Þrívegis Íslandsmeistari kvenna, þrívegis Norðurlandameistari kvenna, þrívegis Norðurlandameistari í liðakeppni og einu sinni Norðurlandameistari unglinga.

Besti árangur á heimsbikarmóti: 26. sæti á Kúbu 2006

Þorbjörg er ekki bara afreksmaður í íþrótt sinni. Hún þjálfar afrekshóp ungra skylmingakrakka og er óþreytandi við að dæma á barna- og unglingamótum.

SPORTMYND/VALLI BÚNINGUR/KÍNAKLÚBBUR UNNAR

» Ég vissi það um leið og ég prófaði skylmingar að þær væru fyrir mig. Ég var reyndar frekar gömul þegar ég mætti á mína fyrstu æfingu fjórtán ára en það hefur svo sem ekki staðið mér fyrir þrifum," segir skylmingakonan Þorbjörg Ágústsdóttir sem fékk nýverið styrk ásamt stöllu sinni, Guðrúnu Jóhannsdóttur, frá Kvennaafrekssjóði Glitnis til að gera atlögu að sæti á ólympíuleikunum í Peking á næsta ári.

Hún segir það svo heillandi við skylmingar hversu miklu máli hugurinn skipti. „Þetta hefur verið kölluð líkamleg skák. Þetta snýst um taktík, snerpu og að reyna að kalla fram viðbrögð hjá andstæðingunum þannig að hægt sé að stinga hann. Ef hugurinn er ekki í lagi þá getur fólk ekkert í skylmingum. Það er ekki hægt að verða betri nema einbeitingin sé 110%," segir Þorbjörg. Vendipunkturinn á ferli hennar sem skylmingakona kom þegar hún dvaldi heilan vetur við æfingar í Frakklandi 2000 til 2001. „Sú dvöl byggði mig upp sem skylmingamann á nýjan leik og þar kynntist ég nýrri vídd. Æfingarnar voru frábærar enda eru Frakkar mjög sterkir á alþjóðlegum mælikvarða. Ég tel mig samt eiga mikið inni í dag."

### VANTAR KEPPNISREYNSLU

Þorbjörg segir það ekki heiglum hent að komast inn á mót eins og Ólympíuleikana því aðeins eru 24 sæti í boði fyrir konur sem keppa með höggsverði líkt og hún. „Við þurfum að hafa mikið fyrir því að fá stig inn á heimslistann sem gefur okkur möguleika á því að komast til Peking. Stefnan er sett á stóra heimsferð í maí og júní þar sem keppt verður á mótum í Hanoi í Víetnam og Peking í Kína. Síðan verður farið til Havana á Kúbu og þaðan yfir til Las Vegas. Að því loknu tekur Norðurlandameistaramótið við í Óðinsvéum og ferðinni löngu lýkur síðan á Evrópumeistaramótinu í Gent í Belgíu. Eftir þessa ferð vitum við nokkurn veginn hversu mikla möguleika við eigum. Ég tel að á góðum degi þá séum við Guðrún einhvers staðar á milli 30 og 50 á heimslistanum," segir Þorbjörg og viðurkennir að það megi ekkert út af bera. „Það er eins gott að mæta í toppstandi í hvert mót. Það er dýrt að fara til þessara landa og því er afar mikilvægt að standa sig vel. Það er hins vegar erfitt fyrir okkur hérna heima því okkur skortir sárlega keppnisreynslu og stöðugleika. Hérna vantar fleiri góða skylmingamenn og því þarf ég að treysta á að komast í æfingabúðir erlendis. Ég fer einmitt til Frakklands nú í apríl til að undirbúa mig fyrir stóru ferðina. Þar mun ég æfa með landsliði Frakka," segir Þorbjörg og viðurkennir með semingi að það séu ekki margir strákar sem vinni hana hér á landi. „Ég vinn alla stráka nema einn. Það er Ragnar Ingi Sigurðsson en hann er besti skylmingamaðurinn sem við eigum."

### VERÐUR AÐ VERA Í SKÓLA

Þorbjörg æfir 15 til 20 tíma á viku en segist þó ekki æfa neitt í líkingu við bestu skylmingamenn Kínverja og Rússa. „Það fer mikill tími í þetta og síðan er það auðvitað námið sem ég þarf að sinna líka. Ég verð eiginlega að vera í námi því námslánin halda mér á lífi. Ég væri heldur ekki vinsæl í vinnunni miðað við allt flakkið sem er á mér," segir Þorbjörg og bætir við að það sé erfitt að sameina krefjandi meistaranám í jarðeðlisfræði og draum um að komast á Ólympíuleika. „Ég verð eitthvað lengur með námið en þessi hefðbundnu tvö ár," segir Þorbjörg.

### ERFITT AÐ NÁ ENDUM SAMAN

Það er ekki ódýrt að ferðast heimshornanna á milli og taka þátt í mótum. Þorbjörg segir þó allt annað hljóð í stjórnendum fyrirtækja nú en áður. „Þetta er allt að koma. Styrkurinn frá Glitni er rosalega dýrmætur og síðan höfum við líka fengið styrki frá Afrekssjóðnum. Það munar mikið um þetta og gerir okkur mögulegt að eltast við draumana," segir Þorbjörg. «


BYLTING Í SVEFNLAUSNUM

BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

20-65% AFSLÁTTUR







55 ÁRA

Húsgagnavinnustofa RH

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

# visomat®

## visomat® comfort 2040

# Nýr blóðþrýstingsmælir

- Sjálfvirk mæling blóðþrýstings og púls
- Mansettan hentar vel fyrir normal til XL upphandleggi ( 23 - 43 cm )
- Stór skjár (SYS/DIA/PUL)
- Mæling á meðan á dælingu stendur
- Geymsluminni fyrir allt að 30 niðurstöður – sýnir einnig meðaltal
- 3ja ára ábyrgð
- Rafhlöður fylgja
- Gæðavottaður




PRÜFSIEGEL

GUT

test

1/2006

LYRA
Hlíðasmári 11
201 Kópavogur
sími: 5627778

## TOPPURINN Á FERLINUM

### » JÓNÍNA BJARTMARZ



Ég hef ekki ennþá komist á verðlaunapall, en elsta minning um viðurkenningu fyrir frammistöðu í íþróttum er frá sundkennaranum í skólasundi í Breiðagerðisskólanum sem gerði mig að fyrirmynd um falleg sundtök og nýtti til sýnikennslu. Aðkoman að keppnisíþróttum hefur mest verið í gegnum félagsstarf svo sem stjórnarmaður í knattspyrnudeild Víkings og vinna við uppbyggingu barna- og unglingastarfsins. Annars hneigist ég mest til útiveru í náttúru Íslands og fríin sem standa upp úr tengjast hesta- og gönguferðum um ósnortin víðerni landsins. Gönguferðir um „fjöll og firnindi" veita mér sérstaka vellíðan, bæða líkamlega og andlega og andi sigra og framsóknar sveimar yfir í lok ferðar. – Toppnum á íþróttaferlinum hef ég ekki náð en stefni markvisst að því að bæta árangur minn í ýmsum greinum," segir Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra um toppinn á sínum íþróttaferli.








Það er óhætt að segja að þær Bríet, Þuríður og Agnes séu glæsilegar þegar þær renna sér um svellið í Egilshöllinni. SPORTMYND/ANTON

**BRÍET SAVARD GUÐJÓNSDÓTTIR**
Fædd: 21. desember 1997
Skóli: Húsaskóli
Félag: Skautafélagið Björninn
Uppáhaldssöngkona: Selma Björns
Uppáhaldsbíómynd: The Night at the Museum
Uppáhaldsbók: Skúli skelfir

**ÞURÍÐUR BJÖRG BJÖRGVINSDÓTTIR**
Fædd: 15. desember 1997
Skóli: Varmárskóli
Félag: Skautafélagið Björninn
Uppáhaldssöngkona: Selma Björns
Uppáhaldsbíómynd: Ice Princess
Uppáhaldsbók: Fíasól

**AGNES DÍS BRYNJARSDÓTTIR**
Fædd: 15. desember 1997
Skóli: Ingunnarskóli
Félag: Skautafélagið Björninn
Uppáhaldssöngkona: Selma Björns
Uppáhaldsbíómynd: The Night at the Museum
Uppáhaldsbók: Skúli skelfir og Fíasól

# » SKEMMTILEGAST Á SVELLINU

**AGNES DÍS BRYNJARSDÓTTIR, BRÍET SAVARD GUÐJÓNSDÓTTIR og ÞURÍÐUR BJÖRK BRYNJARSDÓTTIR eru bestu vinkonur. Þær æfa listdans á skautum hjá Birninum í Grafarvogi og þykja afar efnilegar. Þær eru allar níu ára og dá Selmu Björnsdóttur.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Það er ekki tekið út með sitjandi sældinni að ætla sér að verða góður listdansari á skautum. Það þarf að byrja snemma og æfa mikið. Agnes Dís, Bríet Savard og Þuríður Björg eru allar níu ára og æfa listdans fjórum sinnum í viku. Auk þess eru þær í ballett, nútímadansi, þreki og fræðslu.

„Það er skemmtilegast á svellinu," segja Agnes, Bríet og Þuríður einum rómi þegar þær eru spurðar um hvað sé skemmilegt við það að æfa listdans á skautum. Þeim finnst ballettinn ekki eins skemmtilegur en láta sig samt hafa hann því hann er „nauðsynlegur" eins og þær orða það.

„Nei, nei, þetta er ekkert svo erfitt. Við erum búnar að gera þetta svo oft," segja stelpurnar allar í kór spurðar um hvort það sé ekkert erfitt að æfa svona mikið. Og þótt mikið sé að gera á skautunum segjast þær allar hafa tíma til að læra. „Við verðum bara að vera skipulagðar," segir Agnes og Bríet og Þuríður jánka.

Þuríður og Agnes telja báðar að þær sjálfar séu bestar af þeim þremur en Bríet er hógværari, segir þær allar vera jafngóðar.

Stelpurnar segja ekkert skemmtilegra til í heiminum en að renna sér á skautum á æfingum jafnvel þótt þjálfararnir skammi þær stundum. „Þjálfararnir eru góðir en þeir skamma okkur stundum fyrir að tala saman þegar við eigum að vera að hlusta," segir Þuríður og Agnes bætir við að þær séu líka skammaðar ef þær koma of seint. „En það gerist næstum aldrei," bætir Bríet við. Sem er kannski ekki furða því markið er sett hátt. Þær ætla sér allar að verða besti listdansari á skautum sem Ísland hefur átt. Og miðað við áhugann og allar æfingarnar verður ekki annað séð en þær eigi bara góða möguleika á því. «






## ÞAÐ VERÐA EKKI DREGIN STIG AF WEST HAM

Eggert Magnússon hefur litlar áhyggjur af mögulegri refsingu West Ham fyrir það hvernig staðið var að kaupunum á Argentínumönnunum Carlos Tevez og Javier Mascherano fyrr í vetur. Sem kunnugt er má rekja það mál til fyrri eigenda félagsins en engu að síður á West Ham yfir höfði sér refsingu frá stjórn ensku úrvalsdeildarinnar, sem enskir fjölmiðlar hafa gefið til kynna að gæti verið í formi stigafrádráttar. Eggert segir hins vegar að svo verði ekki. „Ég get sagt það hér og nú að það verða ekki tekin af okkur stig. Lögfræðingar okkar hafa unnið mikið í þessu máli og eru fullvissir um það. Félagið þarf mjög líklega að greiða fjársekt og ef svo verður er ljóst að við munum fara í mál við þá sem bera ábyrgð á því," segir Eggert og á þar við fyrri stjórnendur félagsins. Úrskurðar í málinu er að vænta í byrjun maí.



# Konukvöld Fjarðar

Miðvikudaginn 28. mars frá kl. 20-22

Kynnir
**Anna Björk Birgisdóttir**

Gestir
**Lalli Grínari**
**Siggi og Sara Gullverðlaunahafar**
**í latín dönsum á Kobenhagen open**

Við ætlum að taka vel á mótikonum og bjóða góð tilboð í tilefni dagssins, einnig verður flott tískusýning. Fyrst og fremst ætlum við að skemmta okkur saman.

ANAS

MAMBO tískuvöruverslun

ALCAN BETRA ÁLVER

Respekt tískuvara

EURO SKO Firði Hafnarfirði S: 555-4420

Mind

Twizzt

Dalakofinn

Konur mætum
og skemmtum okkur saman.

## HVAÐVEISTU



### » UM KOBE BRYANT?

1. Hvað er Kobe Bryant gamall?
2. Hvað var hann gamall þegar hann byrjaði sinn fyrsta Stjörnuleik?
3. Hvaða evrópskt tungumál talar hann reiprennandi?
4. Met hvaða leikmanns jafnaði hann þegar hann skoraði 50 eða meira í fjórða leiknum í röð gegn Charlotte Bobcats 23. mars?
5. Hversu oft hefur Kobe orðið NBA-meistari?
6. Hvað er það mesta sem hann hefur skorað í einum leik?
7. Hversu oft hefur hann orðið stigahæsti leikmaður deildarinnar?

**Svör: 1.** Hann er 29 ára gamall (fæddur 23. ágúst 1978). **2.** Hann var 19 ára og 175 daga þegar hann byrjaði inn í Stjörnuleik NBA-deildarinnar 1998, sá yngsti í sögunni. **3.** Hann talar ítölsku eins og innfæddur. **4.** Hann jafnaði met Wilt Chamberlain. **5.** Hann hefur þrívegis orðið NBA-meistari með Los Angeles Lakers (2000, 2001 og 2002). **6.** Hann skoraði 81 stig í leik gegn Toronto Raptors í janúar 2006. **7.** Hann hefur einu sinni orðið stigakóngur deildarinnar. Það var í fyrra þegar hann skoraði 35,9 stig að meðaltali í leik.



## Á HVAÐ ERTU AÐ GLÁPA?

» Já, heimurinn lítur svo sannarlega skringilega út þegar svifið er um loftin blá líkt og þessi fimleikastúlka á frábærri mynd sem **Vilhelm Gunnarsson**, ljósmyndari Sport, tók á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum.


RÆKTUM FRUMKVÆÐIÐ *og kraftinn*

*MÁLÞING UM SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA OG FÉLAGASAMTAKA*

Menningarráð Reykjanesbæjar stendur fyrir málþingi sem haldið verður í Bíósal Duushúsa fimmtudaginn 29. mars nk. kl. 14:00 og stendur til kl. 18:00 þar sem fjallað verður um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga í menningarmálum og bæjarhátíðum. Að loknum framsöguerindum verða pallborðsumræður.
Þátttakendur eru hvattir til að skrá sig á **upplýsingavef Reykjanesbæjar.**
Málþingið er í boði Sparisjóðsins í Keflavík.

DAGSKRÁ:

Setning: Árni Sigfússon bæjarstjóri
Þingstjórn: Björk Guðjónsdóttir forseti bæjarstjórnar og formaður menningarráðs

Framsöguerindi:
- Þorsteinn Pálsson ritstjóri og fv. forsætisráðherra
  Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja
- Sif Gunnarsdóttir verkefnastjóri Höfuðborgarstofu
  Samstarf Höfuðborgarstofu og fyrirtækja í Reykjavík
- Baldur Guðmundsson markaðsstjóri SpKef
  Samfélagsleg þátttaka SpKef

Kaffihlé

Framsaga á palli
- Guðný Kristjánsdóttir
  Þátttaka og framlag menningarfélaga
- Kristín Kristjánsdóttir verslunarmaður, Betri Bær
  Erum við gestir eða gestgjafar?
- Ingólfur Karlsson veitingamaður
  Frumkvæði og okkar ábyrgð
- Jóhann Jónsson framkvæmdastjóri
  Hefðir og félagsleg þátttaka, „Þrettándinn í Eyjum"
- Ásmundur Friðriksson verkefnastjóri
  Ræktum frumkvæðið og kraftinn
  Kaffihlé og tónlistaratriði
  *Pallborðsumræður og fyrirspurnir úr sal*

Málþingi slitið í listasal Duushúsa
Veitingar og tónlistaratriði

SpKef 100 1907-2007 www.spkef.is

REYKJANESBÆR


## STÆRSTA STUNDIN



### » EINAR VILHJÁLMSSON

Spjótkastarinn Einar Vilhjálmsson, sem er 46 ára, er einn af allra farsælustu íþróttamönnum sem komið hafa fram á Íslandi á undanförnum áratugum. Einar var til margra ára einn af bestu spjótkösturum heims og var til að mynda valinn Íþróttamaður ársins í þrígang, árin 1983, 1985 og 1988. Einar vann fjölmörg gríðarlega sterk mót en náði kannski aldrei að sýna sitt rétta andlit á Ólympíuleikum eða heimsmeistaramótum. Einar lagði spjótið á hilluna árið 1996 en þrátt fyrir stóra sigra og fjölmörg Íslandsmet þá var það snemma á ferlinum sem hann upplifði stærstu stundina.



„Þrátt fyrir að hafa unnið einhver 11 Grand Prix-mót og kastað yfir 90 metra á stórum mótum þá er stærsta stundin á mínum ferli landskeppnin við Dani í Árósum árið 1978. Þá var ég aðeins 18 ára og mætti til leiks með 58 metra sem minn besta árangur í spjótkasti. Staðan var jöfn í landskeppninni þegar ég hóf keppni gegn Dana sem hafði kastað fimm metrum lengra en ég fyrir keppnina. Hann virtist ætla að vinna mig allt þar til í mínu síðasta kasti. Þá fór spjótið 67,36 metra og það dugði til að vinna keppnina. Fyrir mér er þetta stærsta stundin á ferlinum," segir spjótkastarinn Einar Vilhjálmsson.




PIPAR • SÍA • 70512

## ERT ÞÚ AÐ FYLGJAST MEÐ?

**1.** Hvaða leikmaður bætti **markamet** íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu í mánuðinum?



**2.** Hvað skoraði **Alexander Petersson** mörg mörk fyrir Grosswallstadt í sigri liðsins á Tus N-Lübbecke í þýsku 1. deildinni í handbolta?

**3.** Hver skoraði **sigurmark Barcelona** gegn Liverpool í seinni leik liðanna í 16-liða úrslitum meistaradeildar Evrópu?



**4.** Hver varð Íslandsmeistari í **fjölþraut karla í fimleikum** fimmta árið í röð?

**5.** Hvaða **bræður duttu báðir út** með lið sín í fyrstu umferð úrslitakeppninnar í körfubolta?

**6.** Í hvaða sæti hafnaði **Birgir Leifur Hafþórsson** á opna meistaramótinu í Kína?

**7.** Hvað heitir knattspyrnumaðurinn sem fékk **sjö mánaða keppnisbann** í mánuðinum?

**8.** Hvað heitir **markvörðurinn** sem skoraði mark af **80 metra færi** í ensku úrvalsdeildinni um þarsíðustu helgi?

**9.** Hver varð **bikarmeistari kvenna** í blaki?



**10.** **Eggert Magnússon** og **West Ham** fögnuðu sínum fyrsta sigri í langan tíma í mánuðinum. Hverjir voru mótherjarnir í leiknum og hvernig fór hann?

Svör: **1.** Það var Valsstúlkan Margrét Lára Viðarsdóttir. **2.** Hann skoraði 16 mörk. **3.** Það var Eiður Smári Guðjohnsen. **4.** Það var Viktor Kristmannsson. **5.** Það voru þeir Sigurður, þjálfari Keflavíkur, og Valur, þjálfari Skallagríms, Ingimundarsynir. **6.** Hann hafnaði í 25. til 33. sæti. **7.** Hann heitir David Navarro og spilar með Valencia á Spáni. **8.** Hann heitir Paul Robinson. **9.** Það var Þróttur Reykjavík. **10.** West Ham vann Blackburn, 2-1.



Það var mikið stuð hjá Grétari Rafni og Árna Pétri í Hollandi þegar sá fyrrnefndi bauð honum og fjölskyldu hans í helgarferð til Alkmaar.



Fjölskylda Árna Péturs segir Grétar Rafn vera með hjarta úr gulli.

# FRÁBÆRT AÐ GETA GLATT AÐRA

**„Þetta er í raun áhugamál hjá mér. Alveg eins og sumir eru í golfi, hestamennsku eða hverju sem er þá er ég einfaldlega að reyna að láta gott af mér leiða, fyrst ég er í aðstöðu til þess," segir GRÉTAR RAFN STEINSSON, landsliðsmaður í knattspyrnu og leikmaður AZ Alkmaar í Hollandi. Í síðustu viku stofnaði Grétar formlega styrktarsjóð sem mun starfa í samvinnu við Rjóðrið, hvíldarheimili langveikra barna.**

Grétar Rafn segir að það hafi lengi blundað í sér að stofna sjóð á borð við þann sem hann hefur nú sett á laggirnar. „Það var alltaf markmið hjá mér að ef ég myndi fara út í atvinnumennsku og komast í aðstöðu til að gleðja aðra, þá myndi ég nýta mér það. Það er frábært að geta glatt aðra á þennan hátt og þessi starfsemi gefur mér mikið," segir Grétar Rafn.

Það var í lok september á síðasta ári að Grétar hóf að starfa með Rjóðrinu. Þá bauð hann, með aðstoð síns félags, AZ Alkmaar, Icelandair og fleiri góðra aðila, fjölskyldu langveiks barns, Árna Péturs Jónssonar, til Hollands þar sem þau fengu meðal annars að sjá Grétar spila með liði sínu í hollensku úrvalsdeildinni. Grétar segir að ferðin hafi verið einstaklega vel heppnuð. „Þessi helgi var æðisleg fyrir mig og vonandi hefur hún einnig verið það fyrir Árna Pétur," segir Grétar, en hann hyggur á að bjóða fleiri heppnum fjölskyldum út til sín.

„Hugmyndin er að gera þetta að hluta af starfsemi styrktarsjóðsins sem nú hefur verið stofnaður. Það er svo auðvelt að fá fólk og fyrirtæki með sér í þetta þannig að það er í raun ekkert til fyrirstöðu að gera þetta árlega. Við munum fljótlega taka ákvörðun um hvenær næsta ferð verður farin og hvaða fjölskyldu við bjóðum út," segir Grétar. «

### GRÉTAR ER MEÐ GULLHJARTA

„Þetta var sannarlega ógleymanleg ferð, sannkallað ævintýri," segir Ásdís Árnadóttir, móðir Árna Péturs Jónssonar, en Grétar bauð þeim út til sín í lok september á síðasta ári. Ásdís ber Grétari einstaklega vel söguna og segir hann vera einstakan öðlingsdreng.

„Grétar er með hjarta úr gulli. Við vorum í Hollandi í fjóra daga og það var komið fram við okkur eins og kóngafólk. Við sáum leik með AZ og vorum í bestu sætum vallarins. Síðan eyddi Grétar drjúgum tíma með okkur yfir helgina, sýndi okkur aðstæður félagsins og borðaði með okkur," segir Ásdís. Hún segir fjölskylduna hafa haldið góðu sambandi við Grétar eftir ferðina og hefur landsliðsmaðurinn meðal annars heimsótt Árna Pétur hér á Íslandi.

„Árni Pétur hefur alltaf verið mikill fótboltaáhugamaður og eftir þessa ferð á hann þrjú uppáhaldslið: FH, Manchester United og AZ Alkmaar."

## TUGURINN

### 10 HANDBOLTAMENN SEM HAFA SKORAÐ MEIRA EN 500 MÖRK FYRIR LANDSLIÐIÐ

**1. ÓLAFUR STEFÁNSSON** Ólafur hefur skorað 1.179 mörk í 248 leikjum frá því að hann spilaði sinn fyrsta landsleik árið 1992. Hann er jafnframt með hæsta meðaltal allra leikmanna en hann hefur skorað 4,8 mörk að meðaltali í leik.



**2. KRISTJÁN ARASON** Kristján skoraði 1.089 mörk í 238 landsleikjum á gifturíkum landsliðsferli sem hófst árið 1980 og lauk á Ólympíuleikunum í Barcelona árið 1992.



**3. VALDIMAR GRÍMSSON** Valdimar skoraði 935 mörk í 261 landsleik á fimmtán ára ferli sínum með íslenska landsliðinu. Hann skoraði 3,6 mörk að meðaltali og lauk ferlinum á Evrópumeistaramótinu í Króatíu árið 2000.

**4. GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** Guðjón Valur er líklegastur allra til að skáka Ólafi Stefánssyni sem markahæsti leikmaður Íslands frá upphafi. Guðjón Valur hefur skorað 781 mark í 173 landsleikjum á þeim átta árum sem hann hefur spilað með liðinu og miðað við að hann er aðeins 29 ára gamall þá ættu mörkin að geta orðið mun fleiri.

**5. SIGURÐUR VALUR SVEINSSON** Sigurður skoraði 729 mörk í 236 leikjum á tuttugu ára landsliðsferli. Hann lagði landsliðsskóna á hilluna eftir heimsmeistaramótið hér á landi árið 1995.

**6. JÚLÍUS JÓNASSON** Þótt Júlíus væri þekktari fyrir varnarleik sinn þá náði hann að skora 669 mörk í 256 landsleikjum á árunum 1984 til 1998.

**7. PATREKUR JÓHANNESSON** Patrekur skoraði 638 mörk í 231 landsleik á árunum 1990 til 2005. Hann gerði 2,8 mörk að meðaltali í leik.

**8. BJARKI SIGURÐSSON** Bjarki skoraði 568 mörk í 224 landsleikjum á árunum 1987 til 2001 sem gera 2,5 mörk að meðaltali í leik.

**9. ÞORGILS ÓTTAR MATHIESEN** Þorgils Óttar skoraði 567 mörk í 236 landsleikjum á árunum 1981 til 1990. Hann lagði skóna á hillun eftir heimsmeistaramótið í Tékkóslóvakíu og skoraði 2,4 mörk að meðaltali í leik.

**10. ALFREÐ GÍSLASON** Alfreð skoraði 542 mörk í 179 landsleikjum á árunum 1980 til 1993 sem gera 3 mörk að meðaltali í leik.




KFC®
TM
hæ elskan!
Komdu við á KFC
á leiðinni heim!
PEPSI
PIPAR • SÍA

# SPARISJÓÐURINN

## fjárfestir í **fólkinu á Suðurnesjum**















Það er innbyggt í stefnu Sparisjóðsins
að vera **bakhjarl farsæls mannlífs**
á Suðurnesjum og því leggjum
við **góðum verkefnum lið**

Sími 421 6600 | www.spkef.is

SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík

**Spennandi tími fram undan?**
**Spákonan Yrsa Björg í beinu sambandi. Símaspá, draumaráðningar, heilun.**
**S. 908 6414 (199 mín.). Visa/ Euro s. 553 5395 (160 mín.) Símatími 10-24. Hringdu núna!**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Spámiðill**
Spámiðill. Les úr spilum og bolla, ræð drauma. Tímapantanir í s. 891 8727, Stella.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Aðeins löggiltir rafverktakar mega taka að sér vinnu við raflagnir
sart
www.sart.is

## Trésmíði

Húsasmiður getur bætt við sig verkefnum með mótauppslætti og fleiru. Geri tilboð. Uppl. í s. 867 7753.

## Önnur þjónusta

Slides og Ljósmyndir á CD-DVD
skönnun á slides og ljósmyndum á diska
JENNAFILM
Jens Kr. Þorsteinsson s. 896 3785

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife, skynsamleg næring fyrir alla. Uppl. www.dagamunur.is og í s. 891 8902.

## Nudd

Viltu nudd ? Hafðu samband í síma 869 6914.

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

## Snyrting

Dekurhús didrix


S:561 8677

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Antík

Lítið antík sófasett til sölu vegna flutnings. Nýuppgert. Verð 160 þ. Uppl. í s. 893 7474.

## Gefins

3ja mánaða blönduð Border Collie/ Labrador tík fæst gefins á mjög gott heimili. S. 893 7576.

Westinghouse ísskápur, um 40 ára gamall í góðu standi, fæst gefins gegn því að vera sóttur. Uppl. í s. 693 3839 & 697 3435 eða zmz@internet.is/bjarki@ myndform.is Ísskápurinn þarf að vera farinn í síðasta lagi á laugardaginn 31. mars.

## Dýrahald


Hreinræktaðir Dverg Schnauzer til sölu með ættbók frá HRFÍ. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 897 6229.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Orlofshús**
Orlofshús á 601 Akureyri, með öllum húsbúnaði til leigu um lengri eða skemmri tíma. S. 897 7613.

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. www.vadlaborgir.is - S. 897 5300, Leó.

## Hestamennska

Úrvals fullþurrkað hestahey til sölu. Uppl. í síma 6985713

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Mosfellsbær ca. 80 fm íbúð til leigu, laus 1. apríl. Mán.gr. 85 þús., 2 mán. fyrirfram. Uppl. 691 1603.

Garðabær. Til leigu 3ja herbergja 125 m2 íbúð. Leigist 3 mánuði í senn 130 þ. á mán. Uppl. í síma 693 8801.

Lítið niðurgr. kj. íbúð til leigu í G.bæ. Tvö til þrjú svefn. auk eldh., íssk., örb., rafm., hita + St. 2. Leiga 90-100.000. Leigist strax. Uppl. á tk@sk3.is eða 8619966.

**Flórída**
Hús til leigu í Ventura hverfinu á Orlando. Tæp 200 fm með bílskúr, 3 svefnherb, 2 böð. Uppl. s. 00 14072070141 eða 00 14072226970.

Pokoj do wynajecia dla 1 osoby, 35 tys. ZA miesiac, 108 Rvk. Tel. 869 8197.

184 fm parhús til leigu á Selfossi. 4 svefnherb., 3 mán. fyrirfram og trygging skilyrði. Einnig til sölu 70 cm breið, opin kamína á 50 þús. Einnig óskað eftir hvaltönnum til kaups. Uppl. í s. 663 1189.

Ung hjón með eitt barn óska eftir íbúð sem fyrst. Uppl. í s. 555 4596.

## Sumarbústaðir


Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

## Geymsluhúsnæði

Geymslu-gámar

Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.
HAFNARBAKKI

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði



**AVM Solutions geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Evrópu**
**-bæði karla og konur, svo sem matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum eða byggingariðnaði. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Solutions geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða.**
**Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is**

**Aktu Taktu**
**Aktu Taktu Skúlagötu óskar eftir starfsfólki til að vinna aðra hverja helgi.**
**Umsóknir á aktutaktu.is**

**Cafe Bleu.**
**Okkur vantar góðan starfskraft í eldhús, ef þú ert dugleg/ur og hefur áhuga á skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá eða sú sem við erum að leita að. Einnig vantar á sama stað vana þjóna í sal í fullt starf og aukavinnu um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

**Leikskólinn Ösp**
**Vantar að ráða tvo starfsmenn í skilastöðu frá kl. 15.30 - 17.30. Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 557 6989 & 693 9819, Svanhildur.**

Ruby Tuesday
Classic Grill

**Vantar þig vinnu?**
Okkur vantar hresst fólk í sal, kvöld- og helgarvinna. Umsóknir liggja frammi í Skipholti 19. Upplýsingar gefur Haukur í s. 660 1143 & 552 2111.

**Leikskólinn Skógarborg við Efstaland**
**Óskar eftir leikskólakennara/ leiðbeinanda í 100% starf. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 553 1805 & 698 1392.**

**Leikskólinn Kvistaborg í Fossvogi**
**Óska eftir leikskólakennara eða leiðbeinanda í 100% stöðu frá 1. apríl. Vinsamlegast hringið í s. 553 0311 og fáið upplýsingar hjá Helgu leikskólastjóra.**

**Gullnesti, Grafarvogi**
**Óskar eftir rösku starfsfólki virka daga frá kl. 12-18, einnig aukavinnu í boði.**
**Uppl. í s. 898 9705, Daði.**

SÓLON
kaffi & bistro

**Kaffi Sólon**
**Kaffi Sólon vantar að ráða kokka og aðst.menn í eldhús Vinsamlega hafið samband í síma 697 9058 eða sendið póst á solon@solon.is**

**Veitingahús við Tjörnina óskar eftir starfsfólki í sal og eldhús. Uppl. í s. 863 8066. Sigríður.**

**Vilt þú tryggja þér sumarvinnu?**
Skalli Hraunbæ óskar eftir starfsfólki í kvöld- helgar og dagvinnu nú þegar og í sumar. Upplýsingar í s. 567 2880.

Björnsbakarí - Vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Helga gefur frekari upplýsingar 699 5423. Góð laun í boði.

Hlaðbær Colas hf. Óskum eftir vönum gröfumanni til starfa strax hjá Hlaðbæ Colas. Nánari upplýsingar í síma: 565 2030.

**Sportbarinn Ölver**
Getum bætt við okkur duglegum og hressum dyravörðum og barþjónum. Lágmarksaldur 20 ára. Uppl. virka daga á staðnum eða í s. 533 6220, eftir kl. 9:00 Magnús.

**Sportbarinn Ölver**
Vaktstjóri óskast í sumarafleysingar, verður að vera vanur, getað unnið sjálfstætt og stjórnað öðru fólki. Uppl. gefur Magnús í s. 533 6220 virka daga.

Rizzo Pizzeria óskar eftir vönum pizzabökurum til starfa. Einnig vantar afgreiðslufólk og útkeyrslufólk. Nánari upplýs á Rizzo hraunbæ 121.

**smiðir og verkamenn**
Byggingafélag óskar eftir smiðum, verkamönnum og verktökum nú þegar eða eftir samkomulagi. Möguleiki á að ráða nema í húsasmiði. Góð verkefnastaða. Furuás ehf s. 861 9885.

**Dekkja og smurverkstæði**
Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

We are hiring people to work at Bilkó, a tire and oil service. Applicants should be able to speak english. Information in tel. 660 0560, Guðni.

Perlan veitingahús óskar eftir starfsfólki í ræstingu, 50% vinna frá 08-12. Einnig vantar fólk til sumar afleysinga í kaffiteríu. Uppl. í s. 562 0200.

**Söluturn**
Fyrirtæki sem rekur 2 söluturna í miðbæ Rvk, óskar eftir starfsfólki á kvöld- og helgarvaktir. Nánari uppl. gefur Högni í s. 896 1933.

Óskum eftir starfskrafti til að vinna í verslun og á kaffihúsi alla virka daga frá kl. 11-18. Áhugasamir hafi samband í s. 661 8758.

## Atvinna óskast

INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK
Útvegum m.a.:
- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri
Hafðu samband í síma 517 4530
INTJOB STARFSMANNALEIGA
Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, bílstjórar, suðumenn o.fl. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Toyota Carina '93, ný dekk, cd, góður bíll. Verð 120 þús. stgr. Nýr sófi á 30 þús. Glereldhúsborð, 5 þús. Uppl. í s. 820 4571.

## Ýmislegt



**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál

18plús.is
XXX samfélag íslendinga á netinu
- birtu eigin myndir -
- skoðaðu myndir annarra -
ATH. að vefurinn hentar jafnt konum sem körlum.

Einmana karlmaður 1,74 hæð, býr í 3 herb. íbúð. Er í góðri vinnu og skuldlaus, óska eftir að kynnast konu 50 ára og + með samband í huga. Áhugamál: útivist íþróttir og ferðalög. Konur að erlendum uppruna er engin fyrirstaða. Svar sendist fbl. 007.

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Er lesturinn erfiður?
Erfiðleikar í lestri geta leitt til námsörðugleika strax á fyrstu námsárunum.
Á Lesblindusetrinu í Mosfellsbæ starfar hópur fagleiðara Davis ráðgjafa sem veita góðar upplýsingar um Davis aðferðafræðina.
Nánari upplýsingar á www.lesblindusetrid.is
Lesblindusetrið
dda

# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL: 14-15**

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 18:30 – 19:30**

## GLAÐHEIMAR 14a - 104 RVÍK



Frum

Nýstandsett 73,2 fm 3 herb. íbúð á annari hæð (efstu) ásamt 23,8 fm bílskúrs, samtals: 97 fm, í mjög vel staðsettu húsi innst í botnlanga. Eignin skiptist í: Forstofu, baðherbergi, eldhús, hol, stofu, 2 herbergi, geymslu og bílskúr. **EIGNIN ER ÖLL NÝSTANDSETT OG ER LAUS STRAX. Búið er að endurnýja: Innréttingar í eldhúsi og baði, öll gólfefni, innihurðir, rafmagn, töflu og íbúðin er öll nýmáluð. V-25,9 millj.** (4907)

*Sigtryggur Jónsson Löggildur fasteignasali.*

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Langamýri - Garðabæ

**3ja herb. íbúð m/sérinngangi og bílskúr**



Frum





Góð 84 fm 3ja herb. íbúð með sérinngangi á efri hæð í litlu fjölbýli auk 22 fm bílskúrs. Íbúðin skiptist í anddyri, 2 herbergi, eldhús með sprautaðri innréttingu, stofu með útgengi á svalir í suðvestur, þvottaherb./geymslu innaf eldhúsi og endurnýjað baðherbergi. Hús nýlega málað að utan. **Verð 22,9 millj.**

Reykjavíkurborg BETRA BREIÐHOLT!

## Opinn íbúafundur

**Hverfisráð Breiðholts býður til opins íbúafundar í Gerðubergi þriðjudaginn 27. mars n.k. kl. 20:00**

**Dagskrá:**

- Kynning á Íbúasamtökunum Betra Breiðholt
- Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður Skipulagsráðs Reykjavíkurborgar flytur ávarp
- Óskar Bergsson, fomaður Framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar flytur ávarp
- Pallborðsumræður

*Breiðholtsbúar hvattir til að mæta.*

**Hverfisráð Breiðholts**
Guðlaugur Sverrisson, formaður

## Kvenréttindafélag Íslands

stendur fyrir hádegisfundi í samkomusal Hallveigarstaða v/ Túngötu miðvikudaginn 28. mars kl. 12.00 undir yfirskriftinni: Konur og pólitík - stjórnmálaþátttaka kvenna og jafnréttisstefna stjórnmálaflokkanna. Fulltrúar stjórnmálaflokkanna verða með framsögu. Fundarsstjóri er Rósa Björk Brynjólfsdóttir, fjölmiðlakona.

Boðið verður upp á léttan hádegisverð.
***Allir velkomnir.***

## MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**




Síminn óskar eftir að ráða kraftmikla þjónustufulltrúa í reikningaþjónustu Símans. Í starfinu felst að aðstoða viðskiptavini símleiðis vegna reikninga.

Viðkomandi þarf að hafa þjónustulund, vera stundvís og sýna sjálfstæði í vinnubrögðum. Auk þess að hafa metnað til að gera vel í starfi og vera opinn fyrir nýjungum. Tölvuþekking er kostur og æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af þjónustustörfum.

Við leitum að einstaklingum 20 ára og eldri í fullt starf. Vinnutíminn er frá kl. 9-17 og viðkomandi verður að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 8. apríl.

Upplýsingar í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, **www.siminn.is**

Gildi Símans eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símans hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.




Á Sjónvarpsþróunardeild Tæknisviðs Símans fer fram brautryðjendastarf á sviði þróunar sjónvarps. Síminn hlaut nýverið hin virtu Cisco Frumkvöðlaverðlaun fyrir tæknilegar lausnir og markaðslegan árangur í gagnvirkri sjónvarpsþjónustu um ADSL. Síminn óskar eftir að ráða sérfræðing á deildina.

**Helstu verkefni**

- Uppbygging og rekstur stærsta gagnvirka sjónvarpkerfis landsins
- Vöruþróun og hugmyndavinna með færustu sérfræðingum heims á sviði gagnvirks sjónvarps

**Hæfniskröfur**

Leitað er að starfsmanni með háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti unnið sjálfstætt, sé samviskusamur, vandvirkur og eigi gott með að starfa í hóp. Æskilegt er að viðkomandi hafi að lágmarki tveggja ára starfsreynslu af kerfarekstri. Færni og þekking á rekstri Linux/Unix nauðsynleg.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, **www.siminn.is**

**Umsóknarfrestur er til 8. apríl.**

Gildi Símans eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símans hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

# VAKNAÐU!

## STYRKTARTÓNLEIKAR GEGN ÁTRÖSKUN

# NASA 1. APRÍL

## BJÖRK ★ MUGISON ★ LAY LOW
## PÉTUR BEN ★ KK ★ MAGGA STÍNA
## ESJA (DANÍEL ÁGÚST // KRUMMI) ★ WULFGANG

EINNIG KOMA FRAM:

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR, MENNTAMÁLARÁÐHERRA • SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR, HEILBRIGÐISRÁÐHERRA
MATTHÍAS HALLDÓRSSON, LANDLÆKNIR • INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, SAMFYLKINGIN
KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR, VINSTRI GRÆNIR • VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON, BORGARSTJÓRI



**MIÐAVERÐ 3.900 KR**

**TAKMARKAÐUR MIÐAFJÖLDI**

MIÐASALA Á MIDI.IS, Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT

FORMA SAMTÖK ÁTRÖSKUNARSJÚKLINGA

WWW.FORMA.GO.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

midi.is

# SJÓNARHORN



Smiðirnir við Grand hótel sáu starranum fyrir þessu fallega heimili.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# TOPP 5: DREW BARRYMORE

Fáum barnastjörnum hefur vegnað jafn vel á fullorðinsárum og leikkonunni Drew Barrymore (1975). Barrymore, sem er komin af einni helstu leikaraætt í Hollywood, sýndi snemma að henni kippti í kynið þegar hún varð heimsfræg fyrir leik sinn í myndinni E.T. (1982) aðeins sex ára. Hún þoldi hins vegar illa álagið og athyglina sem fylgdi frægðinni og ánetjaðist brátt fíkniefnum. Ferillinn stefndi hraðbyri niður á við þar til hún innritaði sig á meðferðarheimili sextán ára. Eftir það hefur hún smám saman unnið sig upp og er nú með vinsælustu leikkonum veraldar.

**1. Mad Love (1995)** Ungt par flýr foreldra stúlkunnar, sem vilja vista hana á geðveikrahæli. Barrymore sýnir góðan leik í öðru aðalhlutverkinu í mynd sem hlaut á sínum tíma afleita dóma.

**2. Ever After (1998)** Kvikmynduð útgáfa af ævintýrinu um Öskubusku, með nokkrum skemmtilegum breytingum. Barrymore smellpassar í hlutverk hinnar geðfelldu og viðkvæmu Öskubusku myndarinnar, enda hlaut hún fjölda verðlauna og tilnefninga fyrir leik sinn.

**3. Firestarter (1984)** Feðgin með yfirnáttúrulega hæfileika leggja á flótta undan stjórnvöldum. Persóna Barrymore á lítið skylt við litlu saklausu stúlkuna sem hún túlkaði í E.T. Þessi mynd sem fær hárin til að rísa.

**4. Boys on the Side (1995)** Þrjár ólíkar konur á krossgötum í lífi sínu fara í ferðalag. Barrymore sýnir snilldartakta í hlutverki ungrar, ráðvilltrar konu sem er óheppin í ástamálum.

**5. Scream (1996)** Raðmorðingi hrellir unglinga í smábæ. Þótt Barrymore sjáist aðeins í upphafsatriði myndarinnar áður en persóna hennar er drepin, nýtir hún hverja mínútu og er langeftirminnilegust af leikurunum þegar öllu er á botninn hvolft.



Drew Barrymore hefur vegnað vel í Hollywood eftir að hún vann bug á fíkniefnavanda sínum.





allt auglýsingasími
550 5880



ENGINN HÁVAÐI
ENGIN HOPP
PILATES-ÁHÖLD

BODY & MIND
ALL AMERICAN PILATES

Hugur, líkami og sál endurnærist með góðum æfingum og slökun í tímunum hjá **Önnu Haraldsdóttur**. **Body& Mind** námskeiðin eru haldin í húsnæði Technosport í Hafnarfirði. Þátttakendur hafa náð frábærum árangri í vetur með fjölbreyttum æfingum. Enginn hávaði og engin hopp. Pilates hringir, teygjur, létt lóð, litlir og stórir boltar. Góð slökun í lok hvers tíma.

UPPLÝSINGAR HJÁ ÖNNU HARALDSDÓTTUR
Í SÍMA 899 7909




WWW.ICELANDAIR.IS
LÉTT BYLGJAN 967 - RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!
ICELANDAIR HOTELS
midi.is
BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
National Car Rental
Coca-Cola light




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Hafnfirðingar á (h)álum ís

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SÉR FYRIR SÉR STÓRIÐJUBÆ



Bærinn í hrauninu iðar af spennu og eftirvæntingu. Og ekki nema von. Gaflarar ganga að kjörborðinu og kjósa um hvort eigi að gera litla sæta álverið að því stærsta í Evrópu. Hafnfirðingum hefur alltaf verið í mun um að vera fremstir í sínum flokki hvort sem það er í húmor eða íþróttum. En þeir vita ekki alveg með álverið – er virkilega eftirsóknarvert að hafa risaverksmiðju í garðinum hjá sér?

Álverið á sér langa sögu í Hafnarfirði. Hinir rauðu og hvítu strompar hafa verið hluti af bæjarmyndinni í tæpa hálfa öld. Ásamt Hamrinum í miðbænum sem margir telja vera fjall og Keili sem reyndar bara nýverið komst í eigu bæjarins. Að ógleymdri risastórri verslunarkeðju og vitanum en hann virkar ekki lengur. Og nú eiga þeir að kjósa; annaðhvort hverfur þetta kennileiti eða verður helmingi stærra.

Þegar langþreyttir ferðalangar eru á leiðinni heim frá útlöndum verða þeir fyrst varir við það að þeir séu komnir á fornar slóðir þegar verksmiðjan tekur að rísa upp úr hrauninu. Risastór skip liggja þar stundum bundin við bryggjuna og oft sést glitta í bláklædda starfsmenn á reiðhjólum með hvítan hjálm. Og á sumardögum má sjá starfsfólkið sóla sig fyrir framan mötuneytið, njóta blíðviðrisins sem ratar seint inn í kerskálana. Og Hafnfirðingar verða að velja, að hrifsa hjólin frá álversstarfsmönnum sem búið er að leggja sérstakan stíg fyrir eða fjölga þeim um helming.

Álverið hefur hingað til ekki pirrað neinn. Annar hver bæjarbúi þekkir einhvern sem hefur lifibrauð sitt af því að fara með hvítu rútunni í Straumsvík. Og nú þarf sá og hinn sami að kjósa hvort hann vilji svipta kunningja sinn vinnunni eða leyfa honum að fá töluvert fleiri starfsfélaga. En vinirnir munu væntanlega ekki erfa þetta við þá, kennileitin verða einhver önnur og fólk á eftir að geta nýtt sér hjólreiðastígana þótt álverið stækki ekki.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DRÖGTUM
ÚT ÞESSA VIKU
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

# Messa frá átakatímum

**Nú er tími kóranna. Selkórinn ásamt kammersveit og einsöngvurum hélt stórtónleika í Seljarnarneskirkju á Valhúsahæð í gærkvöldi og var þar á dagskrá svonefnd Nelson-messa eftir Haydn. Verður annar flutningur á messunni á sama stað annað kvöld.**



**TÓNLIST** Söngvararnir Davíð, Hulda, Sesselja og Jónas við æfingar í Seltjarnarnesskirkju ásamt stjórnanda sínum Jóni Karli aftast.

Með kórnum syngja nokkrir af okkar bestu einsöngvururum: Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Sesselja Kristjánsdóttir mezzosópran, Jónas Guðmundsson tenór og Davíð Ólafsson bassi leggja sitt til í flutninginn en stjórnandi er Jón Karl Einarsson. Með strengjasveitinni leikur Friðrik Vignir Stefánsson á orgelið en konsertmeistari er Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari. Missa in Angustiis eða Nelson-messa eftir Joseph Haydn var samin 1798. Þá var langt liðið á feril Haydn en hann fæddist 1732 og lést 1809.

Nafn messunnar er vísast til heiðurs þeim fræga Nelson flotaforingja en varla þannig að honum hafi verið tileinkuð messan þegar hún var samin skömmu eftir orustuna við Nílar-ósa í byrjun ágúst 1798 þar sem Napóleon laut í lægra haldi fyrir breskum flotanum sem Nelson leiddi. Heitið festist við hana og er það einkum rakið til heimsóknar Nelsons og hans alræmdu ástkonu, lafði Hamilton á heimaslóðir Haydns 1800.

Þau hjónaleysi voru gestir Esterhazy-fólksins í Eisenstadt þar sem Haydn vann sumarið 1800. Þar er talið að messan hafi verið flutt þeim til heiðurs, auk Te Deum, kantötu sem samin var fyrir lafðina. Varð nokkur vinátta með þessu fólki og gaf Nelson Haydn úr segir sagan sem hann hafði þegið við sigurinn í Aboukirflóa og í staðinn fékk flotaforinginn pennann sem Haydn skrifaði kantötuna með fyrir lafði Hamilton.

Í skrá Haydns yfir eigin verk kallar hann verkið Missa in Angustiis, messu á átakatímum, en áratugirnir um og eftir að messan var samin voru engir friðartímar í Evrópu. Franska byltingin hafði komið miklu róti á samfélag álfunnar og látlausar styrjaldir dundu á Evrópumönnum allt fram að friðnum við orrustuna við Waterloo.

Í tilkynningu frá Selkórnum segir: „Messan þykir í senn fáguð og tignarleg en víða með léttum andblæ. Haydn sameinar áhrif frá fjölbreyttum tónsmíðum, frá sónötum og austurrískri barokktónlist að sinfóníum þannig að bæði lagræn framvinda og margbrotin stefjaúrvinnsla leika í höndunum á honum. Messan er tilfinningaríkt og áhrifamikið verk sem sumir telja jafnvel til áhrifaríkustu verka hans.“

Til viðbótar flutningi messunnar munu þær Helga Svala Sigurðardóttir flautuleikari og Unnur Jónsdóttir sellóleikari flytja Air valaques fyrir flautu og píanó eftir A.F. Doppler og sónötu fyrir selló og píanó eftir H. Eccles. Tónleikarnir annað kvöld hefjast kl. 20 og fást miðar við innganginn.

pbb@frettabladid.is


ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
29. mars - uppselt
30. mars - uppselt
31. mars - uppselt
1. apríl - uppselt
14. apríl - uppselt
15. apríl - örfá sæti laus
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 1. apríl kl. 14.00 | Sun 15. apríl kl. 17.00
Sun 1. apríl kl. 17.00 | Sun 22. apríl kl. 14.00
Sun 15. apríl kl. 14.00 | Sun 22. apríl kl. 17.00
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus,** sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus**, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00. Sýningum lýkur í apríl!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Mið. 28/3 **örfá sæti laus,** fim. 29/3 **uppselt.** fös. 30/3 **örfá sæti laus,** lau. 31/3 **örfá sæti laus, fim. 12/4,** fös. 13/4 **örfá sæti laus, lau. 14/4, fim. 19/4, fös. 20/4 örfá sæti laus,** lau. 21/4 **nokkur sæti laus,** fim. 26/4, fös. 27/4 **örfá sæti laus.**
**Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.**

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

**Hálsfesti Helenu** eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 **uppselt**, sun. 15/4 **örfá sæti laus**, fös. 21/4.

Kassinn

**HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Erich-Emmanuel Schmitt**
Frumsýning mið. 18/4 **uppselt,** fim. 19/4 **uppselt,** fös. 20/4 **uppselt,** lau. 21/4 **uppselt,** fim. 26/4 **uppselt,** fös. 27/4 **uppselt,** lau. 28/4 **uppselt,** sun. 29/4 **uppselt,** fim. 3/5 **örfá sæti laus,** fös. 4/5 **örfá sæti laus,** lau. 5/5 **örfá sæti laus,** sun. 6/5 **örfá sæti laus.**

Kúlan

**MJALLHVÍT - Brúðusýning Helgu Arnalds.**
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**

**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.**

**Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!**

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
**29. mars** fim 5 sýning **kl.20**
**30. mars** fös 6 sýning **kl. 20**
**31. mars** lau 7 sýning **kl. 16**
**14. apr** lau 8 sýning **kl. 20**
**20. apr** fös 9 sýning **kl. 20**
**21. apr** lau 10 sýning **kl. 20**
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

GIANNI SCHICCHI — Giacomo Puccini
SUOR ANGELICA
**ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR:** Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
**SÍÐUSTU SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA !**
3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**
*Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik*
**CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM**
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - **FRUMSÝNING - UPPSELT**
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
GLITNIR
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 31/3 kl. 20 | Sun 15/4 kl. 20
Fös 20/4 kl. 20 | Fim 3/5 kl. 20
Síðustu sýningar

HÖRÐUR TORFA
Kertaljósatónleikar
Mán 2/4 kl. 20 Miðav. 3.100

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Mið 4/4 kl. 20 AUKAS. | Sun 15/4 kl.20
Þri 17/4 kl. 20 | Fim 19/4 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 31/3 kl14 UPPS. | Sun 1/4 kl. 20
Þri 3/4 kl. 20 UPPS. | Mið 4/4 kl.20 UPPS.
Mið 4/4 kl. 22:30 UPPS. | Fim 5/4 kl. 17
Fim 5/4 kl.20 UPPS. | Lau 14/4 kl. 20
Sun 15/4 kl. 14 UPPS. | Mán 16/4 kl.21 UPPS.
Fim 19/4 kl. 14 | Fim 19/4 kl. 17 UPPS.
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. | Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. | Fös 4/5 kl. 20
Fös 4/5 kl. 22:30 | Fim 10/5 kl. 20 UPPS.

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Fim 29/3 kl. 20 UPPS. | Fös 30/3 kl.20 UPPS.
Lau 31/3 kl. 20 UPPS. | Sun 1/4 kl. 20 UPPS.
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. | Sun 15/4 kl.20 UPPS.
Fös 20/4 kl. 20 UPPS. | Lau 21/4 kl.20 UPPS.
Sun 22/4 kl. 20 | Mið 25/4 kl. 20 UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 | Sun 29/4 kl. 20

DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. | Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 | Fös 27/4 kl. 20
Fim 3/5 kl. 20 | Fös 4/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Lau 21/4 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 29/3 kl. 20 | Fös 30/3 kl. 20
Fim 5/4 kl. 20 | Lau 14/4 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Mið 28/3 kl. 20 AUKAS.
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.

MEZZOFORTE
Í kvöld kl. 18 | Í kvöld kl. 21 UPPS.
Miðaverð 2.500

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

VERÐUR ÞÚ MILLJÓN — Í DAG

# Með bókina á bak við

Sumar leiksýningar bera þess merki að aðstandendur þeirra treysta ekki sögunni eða efnivið þeirra og reiða sig því á galdra leikhússins til að koma skilaboðum sínum áleiðis. Sýningin Draumalandið er lituð af því gagnstæða því einmitt þar er líkt og aðstandendurnir treysti ekki leikhúsmiðlinum til að koma boðskap sínum til fólksins.

Ég var mjög forvitin að sjá hvernig ætlunin var að dramatísera skáldfræðirit Andra Snæs Magnasonar. Ég varð hins vegar fyrir verulegum vonbrigðum þegar það kom í ljós að hópurinn ætlaði sér hreint ekki að gera það heldur einfaldlega flytja bókina og nota til þess tæki leikhússins, líkt og af handahófi. Mér er nær að kenna þetta Draumaland við ódramatískan lobbýisma fremur en leikhús.

Í þessu Draumalandi er vart hægt að tala um persónusköpun né framvindu, mér finnst varla hafa verið gerð tilraun til að draga fram hið leikræna í þessu annars ágæta verki, hvað þá að finna því nokkurn sviðsvænan strúktúr. Það tók um fimm mínútur að komast að kjarna þess, og á honum var síðan hamrað það sem eftir lifði sýningar. Öfgarnar í kunnuglegri orðræðu um stóriðjustefnu og framtíðarsýn íslensku þjóðarinnar eru í aðalhlutverki þar sem leikararnir renna stöðugt úr einni rullunni yfir í aðra en eru öll fyrst og fremst þrasgjarnir, rótlausir og ráðvilltir Íslendingar. Sýningunni var án efa ætlað að vera greining á ákveðnu ástandi – sem er öllum kunnugt sem lesið hafa bókina hans Andra Snæs og fylgst með fréttum. Það eru kosningar á næsta leiti, um næstu helgi verður kosið um stækkunina í Straumsvík og í vor verða umhverfismálin ofarlega í hugum kjósenda. Leikhúsið getur verið máttugt tæki, sannfæring aðstandenda sýningarinnar er augljós og ásetningur þeirra skýr. Orðin eru þó eins og fengin að láni því bókin er alltaf „á bak við“ og ég varð ekki vör við tilraunir til þess að skapa sjálfstætt verk úr þessum efnivið.

Vitanlega mátti skella upp úr öðru hverju, kómísk innslög Hjálmars Hjálmarssonar og Magneu Valdimarsdóttur voru til að mynda kærkomin uppábrot. Á öðrum stundum hríslaðist fátt um mann annað en aumingjahrollur og þegar Megas byrjaði að syngja yfir re-mix af lagi Guðmundar Magnússonar var mér líka allri lokið. Umgjörðin er í litlu samhengi við textann, framúrstefnuleg og flott á að líta en að sama skapi óhöndug. Búningarnir voru eins og náttföt með tilviljanakenndum málningarslettum – ábyggilega þægilegur klæðnaður en ég veit ekki hvaða tilgangi þau áttu að þjóna. Vídeóvélar voru ofnotaðar í sýningunni og varpanir á baktjaldið eins og illa heppnaðar, texti þar ógreinilegur og myndgæði fyrir neðan allar hellur.

Hér á landi er hvorki rík hefð fyrir pólitísku leikhúsi né heimildaleikhúsi og listamenn hafa löngum tönglast á því að þeirra hlutverk sé ekki að predika heldur „spyrja spurninga“ eða skapa „innlegg í umræðuna“. Boðandi list getur þannig ekki talist móðins hér á landi þótt mörg verk hafi verið stimpluð sem ádeilur. Ég fagna því að leikhúsfólk stígi fram og beiti sér í þjóðmálaumræðunni en framlag þetta sýnir að mínu mati hvorki málefninu, miðlinum né frumtexta sínum sóma. Ég vildi óska þess að þetta ágæta fólk hefði fremur farið í upplestrarferð með Draumalandið heldur en að sóa orku sinni í að smíða úr því svo gallaða leiksýningu.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**

**LEIKLIST**

**Draumalandið**

Byggt á samnefndri bók Andra Snæs Magnasonar.

Hafnarfjarðarleikhúsið

**Handrit og leikstjórn**: Hilmar Jónsson / **Dramaturg**: Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann / **Leikmynd**: Ásdís Sif Gunnarsdóttir / **Tónlist**: Hilmar Örn Hilmarsson / **Lýsing** Garðar Borgþórsson/ **Leikarar**: Erling Jóhannesson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Hjálmar Hjálmarsson, Magnea Björk Valdimarsdótir, Sóley Elíasdóttir og Sólveig Arnarsdóttir.

★

Meiri lobbýismi en leikhús.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

24 25 26 **27** 28 29 30

**Þriðjudagur**

### FYRIRLESTRAR

12.00 Bandaríski fræðimaðurinn **Dick Ringler** fjalla um þýðingar á verkum **Jónasar Hallgrímssonar** og hvernig og hvort sé hægt að þýða form og merkingu skáldskaparins yfir á ensku. Fyrirlesturinn verður haldinn í stofu 132 í **Öskju** við **Sturlugötu**.

12.00 **Rachael Lorna Johnstone**, lektor Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, heldur fyrirlestur á **Lögfræðitorgi** skólans og fjallar um úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag um fjöldamorðin í Bsoníu. Fyrirlesturinn flytur hún í stofu 201 á **Sólborg** við **Norðurslóð**.

12.10 **Hver vegur að heiman er vegurinn heim. Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir** sagnfræðingur veitir leiðsögn um grunnsýningu **Þjóðminjasafns Íslands** en að þessu sinni verður gengið milli gripa sem Danir færðu Íslendingum í tilefni þúsund ára **afmælis** Alþingis árið **1930**.

### BÆKUR

20.00 **Skáldaspírukvöld** í **Eymundsson**. Skáld kvöldsins er **Baldur Óskarsson** sem fékk lofsamlega dóma fyrir síðustu ljóðabók sína **Endurskyn**. Hann mun lesa úr henni sem og úr óbirtu handriti. Gestir mega taka með sér veitingar frá Te og Kaffi en geta einnig setið í kaffihúsinu og hlýtt á lestur þaðan.

### KVIKMYNDASÝNINGAR

20.00 **Goethe-stofnunin** á Íslandi sýnir myndina **Klassenfahrt** frá 2002. Leikstjóri er **Henner Winckler** en sýningin fer fram í **Fyrirlestrarsal Lands- og Háskólabókasafnsins**. Myndin er sýnd með þýsku tali og enskum texta. Aðgangur ókeypis

### SÝNINGAR

11.00 Sýning á verkum færeyska málarans **Zacharias Heinesen** stendur yfir í **Hafnarborg**. Sýningin ber heitið **ZH 06** og var sett upp í **Listahöllinni** í **Þórshöfn** í fyrra. Sýningunni lýkur 9. apríl.

12.00 í **Listasafni Akureyrar** stendur yfir ljósmyndasýningin **Augliti til auglitis**. Fjórtán franskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni en markmið hennar er að veita innsýn í hvernig myndlistarmenn nútímans nota miðil ljósmyndarinnar. Sýningarstjóri er **Isabelle de Montfumat** en sýningin er liður í frönsku menningarkynningunni **Pourquoi Pas?**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Draumalandið
*Leikverk byggt á metsölubók Andra Snæs Magnasonar*
Við hvað erum við hrædd?
MUNIÐ 2 FYRIR 1 UM HELGINA

Með miklum húmor og skemmtilegu innsæi ... ...tekst þessari sýningu að hlæja bæði að þeim sem eru með og þeim sem mótmæla stóriðjuvæðingu Íslands... notið tækifærið segi ég. *Martin Regal Mbl.*

Má vel ráðleggja þeim sérstaklega að sjá þessa sýningu sem ekki hafa lesið bókina, þeim mun verða dillað. Umgerðin er mögnuð og tónlistin áhrifarik.*Silja Aðalsteinsdóttir TMM.*

Sýningin er allt í senn stórskemmtileg, háalvarleg og hárbeitt. Ef þú ætlar bara einu sinni í leikhús á þessu ári sjáðu þá Draumalandið í Hafnarfjarðarleikhúsinu. *Þröstur Sverrisson*

Sýningin ... mun án efa geta hjálpað þeim (Hafnfirðingum) sem enn eru í vafa með að taka sína ákvörðun - og meira að segja á hvorn veginn sem er... *Silja Aðalsteinsdóttir TMM.*

takk, takk, takk, Hafnarfjarðarleikhús! *Ómar Ragnarsson*

… býsna áhrifamikil… á köflum dásamleg… einhver heillandi blær yfir þessari leikmynd. Smellpassar inní tíðarandann. *Þorgerður E. Sigurðardóttir Víðsjá*

Draumalandið – Tær snilld. *Sara Dögg Jónsdóttir*

HAFNARFJÖRÐUR
Landsbankinn
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði.
Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is



fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Krassandi ævisaga Angelinu Jolie

Ævisaga Angelinu Jolie er væntanleg í verslanir ytra eftir mánuð. Leikkonan fer yfir víðan völl í bókinni, sem heitir einfaldlega Angelina Jolie, og talar meðal annars opinskátt um kynlífsreynslu sína og sambandið við Jenny Shimizu.



**JENNY SHIMIZU** Jolie segir í bókinni að hún hefði viljað giftast Jenny Shimizu.

„Tiltölulega snemma fékk ég áhuga á ólíkum týpum: strákslegum stelpum, stelpulegum strákum. Mér finnst ég kvenleg og karlmannleg. Ég er sjálf með karlmannlega órólega sál,“ segir leikkonan í bókinni. Þar kemur fram að hún var farin að þreifa fyrir sér í sadómasókisma í kynlífinu strax fjórtán ára gömul. Þá skiptust Jolie og lagskona hennar á að skera hvor aðra, og kveðst Jolie bæði hafa verið undirgefin og drottnandi í sambandinu.

Jolie kynntist Jenny Shimizu við tökur á myndinni Foxfire og átti við hana samband í mörg ár. Jolie segir í bókinni að það hafi komið sér á óvart þegar hún varð ástfangin af Shimizu. „Ég vildi bara kyssa hana og snerta. Ég uppgötvaði að ég horfði á hana eins og maður,“ segir Jolie, sem kveðst hafa viljað giftast Shimizu.



**VILLIDÝR?** Í fyrsta skipti sem Jolie og Pitt deildu rúmi héldu lífverðir þeirra að villidýr hefði ráðist á leikaraparið sökum óhljóðanna.

Jolie segir að auki frá því þegar hún og Brad Pitt sváfu saman í fyrsta sinn, á strandhóteli í Kenýa. Þegar parið var í miðjum klíðum komu lífverðir þeirra hlaupandi inn í herbergið. Þeir héldu að villidýr hefði ráðist á parið sökum ólátanna sem þaðan bárust.

Samband Jolie við bróður sinn hefur vakið mikið umtal, eins og ósætti hennar við föður sinn, Jon Voight. Ekki er vitað hvort Jolie tjáir sig um þau mál í bókinni.



**KRASSANDI** Angelina fer um víðan völl í væntanlegri ævisögu sinni með sama nafni.





2 DAGA REYNSLUAKSTUR SUBARU LEGACY*

Það er algengt að fólk ánetjist Subaru, enda eiga öryggið, þægindin og aksturseiginleikarnir sér enga hliðstæðu. Þess vegna lánum við þér bílinn í allt að 48 klst. þegar þú kemur í reynsluakstur. Aktu í vinnuna, skutlaðu krökkunum í skólann, verslaðu og heillaðu þína nánustu. Upplifðu Subaru við þínar aðstæður.
– Passaðu bara að gleyma ekki að skila honum.

Pantaðu 2 daga reynsluakstur í síma 525 8088

* SJÁ SKILMÁLA Á WWW.SUBARU.IS ** Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði og sérkjör hjá Glitni

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

GLITNIR FJÁRMÖGNUN



Sedan verð frá 2.490.000,- Bílasamn. Glitnis** 30.243,-
Wagon verð frá 2.640.000,- Bílasamn. Glitnis** 32.049,-




**SKELLTI SÉR Í VAX** Scarlett Johansson fór í brasilískt vax á dögunum.

# Scarlett í brasilískt vax

Leikkonan Scarlett Johansson skellti sér í brasilískt vax á dögunum. Scarlett segir í viðtali við tímaritið Hot Stars að hún hafi ákveðið að prófa þetta eftir að hafa heyrt svo marga tala um vaxið. Brasilískt vax felur í sér að öll líkamshár eru fjarlægð af viðkvæmustu líkamshlutum kvenna og svæðinu þar í kring. „Ég var ein taugahrúga,“ segir Scarlett um þessa upplifun. Hin 22 ára leikkona vakti mikla athygli á snyrtistofunni þegar hún mætti í vaxið. „Starfsfólkið gat ekki hætt að horfa á glæsilegan vöxt hennar,“ sagði heimildarmaður blaðsins.



**EIVÖR PÁLSDÓTTIR** Eivör sigraði í lagakeppni Norðurlandahússins í Færeyjum.

# Eivör sigraði

Eivör Pálsdóttir var sigurvegari í lagakeppni sem Norðurlandahúsið í Færeyjum blés til á meðal færeyskra tónlistarmanna í tengslum við tónlistarhátíðina Atlantic Music Event, sem verður haldin í Færeyjum, Íslandi, Danmörku og líklega á Englandi á þessu ári. Hérlendis verður hátíðin haldin á Nasa næstkomandi laugardag.

Sigurlagið heitir Grát ei og hlaut Eivör að launum veglega peningaupphæð. Í öðru sæti hafnaði fyrrum félagi Eivarar í hljómsveitinni Clickhaze, Jens L. Thomsen með lagið Í Fjöllini standa úti. Hægt er að hlusta á lögin á heimasíðu Atlantic Music Event og öll lögin sem kepptu til úrslita má heyra á myspace-síðu hátíðarinnar.



**JENNA JAMESON** Lepur líkast til ekki dauðann úr skel. Jenna er ein af best launuðu klámmyndaleikkonum í heimi.

# 700 milljónir í klám á tímann

**Andstaðan við klám fer vaxandi hér á landi og víðar. En svo virðist sem þessi andstaða eigi við ofurefli að etja ef marka má niðurstöður vefsíðunnar Top Ten Reviews.**

Samkvæmt fréttavef Ekstra Bladets er 700 milljónum eytt í klám á hverri klukkustund um allan heim. Þetta þýðir að á hverri sekúndu fara í kringum 200 þúsund íslenskar krónur á hverri sekúndu í eitthvað sem tengist klámiðnaðinum beint eða óbeint. Og það sem meira er; þessar tölur fara síst lækkandi heldur hækka ef eitthvað er. Heimsveltan á klámi, hvort sem það er á netinu eða sölu mynda, er því í kringum sex þúsund milljarðar íslenskra króna.

Hvergi er framleitt jafn mikið af klámi og í Bandaríkjunum. Tæplega níutíu prósent allra klámsíðna eru bandarískar og frá bandarískum klámframleiðslufyrirtækjum koma fleiri klámmyndir en framleiddar eru í nokkru öðru landi. Titlunum fjölgar með ári hverju en árið 2005 voru til að mynda framleiddar fimmtán þúsund klámmyndir í Bandaríkjunum en árið þar áður voru rúmlega tíu þúsund titlar gefnir út. Þessi ört vaxandi útgáfa helst þó ekki í hendur við þá staðreynd að sala á myndböndum hefur dregist lítillega saman.

Breskur klámiðnaður er sagður vera í hvað mestum vexti á netinu og frændur okkar í Svíþjóð og Danmörku halda uppi merkjum klámsins á Norðurlöndum en löndin tvö eru meðal tuttugu öflugustu klámmyndaframleiðenda í heiminum. Á toppnum tróna enn sem fyrr Bandaríkin en fast á hæla þeirra fylgja lönd á borð við Brasilíu og Holland.

freyrgigja@frettabladid.is

# Góðir taktar Ólafar

Tónlistarkonan Ólöf Arnalds hélt útgáfutónleika á Nasa fyrir skömmu til að kynna sína fyrstu sólóplötu, Við og við. Platan hefur hlotið fínar viðtökur og þykir Ólöf sýna þar mjög góða takta.

Ólöf spilaði plötuna í heild sinni á tónleikunum og naut við það hjálpar fjölmargra tónlistarmanna. Á meðal þeirra voru Róbert Sturla Reynisson, Kjartan Sveinsson og Eiríkur Orri Ólafsson.

Framundan hjá Ólöfu eru tónleikar í Danmörku á vegum 12 Tóna og á listahátíð í Kanada sem er tileinkuð íslenskum listamönnum.



**ÓLÖF ARNALDS** Ólöf spilaði lög af sinni fyrstu sólóplötu, Við og við. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**VINKONUR** Vinkonurnar Sigga og Berta létu sig ekki vanta á útgáfutónleikana.



**TIMON OG TERESA** Þau Timon og Teresa mættu á Nasa til að hlýða á Ólöfu og föruneyti hennar.



**FÉLAGAR** Félagarnir Pétur Ben, sem hefur getið sér gott orð sem tónlistarmaður, og Óttar mættu á svæðið.



**BROSMILDAR** Ingibjörg, Sif og Steinunn Ósk voru brosmildar á tónleikunum.


MANNRÉTTINDI



## MANNRÉTTINDASAMNINGAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA. ÁHRIF ÞEIRRA, FRAMKVÆMD OG TENGSL VIÐ MANNRÉTTINDASÁTTMÁLA EVRÓPU.

THE UN COVENANTS ON HUMAN RIGHTS; EFFECTIVENESS OF IMPLEMENTATION, METHODS AND RELATIONSHIP WITH THE EUROPEAN CONVENTION ON HUMAN RIGHTS.

Ráðstefna Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands

**Norræna húsið, mánudaginn 2. apríl kl. 13.30**



13.30 Ráðstefnan sett.

13.35 Ávarp utanríkisráðherra, **Valgerðar Sverrisdóttur.**



13.45 **Francoise Hampson,** prófessor við lagadeild Essexháskóla og sérfræðingur í undirnefnd Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna: **Gagnsemi Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga.**
The effectiveness of the UN implementation system for international human rights obligations.





14.15 **Elisabeth Palm,** sérfræðingur í Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, fyrrum dómari við Mannréttindadómstól Evrópu: **Tengsl alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg- og stjórnmálaleg réttindi og Mannréttindasáttmála Evrópu.**
The interrelationship between the UN Covenant on Civil and Political Rights and the European Convention on Human Rights and interpretation methods.



14.45 Kaffihlé.

15.15 **Eivind Smith,** prófessor við lagadeild Óslóarháskóla: **Er lögfesting nauðsynleg til að tryggja innleiðingu samninganna í landsrétt? Reynsla Norðmanna.**
Incorporation of the Covenants into national law – A necessary condition for their implementation? Experience from Norway.



15.45 **Björg Thorarensen,** prófessor við lagadeild Háskóla Íslands: **Samspil stjórnarskrárbundinna mannréttinda og réttinda sem tryggð eru í samningum Sameinuðu þjóðanna frá 1966.**
The interplay between Constitutional rights and Covenant rights.



16.15 **Pallborðsumræður.** Þátttakendur verða auk fyrirlesara: Ragnar Aðalsteinsson, hæstaréttarlögmaður og Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

17.00 **Ráðstefnuslit.**



**Fundarstjóri: Brynhildur G. Flóvenz,** lektor við lagadeild Háskóla Íslands og stjórnarformaður Mannréttindaskrifstofu Íslands.

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

MANNRÉTTINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
www.hi.is

**Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.**
Boðið verður upp á léttar veitingar.
**Öll erindi á ráðstefnunni verða flutt á ensku.**
Utanríkisráðuneytið styrkir ráðstefnuna.

Utanríkisráðuneytið








# Vel sykrað popp



**TÓNLIST**

**Life in Cartoon Motion**

Mika

★★★

Mika er hæfileikaríkur, en þó að hér séu nokkur fín lög þá á hann enn eftir að skapa sér eigin stíl.

Það er óhætt að segja að tónlistarmaðurinn Mika hafi fengið óskabyrjun á ferlinum. Smáskífulagið Grace Kelly er sennilega vinsælasta lagið í heiminum það sem af er ársins 2007 og fyrsta stóra platan hans Life In Cartoon Motion er ein af mest seldu plötunum. Mika, sem heitir réttu nafni Michael Holbrook Penniman, er fæddur í Beirút, sonur líbanskrar móður og bandarísks föður. Hann ólst upp í París og London.

Tónlistin á Life In Cartoon Motion er vel sykrað popp, fjörlegt og oft með stórum útsetningum. Henni hefur réttilega verið líkt við tónlist Queen, Elton John og Scissor Sisters. Söngur Mika, sem fer létt með að syngja bæði á lágu nótunum og í mjög hárri falsettu, minnir mikið á Freddie Mercury og Jake Shears, söngvara Scissor Sisters. Það eru mörg ágæt lög á plötunni. Grace Kelly er auðvitað ómótstæðilegt, en Lollipop, Any Other World, Stuck In The Middle og falda aukalagið Over My Shoulder eru líka flott.

Það fer ekkert á milli mála að Mika hefur mikla hæfileika. Gallinn við plötuna er samt að stundum minnir hún of mikið á áhrifavaldana. Verst finnast mér þau lög sem hljóma nákvæmlega eins og Scissor Sisters. Þetta á við um lögin Love Today, Relax (Take It Easy) og Big Girl (sem er reyndar eins og sambland af Scissor Sisters og Fat Bottomed Girls með Queen).

Á heildina er þetta ágætlega heppnuð frumraun frá efnilegum listamanni sem á eftir að vaxa með næstu plötum ef honum tekst að losna undan áhrifavöldunum og skapa sér sinn eigin stíl.

**Trausti Júlíusson**


Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild



## Viltu leggja lið í 3-12 tíma á mánuði?

## Við óskum eftir sjálfboðaliðum!

**Verkefni m.a:**

- **Konukot,** næturathvarf fyrir heimilislausar konur: Kl. 19:00-23:00
- **Sölubúðir á sjúkrahúsum:** 2-4 tíma vaktir, á daginn, kvöldin eða um helgar
- **Heimsóknarþjónusta:** Samvera í 1 og ½ tíma á viku

Starf Rauða krossins um heim allan byggir fyrst og fremst á starfi sjálfboðaliða.
**Þú ert velkomin / velkominn í hópinn.**

Nánari upplýsingar í síma **545 0408** (sjalfbodamidlun@redcross.is)
og á www.redcross.is/reykjavik

**Margt smátt gerir eitt stórt!**

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**



## HÁMARKAÐU AFKÖSTIN MEÐ TOK

Einfaldar og traustar lausnir skipta máli í mínum rekstri. TOK bókhaldskerfið er þægilegt í notkun auk þess sem hægt er að bæta við kerfiseiningum eftir þörfum. Það tryggir mér örugga úrvinnslu á bókhaldi og gerir mér kleift að einbeita mér að rekstrinum og tryggja hámarksafköst.

**Þórður Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri**
Nýja Sendibílastöðin hf.

TOK

HUGUR / AX VIÐSKIPTALAUSNIR

Ræddu við okkur um hvernig TOK hentar þér í síma 545 1000.

HugurAx Guðríðarstíg 2-4 www.tok.is












FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS

Frönsk- Kvikmyndahátíð 3.Mars Til 1. Apríl — Háskólabíó

| | | |
|---|---|---|
| THE GOOD GERMAN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 |
| 300. | kl. 6 - 8:30 - 11 | B.i.16 |
| MUSIC AND LYRICS | kl 8 | leyfð |

| | |
|---|---|
| MON PETIT DOIGT | kl. 5:40 |
| LADY CHATTERLEY | kl 5:40 - 9 |
| TELL NO ONE | kl 10:20 |
| HORS DE PRIX | kl 6-8 |
| BALKAN BAROQUE | kl 10:15 |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| WILD HOGS kl 3:40 - 5:50 - | 8 - 8:30 - 10:20 - 10:30 | B.i 7 | SMOKIN ACES | kl. 10:30 | B.i.16 |
| 300. | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 4 - 6:10 | Leyfð |
| 300. VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | | VEFURINN ... M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 5:50 - 8 | B.i.12 | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |
| MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| WILD HOGS | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | B.i.7 | |
| 300. | kl. 5:30 - 8 - 10:10 -10:30 | B.i.16 | DIGITAL |
| NORBIT | kl. 5:50 - 8 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 300 | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| NORBIT | kl. 8 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 10:10 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WILD HOGS | kl. 4 - 8 - 10:10 | B.i.7 |
| 300 | kl. 5:40 - 8 - 10:40 | B.i. 16 |

Skráðu þig á SAMbio.is

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


# Tvennir tónleikar Mezzoforte

Hljómsveitin Mezzoforte heldur tvenna tónleika í Nýja sal Borgarleikhússins í kvöld. Tilefni tónleikanna er upptaka á DVD-diski sem verður gefinn út víða um heim í haust, en Mezzoforte heldur upp á 30 ára afmæli sitt á þessu ári.

„Við erum með tíu manna band með okkur. Við erum loksins búnir að manna í allar stöður, sem hafa bara verið skipaðar á plötum hingað til,“ segir Eyþór Gunnarsson. „Við erum í hörkuformi og erum alltaf að spila úti um allt.“

Fram undan hjá Mezzoforte er tónleikaferð um Evrópu sem hefst um miðjan apríl. Á næsta ári stefnir sveitin síðan á að halda upp á 25 ára afmæli slagarans Garden Party, sem vakti heimsathygli á sveitinni. „Það er enn þá gaman hjá okkur, það má þakka fyrir það og við erum enn þá að heimsækja ný lönd,“ segir Eyþór. - fb


**MEZZOFORTE** Hljómsveitin Mezzoforte heldur tvenna tónleika í Borgarleikhúsinu í kvöld.


KYNNINGARFUNDUR UM HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU Í VIÐSKIPTAFRÆÐI

verður haldinn í dag kl. 17 í Ofanleiti 2, 3. hæð.




Háskólanám með vinnu (HMV) í viðskiptadeild HR er góður valkostur fyrir fólk sem hefur reynslu úr atvinnulífinu og vill stunda fullgilt nám í háskóla samhliða vinnu.

ÁVINNINGUR AF HÁSKÓLANÁMI MEÐ VINNU ER MARGÞÆTTUR:
- Þeir sem hafa lokið BSc-gráðu í HMV hafa 43% hærri laun en þeir höfðu áður en nám hófst.
- Um 33% hækkuðu sérstaklega í launum í tengslum við að útskrifast úr háskólanámi með vinnu.
- Um 45% þeirra sem hafa lokið HMV gegna stjórnunarstöðum í dag.

KYNNINGARFUNDUR UM HMV
verður haldinn í dag, þriðjudaginn 27. mars, kl. 17 í Ofanleiti 2, 3.hæð.

Forstöðumaður BSc-náms kynnir námið og fyrrverandi nemendur miðla af reynslu sinni og svara spurningum.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 www.hr.is



## Nám í Danmörku!

**Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.**

Odense Tekniske Skole heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 29. mars kl. 20.00 í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Margmiðlunarhönnun

Odense Tekniske Skole er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann.
Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

ErhvervsAkademiet ODENSE TEKNISKE SKOLE



## Gleðilegar ræstingar
– og farsælan vinnudag!



TASKI Swingo 1250 B
Hentar meðalstórum fyrirtækjum og stofnunum.
Raunhæf afköst 1250m²/klst

TASKI Swingo 450
Einstaklega lipur vél sem hentar vel þar sem er þröngt.
Raunhæf afköst 450m²/klst

TUNGLIÐ RV6226

Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar hjá RV

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

## > Átti ekki að hlúa að stóru mönnunum?

Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handknattleik, sagði í janúar að það vantaði stærri skyttur í íslenskan handbolta og lýsti eftir því að betur yrði hlúð að stóru mönnunum í boltanum á Íslandi. Alfreð getur eðlilega ekki fylgst vel með boltanum hér á landi en aðstoðarmaður hans ætti að geta greint honum frá því að í hans gamla heimabæ, Akureyri, er stór, stæðilegur og efnilegur strákur sem heitir Magnús Stefánsson. Alfreð var einmitt að lýsa eftir mönnum eins og Magnúsi og því hefði verið gaman að sjá hann fá tækifæri með landsliðinu í Frakklandi. Til að mynda í stað Andra Stefan sem hefur ekki beint verið í landsliðsklassa í vetur.



**sport**

sport@frettabladid.is

KOLBEINN SIGÞÓRSSON: SKORAÐI SEX MÖRK FYRIR 17 ÁRA LANDSLIÐIÐ SEM KOMST Í ÚRSLITAKEPPNI EM 2007

# *Síminn hefur ekki stoppað hjá stráknum*

Íslenska 17 ára landslið karla varð um helgina fyrsta landsliðið sem vinnur sér sæti í lokakeppni. Liðið vann sinn milliriðil um helgina og verður eitt af átta liðum sem keppa á EM í Belgíu 2. til 13. maí. HK-ingurinn Kolbeinn Sigþórsson skoraði sex mörk í þremur leikjum, þar af fernu í 6-5 sigri á Rússum í lokaleiknum. „Þetta var þvílíkt gaman og þessi leikur við Rússland var alveg rosalegur. Við vorum í neðsta styrkleikaflokki og það bjóst að ég held enginn við þessu," segir Kolbeinn sem skoraði öll fjögur mörkin sín í fyrri hálfleik. „Þetta voru engin pot. Ég fékk bara stungusendingar og kláraði þær. Þetta er hlutverk mitt í liðinu, að skora. Ég var ánægður með að skora. Ég náði ekki að skora í undankeppninni í Rúmeníu," segir Kolbeinn sem er ánægður með strákana í liðinu. „Það er mikil samheldni í liðinu. Lúka nær vel til okkar og nær upp mikilli stemningu. Hann á helling í þessu. Hann segir okkur vel til og kennir okkur mikið," segir Kolbeinn.

Það er mikill áhugi á Kolbeini og hann neitar því ekki. „Síminn hefur ekki stoppað mikið hjá mér," segir Kolbeinn sem segist ekki æsa sig mikið yfir þessu. „Ég ætla að stefna á það að fara út sem fyrst en kannski spila ég samt eitt tímabil heima. England og Holland eru mjög spennandi og kannski Spánn líka. Ég veit af áhuga liða frá bæði Hollandi og Englandi," segir Kolbeinn.



Arsenal-liðið og Thierry Henry eru fyrirmyndir Kolbeins í boltanum. „Ég er Arsenal-maður og styð þá. Það væri þvílíkur draumur að ná að spila einhvern tímann fyrir þá," segir Kolbeinn sem hefur farið út og æft með liðinu.

Kolbeinn er þegar farinn að spila með meistaraflokki og mörkin hafa ekki látið á sér standa. „Það hefur gengið mjög vel í meistaraflokknum, ég hef verið að skora og alveg staðið mig þokkalega. Það væri spennandi að spila eitt sumar í Landsbankadeildinni en það væri líka spennandi að fara út," segir Kolbeinn sem er ekkert að flýta sér og ætlar að taka allar ákvarðanir að vel athuguðu máli.


VANTAR ÞIG VANA IÐNAÐARMENN?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS


# Njarðvík er ekki ósigrandi

**Grindavík batt enda á 18 leikja sigurgöngu Njarðvíkur í gær. Eftir að hafa leitt með 30 stigum í hálfleik hafði Grindavík næstum klúðrað leiknum.**

**KÖRFUBOLTI** Staðan í rimmu Grindavíkur og Njarðvíkur er jöfn eftir fyrsti tvo leikina en Grindavík jafnaði metin á heimavelli í gær. Í mjög svo sveiflukenndum leik fóru heimamenn með sjö stiga sigur af hólmi, 88-81.

Heimamenn mættu mikið mun betur stemmdir til leiks og tóku frumkvæðið strax í upphafi. Þeir hreinlega keyrðu yfir værukæra Njarðvíkinga sem voru ekki tilbúnir í slaginn. Igor Beljanski hélt Njarðvík á floti í fyrsta leikhlutanum en munurinn var 12 stig, 25-13. Beljanski skoraði 11 af 13 stigum Njarðvíkur í leikhlutanum.

Hinum megin fór Adam Darboe mikinn í grimmu liði heimamanna, einnig með 11 stig.

Grindvíkingar gáfu ekkert eftir í öðrum leikhluta heldur héldu áfram að þjarma að nágrönnum sínum sem vissu ekki sitt rjúkandi ráð. Þegar munurinn var kominn í 22 stig, 38-16, var Einari Árna, þjálfara Njarðvíkur, nóg boðið og hann tók leikhlé.

Leikhléið skilaði nákvæmlega engu því Njarðvíkingar voru nákvæmlega jafn værukærir og slakir það sem eftir lifði hálfleiksins og munurinn í leikhléi var heil 30 stig, 56-26. Það var því fjall að klífa fyrir meistarana í síðari hálfleik.

Það var allt annað Njarðvíkurlið sem kom út úr klefanum eftir hlé. Þeir settu í kunnuglegan gír, Jóhann Ólafsson raðaði niður þristum og þegar munurinn var kominn í 18 stig, 63-45, tók Grindavík leikhlé. Ekki nema von þar sem leikmenn voru staðir og ragir. Öryggið sem einkenndi leik þeirra í fyrri hálfleik var horfið og Njarðvíkurhraðlestin var komin af stað.

Smá ró kom yfir Grindavík eftir hléið en Njarðvík hélt áfram að keyra á fullri ferð og þegar þriðji leikhlutinn var allur munaði aðeins 13 stigum á liðunum, 72-59.



**DANSKUR DAGUR** Adama Darboe átti stórleik með Grindavík í gær, skoraði 22 stig og gaf 9 stoðsendingar. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Ótrúleg frammistaða Njarðvíkur.

Lokafjórðungurinn var mjög spennandi enda héldu gestirnir áfram að minnka forskotið og fór um áhorfendur í Grindavík. Njarðvík náði mest að minnka muninn í þrjú stig, 84-81, en Grindavík brást ekki bogalistin á vítalínunni undir lokin og fagnaði sigri, 88-81.

„Þessi leikur var svart og hvítt. Við frábærir í fyrri en þeir í þeim seinni. Það kom smá skjálfti í mína menn undir lokin en við héldum þetta út sem betur fer," sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, í leikslok en honum var mikið létt. „Þetta var mikill sigur fyrir okkur enda gerðum við okkur að athlægi í Njarðvík í síðasta leik."

Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, var að vonum ekki kátur eftir leik enda fyrsta tap hans manna í langan tíma staðreynd.

„Við mættum ekki tilbúnir hér í dag. Spiluðum enga vörn og því var ekki von á góðu," sagði Einar en hann segir ekki alslæmt að hafa loksins tapað leik. „Ég held að tapið hafi góð áhrif og skerpi menn í framhaldinu. Ég held að menn mæti tilbúnir í næsta verkefni og þetta kemur ekki fyrir aftur," sagði Einar Árni.

**henry@frettabladid.is**

| GRINDAVÍK-NJARÐVÍK | 88-81 |
|---|---|

Stig Grindavíkur: Adama Darboe 22, Jonathan Griffin 21, Páll Kristinsson 14, Páll Axel Vilbergsson 10, Björn Steinar Brynjólfsson 12, Þorleifur Ólafsson 7.

Stig Njarðvíkur: Jóhann Árni Ólafsson 21, Igor Beljanski 21, Jeb Ivey 14, Friðrik Stefánsson 7, Guðmundur Jónsson 7, Kristján Rúnar Sigurðsson 6, Brenton Birmingham 5.


# Samstarf um aukið framboð á hollum matvörum

## Markaðssetning, vöruþróun og skammtastærðir

**Morgunverðarfundur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Lýðheilsustöðvar og Samtaka iðnaðarins, miðvikudaginn 28. mars 2007 á Hótel Nordica**

**Dagskrá**

8:30-8:40 **Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur fundinn**

8:40-8:55 **Stórir skammtar – ný viðmið?**
Anna E. Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar

8:55-9:15 **Vöruþróun - næring - hreyfing; stefna matvælaiðnaðarins**
Ragnheiður Héðinsdóttir, matvælafræðingur hjá Samtökum iðnaðarins
Heilsustefna Myllunnar, Iðunn Geirsdóttir, gæðastjóri Myllunnar

9:15-9:30 **Er árangursríkara að markaðssetja óhollar matvörur?**
Friðrik Larsen, markaðsfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík

9:30-9:40 **Skyndibitastaðir**
Hvað geta skyndibitastaðir gert til að bæta framboð á hollum mat?
Stefán Jóhannsson, gæðastjóri Subway Íslandi

9:40-10:00 **Pallborðsumræður**
Ragnheiður Haraldsdóttir skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Anna E. Ólafsdóttir forstjóri Lýðheilsustöðvar, Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Samtökum iðnaðarins, Guðrún E. Gunnarsdóttir formaður Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands, Friðrik Larsen lektor við Háskólann í Reykjavík

Skráning á www.lydheilsustod.is/skraning (vinsamlega takið fram heiti fundarins) og í síma 5 800 900.
Skráningu lýkur á hádegi þriðjudaginn 27. mars. **Enginn aðgangseyrir**
Húsið verður opnað klukkan 8:00 og morgunverður hefst klukkan 8:15
Fundarstjóri: Sigmar Guðmundsson sjónvarpsmaður

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
LÝÐHEILSUSTÖÐ www.lydheilsustod.is
SI Samtök iðnaðarins


Luis Aragonés, landsliðsþjálfari Spánverja, lítillátur fyrir leikinn gegn Íslandi:

# Ber mikla virðingu fyrir íslenska liðinu

**FÓTBOLTI** Íslenska knattspyrnulandsliðið mætir því spænska á Mallorca á morgun. Fréttablaðið kíkti í æfingabúðir spænska landsliðsins um helgina og heyrði hljóðið í landsliðsþjálfara Spánverja, Luis Aragonés.

„Ég ber mikla virðingu fyrir íslenska landsliðinu. Í dag þekkja orðið allir alla í fótboltanum jafnvel þó að höf og lönd skilji að og ég tel mig þekkja íslenska landsliðið mjög vel og ég veit að þeir þekkja vel til okkar.

Ég er vanur að spá mikið í andstæðinginn og svo höfum við leikið gegn þeim svo ég veit nokkurn veginn við hverju má búast. Íslendingarnir eru sterkbyggðir og þar standa þeir okkur framar en ég tel að við séum flinkari," sagði Aragonés.

Mikil pressa er á honum nú en gengi spænska landsliðsins í undankeppninni hefur valdið miklum vonbrigðum. Spænskir fjölmiðlar og fótboltaáhugamenn eru kröfuharðir á sína menn en háværar raddir hafa verið uppi um að Aragonés ætti að vera búinn að taka pokann sinn.

„Ég hef aldrei hugsað um það að hætta, ég ætla að koma liðinu í Evrópukeppnina. Það er mitt hlutverk og ég viðurkenni það fúslega að ef það tekst ekki mun ég líta á það sem mikinn ósigur á mínum ferli."

Um landsliðið sjálft segir hann að það sé ekki á meðal þeirra fimm bestu í heiminum og í raun hafi það ekki yfir neinum súperstjörnum að státa eins og Ronaldinho, Messi eða Eto´o.

„Ef við hefðum eins og tvo slíka værum við meðal þeirra fimm bestu. Við höfum á leikið í síðustu átta lokakeppnum heimsmeistarakeppninnar og það er eitthvað sem stórveldi eins og Frakkland getur ekki státað af." - jse



**LUIS ARAGONÉS** Gamla brýnið segir Spán ekki vera með eitt af fimm bestu landsliðum heims. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**PEYSUTOG** Það þarf oft að grípa til ýmsa bragða til þess að stoppa Tyson Patterson hjá KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iceland Express-deildirnar:

## Háspenna í þremur húsum

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppni Iceland Express-deildanna í körfubolta heldur áfram í kvöld. Snæfell tekur á móti KR í Stykkishólmi klukkan 20.00 í öðrum undanúrslitaleik liðanna í Iceland Express deild karla.

KR vann fyrsta leikinn 82-79 og hefur unnið alla leiki liðanna í vetur. Í kvennakeppninni er komið að þriðja leik í báðum einvígum en staðan er 1-1 á báðum stöðum. Haukar taka á móti ÍS á Ásvöllum og Grindavík sækir Keflavík heim en konurnar hefja leik klukkan 19.15. - óój

Styttist í fótboltasumarið:

## Aðalfundur hjá KR-klúbbnum

**FÓTBOLTI KR-ingar eru stórhuga fyrir sumarið og þeir byrja að stilla saman strengi sína í kvöld þegar aðalfundur KR-klúbbsins verður haldinn í félagsheimili KR. Fundurinn hefst klukkan 20.**

**Teitur Þórðarson mætir á svæðið ásamt leikmönnum og fer yfir málin með stuðningsmönnum.**

Iceland Express-deild kvenna:

## Svandís fótbrotnaði

**KÖRFUBOLTI** Það er hart barist í kvennakörfunni og ekkert gefið eftir. Svandís Sigurðardóttir, leikmaður ÍS, varð fyrir því óláni að fótbrotna, í öðrum leik ÍS og Hauka í undanúrslitum Iceland Express deildar kvenna á sunnudagskvöldið.

Þetta gerðist strax eftir 5 mínútur þegar brotið var á Svandísi þegar hún keyrði upp að körfunni. Hún verður ekkert meira með í vetur sem er mikill missir fyrir stúdínur. - óój


www.ellingsen.is

# Browning-dagar

í Ellingsen 27. mars til 4. apríl

BROWNING

Himinn og haf / SÍA

Glænýir A-Bolt-veiðirifflar frá Browning í mismunandi útfærslum og hlaupvíddum á frábæru verði.
Allar Browning-haglabyssur eru á sérstöku tilboðsverði.
Einnig bjóðum við aukahluti, s.s.þrengingar, byssupoka, húfur, boli o.fl. með 25% afslætti.
Kynnið ykkur riffilpakkana frá Browning með ásettum sjónaukum (sjá www.ellingsen.is).

Veiðirifflar

A-Bolt Hunter Cal. 223, 22-250, 243 & 270WSM
Verð 99.900 kr.
Tilboð 84.915 kr.

A-Bolt Stainless Cal. 223, 243 & 308
Verð 114.9000 kr.
Tilboð 97.665 kr.

A-Bolt Composite Cal. 222, 243 & 308
Verð 92.900 kr.
Tilboð 78.965 kr.

Haglabyssur

B525 tvíhleypa y/u 12/76
Verð 243.900 kr.
Tilboð 207.315 kr.

Gold Sup Light 3,5"
Verð 138.216 kr.
Tilboð 110.572 kr.

Fusion 20ga
Verð 147.900 kr.
Tilboð 110.925 kr.

Phoenix Hunter
Verð 114.900 kr.
Tilboð 97.665 kr.

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • Póstsendum um allt land
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630

Ellingsen
– fullt hús ævintýra





# Hvernig er hægt að gefa 50% afslátt af nýrri vöru?

Ef varan er ný, þá hefur hún aldrei verið seld áður og þar með aldrei verðmerkt. Hvernig er hægt að auglýsa 50% afslátt af verði sem aldrei hefur verið til? Múskó-væðing viðskiptalífsins fer illa með neytendur.
**Skoðaðu málið á musko.is**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

## JAMES SPADER



Áður en James nældi í fyrsta hlutverkið vann hann við hvað sem var til að framfleyta sér; þreif borð á veitingastöðum og kenndi jóga. Hann lék að mestu í sjónvarpsmyndum en varð svo hluti af hinu vinsæla Brat Pack-liði. Frammistaða hans í kvikmyndinni Sex, Lies and Videotape árið 1989 fékk lof gagnrýnenda og vann hann Gullpálmann á Cannes sem besti karlleikarinn. James var kvæntur Victoriu Spader, sem var sviðsmyndahönnuður í Sex, Lies and Videotape, í sautján ár og á með henni tvö börn. James leikur í The Pentagon Papers á Stöð 2 Bíó kl. 22.10.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** KAREN D. KJARTANSDÓTTIR FYLGIST BARA MEÐ ALVÖRU HEIMSENDASPÁM

## *Þetta gengur ekki endalaust*

Það minnast þess margir með gleði þegar fyrsti Lost-þátturinn fór í loftið. Persónurnar voru forvitnilegar og fléttan svo spennandi að ég man ekki eftir að hafa upplifað jafn ærandi hjartslátt í kyrrstöðu. Seríurnar eru nú orðnar þrjár og enn er ég engu nær um þessa ágætu þáttaröð. Tilfinningar mínar í garð þáttanna eru farnar að minna mig á upplifanir mínar á því að falla á reykbindindi. Hugurinn getur blekkt og fyrr en varir verður maður sannfærður um að allt verði betra eftir einn þátt í viðbót, eða eina sígarettu í viðbót ef því er að skipta. Vonbrigðin verða þó alltaf jafn sár og ófullnægjan jafn mikil.

Þolinmæði mín fyrir spennandi sjónvarpsefni er á enda. Ég get ekki endalaust látið félagana í Prison Break eða Lost draga mig um á asnaeyrum. Hversu lengi getur maður undrast furður á eyðieyju án þess að fá nokkrar skýringar og hversu lengi getur maður verið á flótta og skemmt fólki heima í stofu.

Það sem kemur mér þó mest á óvart er tryggð þeirra sem féllu fyrir 24 á sínum tíma. Hve lengi getur maður horft á Kieffer Sutherland hlaupandi um í gervi leyniþjónustumanns, hins opinbera, Jacks Bauers, öskrandi með sprengjuregn í bakgrunni.



Hversu mörgum ógnum, sem steðja að bandarísku þjóðinni, er hægt að hafa gaman að. Helstu aðdáendur þáttanna hljóta vera orðnir taugaveiklaðir af sífelldum ótta við að eiturgasi og smitsjúkdómum verði sleppt yfir saklausa borgara af herskáum og grimmlyndum múslímum. Barátta vafasama fólksins við dulræn öfl á eyðieyjunni í Lost eru orðin trúverðugra efni en 24. Ekki að ég heillist helst af trúverðugu efni en það eru takmörk fyrir því hversu mikla vitleysu maður getur látið bjóða sér. Ekki gat ég fylgst með miðlinum með aflitaða hárið sem elti uppi drauga á breskum krám í tíma og ótíma í sjónvarpinu. Og enn síður vil ég fylgjast með hásri fyllibyttu berjast við bófa. sem ekkert þrá meira en heimsendi, svo árum skiptir. Frekar les ég Jóhannesarguðspjall eða horfi á Omega. Þar er nefnilega að finna hráefni þáttaraða á borð við 24.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** Everwood SJÓNVARPIÐ



▶ **19.40** The Simpsons STÖÐ 2



▶ **20.00** Home Room STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20** Da Ali G Show SIRKUS



▶ **21.00** Innlit / útlit SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**09.00 HM í sundi**
**11.00 Hlé**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Franklín** (67:78)
**18.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Everwood** (6:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni sem býr ásamt börnum sínum í Everwood.
**20.55 Ómur af Ibsen - Heljarstökk** (2:8) Norsk þáttaröð þar sem sagðar eru nútímasögur byggðar á verkum Henriks Ibsens.
**21.25 Síðasta sígarettan**
Finnskur þáttur þar sem fylgst er með hálffimmtugum manni fyrstu dagana eftir að hann hættir að reykja.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Rebus lögreglufulltrúi - Svarta bókin** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ian Rankin um John Rebus rannsóknarlögreglumann í Edinborg. Meðal leikenda eru Ken Stott, Robert Cavanah, Claire Price og Jennifer Black. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.35 Njósnadeildin** (8:10)
Breskur sakamálaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**00.30 Kastljós**
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:05 Home Room**
**08:15 A Cinderella Story**
**10:00 Not Without My Daughter** (e)
**12:00 To Walk with Lions**
**14:00 A Cinderella Story**
**16:00 Not Without My Daughter** (e)
**18:00 To Walk with Lions**
▶**20:00 Home Room**
Dramatísk kvikmynd um hörmulegan atburð í miðskóla þar sem níu létust í skotárás. Bönnuð börnum.
**22:10 The Pentagon Papers**
**00:00 U.S. Seals II**
**02:00 Taking Lives**
**04:00 The Pentagon Papers**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
(Best Pizza In America)
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race** (5:14)
**10.50 Whose Line Is it Anyway? 5**
**11.15 Sisters**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront**
**13.55 Las Vegas** (9:23)
**14.35 What Not To Wear** (4:5)
**15.35 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.55 Horance og Tína**
**16.18 Shin Chan**
**16.43 Nornafélagið**
**17.08 Taz-Mania 1**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
▶**19.40 The Simpsons** (19:22)
**20.05 The Apprentice**
Nú eru 12 keppendur eftir og í kvöld reynir á tónlistarhæfileika þeirra þegar þeir spreyta sig á auglýsingastefjagerð.
**20.50 Prison Break** (20:22)
**21.35 Shark** (13:22)
Nýir bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs.
**22.20 The Unit** (13:13)
Lokaþáttur þáttaraðar sem fjallar um störf leynilegrar úrvalssveitar innan bandaríska hersins.
**23.05 Twenty Four** (10:24)
Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Stranglega bönnuð börnum.
**23.50 Nip/Tuck** (12:15)
**00.40 Cold Case** (11:24)
**01.25 Crossing Jordan** (18:21)
**02.10 Chasing Papi**
**03.45 Hvítir mávar**
**05.05 Fréttir og Ísland í dag**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (7:24) (e)
**19.55 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
▶**20.20 Da Ali G Show** Hinn eiturharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kasakstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno. Ferðast þeir um Bretland og Bandaríkin og taka viðtöl við alls kyns fólk, hvort sem það eru kennarar eða háttsettir embættismenn.
**20.50 Gene Simmons: Family Jewels**
**21.15 The Nine**
**22.00 American Idol** (22:41)
**23.25 American Idol** (23:41)
**23.45 Grey´s Anatomy** (17:22) Þættirnir gerast á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg og þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að flækjast fyrir þeim og gera þeim lífið ennþá erfiðara.
**23.45 Grey´s Anatomy** (17:22)
**00.30 Twenty Four - 2** (22:24)
**01.20 Insider**
**01.45 Dirty Dancing**
**02.30 Janice Dickinson Modeling Age** (e)
**03.00 Seinfeld (7:24) (e)**
**03.25 Entertainment Tonight (e)**
**03.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**14.55 Vörutorg**
**15.55 High School Reunion** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Snocross** Íslenskir snjósleðakappar í skemmtilegri keppni þar sem ekkert er gefið eftir. Keppendur þurfa að glíma við erfiðar brautir og keppnin hefur aldrei verið eins spennandi. Kraftur, úthald og glæsileg tilþrif frá upphafi til enda.
**20.00 Skólahreysti** (9:12) Grunnskólakeppni í fitnessþrautum.
▶**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess.
**22.00 Close to Home** (e) Lögfræðidrama af bestu gerð.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur.
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Heroes** (e)
**01.05 Jericho** (e)
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Beverly Hills 90210**(e)
**03.40 Melrose Place** (e)
**04.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**08.00 Ítölsku mörkin** Svipmyndir úr öllum leikjum síðustu umferðar í ítalska boltanum.
**17.00 Ítölsku mörkin** Svipmyndir úr öllum leikjum síðustu umferðar í ítalska boltanum.
**18.00 Reading - Portsmouth** (frá 17. mars)
**20.00 Fiorentina - Roma** (frá 18. mars)
**22.00 Wigan - Fulham** (frá 17. mars)
**00.00 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50
### Prison Break



Flóttinn úr rammgirtasta fangelsi Bandaríkjanna heldur áfram í þessari seinni þáttaröð af spennuþættinum vinsæla Prison Break. Í þætti kvöldsins eru bræðurnir Michael og Linc við það að tryggja frelsi sitt þegar allt fer úr skorðum og þeir neyðast til þess að hugsa málið upp á nýtt.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### ÓMUR AF IBSEN
### SJÓNVARPIÐ KL. 20.55

Ekko av Ibsen er norsk þáttaröð þar sem sagðar eru nútímasögur byggðar á verkum Henriks Ibsens. Í fyrra var öld liðin frá láti leikskáldsins og efndi þá Norska sjónvarpið til handritasamkeppni þar sem höfundar áttu að byggja verk sín að einhverju leyti á arfi Ibsens. Myndin í kvöld heitir Heljarstökk og er unnin upp úr Sólnes byggingameistara. Þar er sagt frá ástum eldri manns og ungrar stúlku í sirkus sem er á ferð í Finnmörku. Höfundur og leikstjóri er Lars Göran Pettersson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Hafa skáldin áhrif?
**20.50** Í heyranda hljóði
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.21** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.20 Iceland Expressdeildin 2007** (Grindavík - Njarðvík) Útsending frá öðrum leik Grindavíkur og Njarðvíkur í undanúrslitum Iceland Express deildarinnar.

**18.50 Arnold Schwarzenegger mótið** Yfir 11 þúsund keppendur tóku þátt í þessu móti og kepptu í fjölda greina, t.d. vaxtarrækt, hreysti, aflraunum, lyftingum og mörgu fleiru. Benedikt Magnússon var á meðal keppenda og stóð sig afar vel.

**19.20 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum og liðum auk þess sem farið er yfir mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

**19.50 Iceland Expressdeildin 2007** Bein útsending frá öðrum leik Snæfells og KR í undanúrslitum Iceland Express deildarinnar í körfuknattleik karla. Liðið sem fyrr vinnur þrjá leiki kemst í úrslitarimmuna gegn annað hvort Njarðvík eða Grindavík.

**21.45 PGA Tour 2007 - Highlights**

**22.40 World Supercross GP 2006-2007**

**23.35 Iceland Expressdeildin 2007 (Snæfell - KR)**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Kaj og Andrea **7.00** Postmand Per **7.15** Rubbadubbers **7.30** Rabatten **8.00** Italienske fristelser **8.30** Deadline 2. Sektion **9.00** Jersild & Spin **9.30** På jobjagt **10.00** Livet ombord **10.30** Vagn hos kiwierne **11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Grøn glæde **12.00** Ud i det blå **12.25** Aftenshowet **13.20** Arbejdsliv - find et job! **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Flemmings Helte **15.15** SPAM **15.30** Shin Chan **15.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **16.00** SportsNørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** Hammerslag **19.30** Dig og mig **20.00 TV** Avisen **20.25** Kontant Fedt, fyld og farvestof i børnemaden **20.50** SportNyt **21.00** Hvor kragerne vender **21.45** Columbo **23.20** Hitlers vej til magten **5.30** Karlsson på taget **6.00** Den lille prinsesse

## NRK 1

**10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt 1**1.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra M¢re og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra ¥stfold **14.00** Siste nytt **14.05** Lyoko **14.30** Duck Dodgers **15.00** Siste nytt **15.03** Dracula junior **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Fra loft og kjeller **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Konrad katt **17.10** Vennene på Solflekken **17.25** Magnus og Myggen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Brobygger i jungelen **19.25** Kroppen **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Utsyn: Når d¢den spiller med **23.20** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.50** Dee Dee Bridgewater fra jazzfestivalen i Juan-les-Pins **5.25** Frokost-tv

## SVT 1

**8.30** När gräsrötterna tar över **9.00** Skolfront **9.30** VeteranTV **10.00** Vetenskap - människan 2.0 **10.30** Livet & hälsan **11.00** Rapport **11.05** Cancerkriget **12.05** Rea **12.30** Amigo **12.55** Liberty Heights **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Les filles sont en marche! **16.30** Krokomax **17.00** Myror i brallan **17.30** Sagoberättaren **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport **19.00** Ordförande Persson **20.00** Höök **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Kobra **22.50** Stina! **23.50** Sändningar från SVT24 **5.00** Gomorron Sverige





Nordica hotel
Suðurlandsbraut 2
S. 444 5050
www.vox.is

VOX Restaurant
Opið þri.-lau.
18.30 - 22.30

VOX Bistro
Opið alla vikuna
11.30 - 22.30

VOX
RESTAURANT / BISTRO

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Það hefur oft dugað mér vel að fara á pylsubarinn í Hafnarfirði. Hann er rétt handan við hornið hjá Ráðhúsinu og bjargar oft illa höldnum manni."*

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði.

# Meiddist við eins metra fall

Frumsýningu á söngleiknum Gretti í Borgarleikhúsinu hefur verið frestað til 22. apríl eftir að aðalleikarinn, Halldór Gylfason, meiddist á baki við æfingar á laugardag. Ákvörðunin var tekin á fundi í Borgarleikhúsinu í gær, en frumsýna átti verkið næstkomandi föstudag. Eins og Fréttablaðið greindi frá felast nokkur líkamleg átök í hlutverki Halldórs í söngleiknum, og þarf hann meðal annars að láta sig falla úr fimm metra hæð. Það var þó ekki ástæðan fyrir bakmeiðslunum.

„Það er það fáránlega við það!," sagði Halldór. „Það er ekki eins og ég hafi meiðst við eitthvað svakalegt. Ég var að stökkva úr eins metra hæð niður á gólf, sem ég er búinn að gera hundrað sinnum. Ég hef bara lent eitthvað vitlaust og fengið hnykk á bakið," sagði Halldór, sem heldur nú kyrru fyrir heima að læknisráði. Hann kvaðst þó hafa það gott, eftir atvikum. Ákvörðun leikhúsmanna um frestun kom honum ekki á óvart. „Það er ekki hægt að æfa þegar ég er ekki. Það þarf tíma til þess að jafna sig og hann er bara svo naumur," sagði hann.

Þetta er ekki fyrsta óhappið sem Halldór hefur lent í í vetur. „Ég sleit hásin í nóvember og var í gifsi í tvo mánuði. Svo byrjaði ég að æfa og var búinn að ná mjög góðum bata í fætinum. Þá kemur þetta, allt í einu," sagði Halldór og dæsti. Hann var þó bjartsýnn á að ná bata. „Já, já, ég held að þetta eigi að jafna sig fljótlega," sagði leikarinn. - sun



**GERT AÐ BÍÐA** Álfrún Helga Örnólfsdóttir leikur ásamt fjölda annarra í söngleiknum Gretti, en leikhópurinn þarf nú að bíða rólegur eftir því að Halldór nái bata.



**FARINN Í BAKI** Halldór Gylfa meiddist við æfingar á söngleiknum Gretti á laugardag, með þeim afleiðingum að fresta þurfti frumsýningu.



**LÁRÉTT**
**2** umrót **6** ónefndur **8** óhreinka **9** tangi **11** belti **12** lægsta hitastig **14** krumla **16** í röð **17** fálm **18** kúgun **20** kyrrð **21** flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1** elska **3** samtök **4** súlur **5** frostskemmd **7** skrautplanta **10** sjáðu **13** neðan **15** frumeind **16** slím **19** stöðug hreyfing.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 rask, 6 nn, 8 ata, 9 nes, 11 ól, 12 alkul, 14 loppa, 16 hí, 17 pat, 18 oki, 20 ró, 21 raða.
**LÓÐRÉTT:** 1 unna, 3 aa, 4 stólpar, 5 kal, 7 nellika, 10 sko, 13 upp, 15 atóm, 16 hor, 19 ið.

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is

**JÚLÍUS KEMP:** FRAMLEIÐIR HRYLLINGSMYND MEÐ LORDI

# Íslensk leikkona í skrýmslamynd Lordi

„Við gerum ráð fyrir því að fá að skyggnast á bak við grímurnar hjá þeim," segir Júlíus Kemp en kvikmyndafélag Íslands, með þá Júlíus og Ingvar Þórðarson fremsta í flokki, verður meðframleiðandi hryllingsmyndarinnar Dark Floors: Lordi Motion Picture. Eins og nafnið gefur til kynna verður finnska skrímslasveitin Lordi áberandi í myndinni en liðsmenn hennar leika stórt hlutverk í myndinni auk þess að semja tónlistina við hana.

Lordi varð sem kunnugt er í fyrsta sæti í Eurovision-keppninni í fyrra og hefur notið mikilla vinsælda síðan. Hljómsveitin er nú á tónleikaferðalagi um Bandaríkin með þungarokksgoðinu Ozzy Osbourne og er hún með eindæmum vinsæl í Asíu og Evrópu. „Samkvæmt upphaflegri áætlun stóð til að þessi mynd yrði gerð í fyrra en henni var síðan frestað um eitt ár," segir Júlíus, kampakátur með samstarfið. „Nú er áætlað að tökur hefjist í byrjun maí og myndin verður síðan kynnt fyrir dreifingaraðilum með pompi og prakt á kvikmyndahátíðinni í Cannes 20. maí með tónleikum sveitarinnar," útskýrir framleiðandinn en myndin verður tekin upp í heimabæ hljómsveitarinnar, Oulu.



**LORDI** Verða í aðalhlutverki í kvikmyndinni Dark Floors: Lordi Motion Picture.

Að sögn Júlíusar er þetta ekki í fyrsta skipti sem þeir taka höndum saman við finnska framleiðendur Dark Floors, Solar Films, en þeir komu að gerð kvikmyndanna Strákanna okkar og Astrópíu sem frumsýnd verður í sumar. Töluverður fjöldi af íslensku starfsfólki verður við gerð myndarinnar en rúsínan í pylsuendanum er þó án nokkurs vafa aðalkvenhlutverkið sem verður í höndum íslenskrar leikkonu.

„Við erum að skoða nokkrar leikkonur um þessar mundir og það verða prufur nú um helgina," segir Júlíus en þær eru á aldrinum 25 til 30 ára. Júlíus vildi hins vegar ekki gefa upp hverjar þessar leikkonur væru. Hann sagði að þetta skýrðist allt eftir helgi og að enn væri möguleiki fyrir áhugasama að sækja um. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þó þrjár leikkonur þegar vakið athygli úti en þetta eru þær Ingibjörg Stefánsdóttir, Brynhildur Guðjónsdóttir og Laufey Elíasdóttir. „Og þetta verður mikil kynning fyrir þá leikkonu sem hreppir hnossið," útskýrir Júlíus. Myndin verður öll leikin á ensku og henni dreift um allan heim. Aðrir leikarar verða hins vegar bæði breskir og bandarískir.

Ef að líkum lætur verður þetta eitt stærsta verkefnið sem Kvikmyndafélag Íslands hefur tekið sér fyrir hendur. Áætlaður kostnaður við gerð myndarinnar er í kringum fimm milljónir dollara eða rúmar þrjú hundruð milljónir íslenskra króna. freyrgigja@frettabladid.is



**JÚLÍUS KEMP** Vonast til að fá að skyggnast á bakvið grímurnar hjá finnsku skrýmslasveitinni Lordi

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Baltasar Kormákur** kvikmyndaleikstjóri hefur verið að þreifa fyrir sér í Bandaríkjunum að undanförnu og mun tíminn leiða í ljós hvað kemur út úr því en Baltasar hefur meðal annars hitt B-myndakónginn **Wes Craven** í tengslum við hugsanlegt samstarf þeirra tveggja. Þegar menn vilja koma undir sig fótunum þar ytra eru menn ekki aðeins með umboðsmann heldur sérstakan lögmann sem sérhæfir sig í afþreyingariðnaðinum. Þegar Baltasar hitti sinn í fyrsta skipti spurði hann hvaða aðra skjólstæðinga lögmaðurinn sá hefði og svaraði lögmaðurinn þá hæglætislega: Jahh, **Peter Jackson** er til dæmis einn. Já, sagði Baltasar. Lord of the Rings og fannst nokkuð til koma en áttaði sig svo á því að þarna gildir að halda „cool-inu" og sagði: Jæja, þú hefur þá tvo stóra skjólstæðinga núna.



Til stóð að sveitapilturinn og stórstjarnan **Magni Ásgeirsson** kæmi fram til heiðurs **Einari Bárðarsyni** í Vetrargarðinum en Einar hélt upp á 35 ára afmæli sitt með miklum glæsibrag. Ekki varð þó af því en Magni þurfti að skjótast austur á föstudag til að vera við jarðarför á Borgarfirði eystra. Hann var ekkert að flýta sér í bæinn heldur bauðst til að gæta bús foreldra sinna, sem halda þar fimm hundruð kindur, meðan þau skruppu í aðra afmælisveislu en þá sem haldin var í Vetrargarðinum. Magni gaf á garðann á meðan og kenndi syni sínum Marinó, sem var með í för, réttu handtökin.



Vinkonurnar **Hanna Birna Kristjánsdóttir** borgarfulltrúi og **Ásdís Halla Bragadóttir**, forstjóri Byko, taka nú á því sem aldrei fyrr í Laugum. Þær stöllur fengu sér einkaþjálfara og sá veit sem er að slíkar drottningar þurfa að slaka vel á eftir æfingarnar. Af þeim sökum fengu þær sér kort í baðstofunni, eða montklefunum eins og þeir kalla klefana sem ekki hafa efni á þeim. -jbg/hdm



# Kogga og fartölva fyrir bestu glæpasöguna

„Kristinn glæpaforingi hér," svarar dularfull rödd þegar blaðamaður Fréttablaðsins slær inn tiltekið númer á símtækið sitt.

Kristinn Kristjánsson kennari hikar ekki við að titla sig glæpaforingja þegar svo ber undir enda teljast „glæpir" hans hinir ágætustu, í það minnsta þeir sem tengjast þessum titli. Hann fer fyrir hinu Íslenska glæpafélagi sem nú stendur fyrir sinni fjórðu glæpasagnasamkeppni. Frestur til að skila inn smásögu um glæp rennur út á miðnætti 1. maí. Næstkomandi. Glæpaforinginn segir veglleg verðlaun í boði fyrir bestu söguna eða sjálf Gaddakylfan, verk eftir listakonuna Koggu plús fartölva. Annað sætið gefur svo 30 þúsund krónur og þriðja tuttugu þúsund.

Kristinn segir svo frá að Glæpafélagið hafi verið stofnað árið 1999 á Grand Rokki og í húsi Gunnars Gunnarssonar. Til þurfti þrjá stofnfundi enda stóð mikið til. Eitt helsta markmið félagsins var að auka veg íslenskra glæpasagna. „Það hefur gengið svo vel að félagið er eiginlega orðið óþarft. En það sem við gerum í félaginu, auk þess að standa fyrir þessari glæpasagnakeppni, er að tilnefna framlag okkar til bestu norrænu glæpasögunnar – Glerlykilsins – sem Arnaldur hefur unnið tvisvar. Og nú er Ævar Örn Jósepsson okkar fulltrúi."



**GLÆPAFORINGINN KRISTINN** Vill engan hrylling heldur aðeins falleg morð.

Glæpasagnakeppnin er samstarfsverkefni félagsins og tímaritsins Mannlífs með fulltingi menningarbúllunnar Grand Rokks. Mannlíf birtir í sérstöku aukahefti júlítölublaðs bestu sögurnar. Glæpaforinginn veit ekki hversu margar sögur hafa borist nú þegar en segir þær að jafnaði vera 30 til 40, það er þegar þemað eru glæpasögur. En þegar efnt var til keppni um hryllingssögur bárust hins vegar tæplega 90 sögur.

„Þetta sýnir að menn eru draugahræddir. Þarna var til dæmis nútímaleg saga um Grýlu sem hakkaði í sig börnin. Algjör splatter. Ég var ekki í dómnefnd þá. Ég verð svo hræddur þegar ég les hrylllinginn. Ég vil bara falleg morð," segir Kristinn en ásamt honum í dómnefnd eru Þórarinn Þórarinsson og Helga Dís Björgúlfsdóttir. - jbg




# STÓRI SKÓMARKAÐURINN Í PERLUNNI

## Fjölbreytt vöruúrval - frábær verð!

**Dömu, herra og barnaskór í frábæru úrvali. Leðurstígvél, spariskór, sportskór, inniskór, útilífs skór, gúmmístígvél, ungbarnaskór, leðurtöskur, tautöskur, bakpokar, húfur, skyrtur, sokkar, barnagallar, regnhlífar, buddur ofl. ofl.**

## Nýjar og nýlegar vörur frá þekktum framleiðendum!

**Vagabond, Blend, Rebook, Skechers, Conway, Sanilet, Flexi footwear, Timeless, No Doubt, Sixty Seven, SixMix, SMS UK, Betty Blue ofl. ofl. Stök pör, tilboð dagsins.**

# EINFÖLD VERÐ

500.- 1000.- 2000.- 3000.- 4000.- 5000.- 6000.-

## Opnunartími

**Opið alla daga frá 12.00 til 18.00**

**Markaðurinn er á jarðhæð Perlunar frá fimmtudeginum 22. mars til sunnudagsins 1. apríl.**

**Komdu og gerðu skókaup ársins á stærsta skómarkaði landsins...**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


# *Forrest Gump og ég*

Síðasta haust gerði ég samning við sjálfa mig um að hlaupa 10 kílómetra í einni lotu á næstu menningarnótt. Sumum finnst það auðvitað algjört prump, þá væntanlega þeim sem sjálfir skreppa milli landshluta á fæti án þess að blása úr nös eða þá hinum sem hreyfa sig einkum milli ísskáps og sófa. Fyrir mig sem vill en ekki getur hljómaði vegalengdin sem mikils háttar afrek.

**UNDIRBÚNINGURINN** hófst af nokkrum krafti á haustmisseri en lognaðist út af í miðjum klíðum. Ég get hins vegar huggað æsta aðdáendur langhlaupa með því að æfingar eru hafnar á ný og nú með dálitlum framförum. Um helgina náði ég þeim merka áfanga í fyrsta sinn að langa ekki allan tímann til að leggjast niður í vegarkantinn og deyja.

**REYNDAR** sá ég dálítið eftir því að vera enn í eldgömlu hlaupaskónum sem hafa verið notaðir í alls kyns skítverk í mörg ár og eru dálítið götóttir. Vegna vatnsveðursins sem gekk yfir landið þennan sögulega dag skvampaði í þeim eiginlega allan tímann. Eiginmaður minn hélt því reyndar fram að það væri virkilega hollt að hlaupa svona blautur í fæturna en ég er í vafa. Með hann í hlutverki sérlegs þjálfara hef ég nefnilega fengið staðfestingu á áralöngum grun: Hið blíða yfirborð hans er blekking ein. Engin af þeim fjölmörgu afsökunum sem ég hef reynt á tímabilinu hefur virkað. Hann hlustar hvorki á rök um rigningu og rok eða hefur skilning á því þegar ég er dálítið þreytt. Heldur ekki eitthvað slöpp, aum í hægra hné eða með marblett á vinstri legg. Ekki búin að borða, fæddist fyrir tímann og er öruggglega enn með óþroskuð lungu, finn enga barnapíu. Alltaf tekst honum að skófla mér af stað, maðurinn er stálkrumla í flauelshanska.

**Á** meðan bóndi minn fjaðrar þetta léttilega eins og Forrest Gump tifa ég eins og kvalinn hamstur á eftir honum. Samt sem áður er mér alls ekki sama um hlaupastílinn en reyni allt hvað af tekur að virðast áreynslulaus og kúl þegar ég mæti öðru fólki. Hjá manneskju með alvarlega andarteppu og í tíu ára gömlum málningartúttum er það undarlegur hégómi. Hógværð og lítillæti eru einkenni hinna göfugu, hjá okkur hinum er summa lastanna sennilega alltaf sú sama.


www.volkswagen.is




Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

**Golf Trendline kostar aðeins 1.998.000 kr.**

**Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka:**

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

**10%**
vaxtaauki!

Kynntu þér málið á **spron.is**



spron